

 **Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

Úttekt á framkvæmd menningarsamninga árin 2011-2013

September 2013

Efnisyfirlit og inngangur

Efnisyfirlit og inngangur	1
Inngangur	2
Úttektaraðilar	2
Verkefnisaðferð, gögn og gagnaöflun	3
Almenn gagnaöflun	3
Sjálfsmatsskýrslur	3
Vinnustofur og vettvangsheimsóknir	3
Viðtöl	3
Viðhorfskönnun	3
Mat á framkvæmd menningarsamninga	4
Mat á framkvæmd menningarsamninga	4
Stefnumörkun og framkvæmd hennar	5
Efling samstarfs á sviði menningarmála	6
Nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu	6
Fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista	6
Menningarstarfsemi og samspil við ferðaþjónustu	7
Þróun fjármagns sem varið er til menningarmála á hverju svæði	7
Mat á meðferð og úthlutun fjármuna	8
Núverandi fyrirkomulag menningarsamninga og sóknaráætlanir landshluta	10
Viðhorfskönnun meðal styrkþega ársins 2012	11

Þróun menningarsamninga og uppbygging á hverju svæði	12
Vesturland	13
Vestfirðir	21
Norðurland vestra	29
Norðurland eystra	36
Austurland	43
Suðurland	51
Suðurnes	57
Viðhorfskönnun	63
Viðhorfskönnun meðal styrkþega ársins 2012	63
Heimildaskrá	69
Ritaðar heimildir	69
Viðtöl	69
Vinnufundir	70
Viðauki I - Sjálfsmatsrammi	73



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Inngangur

Skýrsla þessi inniheldur niðurtöður úttektar Capacent á framkvæmd menningarsamninga sem skilgreina og útfæra samstarf ríkis og sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu og fjárframlög beggja aðila til þeirra.

Úttektin afmarkast við framkvæmd gildandi menningarsamninga á árunum 2011-2013. Samningsaðilar eru mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti annars vegar og landshlutasamtök sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga á hverju svæði hins vegar. Menningarsamningar eru í gildi við sjö svæði og gilda til ársloka 2013.

Úttektin var unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið á tímabilinu apríl til september en í menningarsamningunum er sérstaklega kveðið á um að samræmdu árangursmati menningarsamninganna skuli lokið á árinu 2013.

Meginmarkmið úttektarinnar er að komast að raun um það hvort að menningarsamningar hafi:

1. Stuðlað að því að efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
2. Stuðlað að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
3. Stuðlað að fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista.
4. Leitt til þess að menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.
5. Leitt til þess að samningsaðilar, ríki og sveitarfélög, hafi varið meira fé en áður til menningarmála á hverju svæði sem samningur nær til.

Ennfremur er lagt mat á hvort verklag og vinnubrögð menningarráðanna séu í samræmi við menningarsamninga, hvort úthlutun fjármagns til verkefna sé í samræmi við markmið samninga og fyrirbyggjandi úthlutunarreglur og hvort skipan menningarráða sé í samræmi við ákvæði samningsins.

Í verkefninu var lögð áhersla á viðtækt samráð og gagnaöflun á hverju svæði fyrir sig. Fóru úttektaraðilar á öll svæðin og tóku viðtöl við menningarfulltrúa, fulltrúa í Menningarráðunum og kjörna fulltrúa. Einnig var leitað eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila á hverju svæði á vinnustofum og með gerð viðhorfskönnunar á meðal þeirra sem fengu úthlutað fjármunum í verkefni á árinu 2012.

Úttektaraðilar

Capacent starfar á sviði ráðgjafar, rannsókna og ráðninga. Við mótun og framkvæmd úttektarinnar var annars vegar unnið á grundvelli ákvæða verksamnings við verkkaupa. Hins vegar var unnið á grunni nálgunar sem miðar að því að ná til hagsmunaaðila með ólíkum hætti. Á þeim grunni verði síðan unnt að spegla ólík gögn saman og m.a. ganga úr skugga um það hvort að þau leiði fram sambærilega niðurstöðu.

Úttekt þessi var unnin af Arnari Jónssyni og Arnari Pálssyni, stjórnsýsluráðgjöfum á ráðgjafasviði Capacent en auk þeirra vann Sigríður Ólafsdóttir ráðgjafi á rannsóknasviði með ráðgjöfum að vinnslu úttektarinnar.

Verkefnisaðferð, gögn og gagnaöflun

Lögð var áhersla að sjónarmið sem flestra hagsmunaaðila í verkefninu kæmu fram. Við mótun úttektarinnar var því lögð áhersla á að gögn og upplýsingar kæmu að mestu frá svæðunum sjálfum og þeirra sem vinna að framkvæmd menningarsamninganna.

Sérstök áhersla var lögð á að leggja mat á áhrif og skilvirkni við framkvæmd ákvæða menningarsamninganna. Tilgangur þess er að svara því gagnvart samningsaðilum að hve miklu leyti þeim markmiðum sem að var stefnt hafi verið náð bæði faglega og fjárhagslega. Lögð var áhersla á að opna markvisst samtal úttektaraðila við fulltrúa samningsaðila þannig að aðilar unnu að því í sameiningu að svara þeim spurningum sem úttektin útheimtir.

Út frá framangreindu fengu úttektaraðilar möguleika á því að draga upp heildarmynd af framkvæmd samninganna ásamt því að draga fram þætti sem eru staðbundnir. Áhersla var lögð á að halda sérstaklega utan um staðbundna þætti með það að markmiði að draga fram jákvæðan lærdóm milli svæða þ.e. upplýsa um aðgerðir eða verkefni sem voru hugvitsamlega leyst á einu svæði en ekki tókst að leysa á öðru svæði.

Almenn gagnaöflun

Ráðgjafar rýndu ýmis fyrirbyggjandi skjöl eins og ársskýrslur og ársreikninga menningarráðanna, gildandi samninga og fyrri úttektir. Þau gögn voru m.a. nýtt til þess að undirbúa og útfæra þá gagnaöflun sem úttektin krafðist, þ.m.t. útfærslu matsviðmiða sem byggðust einnig á grunni afmörkunar mennta- og menningarmálaráðuneytis. Einnig var um að ræða stefnur og samþykktir menningarráða ásamt starfslýsingum menningarfulltrúa o.fl.

Sjálfsmatsskýrslur

Menningarráð á hverju hinna sjö svæða fengu í hendur sjálfsmatsramma þar sem matsviðmið komu fram byggð á markmiðskafla menningarsamninganna. Óskuðu úttektaraðilar að svæðin svöruðu spurningum eða legðu mat á staðhæfingar og birtu þannig sín viðbrögð í formi greinargerðar eða sjálfsmatsskýrslu. Áhersla var lögð á að menningarráðin rökstyddu svör sín með vísun í gögn og aðgerðir eða dæmum sem hægt var að sannprófa.

Matsviðmiðin voru 1) framkvæmd stefnu Menningarráðs, 2) samstarf á sviði menningarmála á svæðinu, 3) nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðapjónustu, 4) atvinnutækifæri á sviði menningar og lista, 5) menningarstarfsemi og ferðapjónusta og 6) ráðstöfunarfé til menningarmála.

Menningarráðunum var gert að rökstyðja svör og leitast við að gefa greinargóð dæmi um gögn og aðgerðir sem varpa ljósi á framkvæmd samninganna.

Með því að afhenda Menningarráðum sjálfsmatsramma var unnt að tryggja að hægt væri að bera gögnin (svæðin) saman.

Vinnustofur og vettvangsheimsóknir

Farið var í vettvangsheimsóknir á svæðin sjö þar sem skipulagðar voru vinnustofur með hagsmunaaðilum á hverju svæði. Á vinnustofunum var unnið á hringborði þar sem hver og einn fékk tækifæri til að nefna hvað hafi gengið vel í framkvæmd menningarsamninga og hvað hefði að þeirra mati gengið síður og hvort og þá hvað menn vildu sjá breytast í framtíðinni.

Úttektaraðilar leiddu umræður, vöktu athygli á afmörkuðum atriðum í sjálfsmatsskýrslum með það að markmiði að dýpka frekar á einstaka atriðum. Á vinnustofunum var leitast við að draga fram ólík sjónarmið og sannreyna mikilvægustu atriðin sem fram komu í sjálfsmatsskýrslum svæðanna. Úttektaraðilar höfðu það að markmiði á vinnufundum að beina umræðunni fyrst og fremst að efni samninganna og mati á því hvernig gengi að ná fram markmiðum þeirra og leggja mat á áhrif þeirra.

Viðtöl

Tekin voru viðtöl við 29 aðila á svæðunum sjö auk þriggja fulltrúa mennta- og menningarráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (sjá nánar í heimildaskrá). Í viðtölunum var farið ofan í tiltekna hluta núverandi fyrirkomulags. Viðtöl voru notuð til að varpa skýrara ljósi á vafaatriði og spurningar sem stóðu út af borðinu eftir vinnufundi. Hluta viðtalanna var varið til þess að ræða beinar tillögur um úrbætur eða breytingar á formi, efni og fjármögnun samninganna. Þá var litið til áhrifa staðbundinna þátta eins ólíkrar stærðar svæða og mismikils strjálbýlis á framkvæmd menningarsamninga.

Viðhorfskönnun

Framkvæmd var viðhorfskönnun dagana 7. til 28. ágúst meðal þeirra sem hlutu styrki frá Menningarráðunum á árinu 2012, alls 369 styrkþegar. Áhersla var lögð á að grafast fyrir um mat þeirra á framkvæmd samninganna og reynslu þeirra af umsóknarferlinu. Fjöldi svarenda var 241 sem er 65,3% svarhlutfall.

Mat á framkvæmd menningarsamninga

Mat á framkvæmd menningarsamninga


Eftirfarandi kafli inniheldur niðurstöður úttektarinnar og dregur saman helstu ábendingar þátttakenda í vinnunni og mat úttektaraðila á þeim.

- Meginmarkmið menningarsamninganna sem gerðir voru árið 2011 milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis annars vegar og landshlutasamtaka sveitarfélaga hins vegar hafa að mati úttektaraðila gengið eftir í öllum meginatriðum.
- Það er mat úttektaraðila að viðtæk sátt sé á milli samningsaðila um framkvæmd samninganna og það sé almennt séð farsælt að stýra styrkveitingum ríkis og sveitarfélaga til menningarstarfs í einn farveg og að úthlutun fjármagns heim í hérað á grundvelli stefnumörkunar og úthlutunarreglna auki fagmennsku og byggj þannig undir sátt um ráðstöfun fjármuna.
- Þegar litið er til árangurs af framkvæmd samninganna er það mat úttektaraðila að árangur af framkvæmdinni sé umtalsverður og ekki verður annað séð, af þeim gögnum sem aflað var, en að fyrirkomulag stjórnunar og úthlutun fjármagns sé í samræmi við ákvæði samninganna og úthlutunarreglur á hverju svæði fyrir sig. Blæbrigðamunur er á framkvæmd samninganna eftir svæðum, t.d. á Suðurnesjum hefur verið farin sú leið að styðjast ekki við það líkan sem menningarráðin hafa farið á hinum svæðunum sex þar sem menningarfulltrúi er í allt að fullu starfi.
- Menningarsamningarnir hafa stuðlað að auknu samstarfi á sviði menningarmála á svæðunum sjö. Til framtíðar litið er æskilegt að vinna að auknu samstarfi milli svæða en slíkt samstarf hefur átt sér stað og gengið vel, t.d. á milli Austurlands og Norðurlands eystra.
- Stuðlað hefur verið að aukinni nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu. Á hverju svæði er að finna dæmi um verkefni sem telja má að hefðu ekki fengið brautargengi eða fjármagn eftir öðrum leiðum, eða yfir lengri tíma, án þess stuðnings og þróunar sem nú er veitt í gegnum samkeppnissjóð.
- Þegar litið er til þess hvort menningarsamningar hafi stuðlað að fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista liggja ekki fyrir tölur um beina atvinnusköpun. En þar sem einum milljarði króna er ráðstafað í gegnum

samningana á tímabilinu og mótframlag í formi fjármuna eða vinnuframlags er króna á móti krónu er óhætt að segja að heildaráhrif samninganna sé ekki undir tveimur milljörðum króna þannig að umfangið í efnahagslífinu er nokkuð.


- Þá hafa samningarnir leitt til þess að menningarstarfsemi styður við ferðaþjónustu en mörk milli menningarhluta og ferðaþjónustuhluta einstakra verkefna hafa stundum verið óljós og því er til staðar skilgreiningarvandi sem ekki er rétt að gera ráð fyrir að leysist í eitt skipti fyrir öll.
- Samningarnir hafa hins vegar ekki leitt til að samningsaðilar, ríki og sveitarfélög, hafi varið meira fé en áður til menningarmála á hverju svæði sem samningur nær til. Þetta er því eina ákvæði samninganna sem ekki hefur gengið að fullu eftir.
- Til að varpa heildstæðu ljósi á þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd menningarsamninga var farin sú leið að gefa hverju svæði fyrir sig einkunn á hverri spurningu eða fullyrðingu sem komu fram í matsramma þeim sem lagður var fyrir svæðin (sjá matsramma í viðauka I). Matsramminn byggir á meginmarkmiðum samninganna og var grundvöllur sjálfsmatsskýrsla frá svæðunum.

Heildarmat á árangri 2011-2013



- Þetta mat var leitt fram með þeim hætti að hvor matsaðili fyrir sig gaf einkunnir á bilinu 1-3 fyrir einstaka matsþætti í fimm flokkum. Einn merkir að viðunandi árangri hafi ekki verið náð, tveir að árangur hafi náðst að mestu leyti og einkunnin þrír var gefin þar sem mat aðila var að því sem næst fullur árangur hafi náðst.
- Matsaðilar unnu mat sitt í lok ágúst og byggir það á því efni sem aflað var við úttektina. Í þeim undantekningartilfellum sem mat aðila var ekki það sama var litið á gögnin að nýju og sammælt um stigagjöf.
- Ekki kemur á óvart að það svæði sem býr yfir mestri reynslu og þekkingu nái hæstu einkunn í samræmdu mati ráðgjafa. Austurland er þroskaðasta svæðið og hefur náð lengst í að þróa og útfæra sín verkefni.
- Norðurland eystra fylgir í kjölfarið og næst á eftir því kemur Suðurland. Þessi þrjú svæði starfa á grundvelli stefnu sem er sett á gildandi samningstímabili og ná því öll afgerandi árangri á matsviðmiðinu framkvæmd stefnu menningarráðs.
- Vesturland er í fjórða sæti og fast á hæla þess og í áþekkri stöðu eru Norðurland vestra og Vestfirðir.
- Árangur Suðurnesja er rétt undir æskilegri stöðu og því formlega séð á aðgerðabili ef svo má að orði komast. Með markvissum aðgerðum getur það svæði náð sambærilegum árangri og önnur svæði og má þar helst líta til uppbyggingar á ráðgjöf og stuðningi menningarfulltrúa við grasrótastarf á svæðinu.

Eftirfarandi er yfirlit yfir þá matsþætti sem lagðir voru til grundvallar einkunnargjöf og hvernig árangur skiptist á milli svæðanna á einstaka matsviðmiðum. Þegar litið er til vægis matsþátta í heildarárangri var það mest í „framkvæmd stefnu Menningarráðs“ eða 31% af heildarárangri, 29% í „samstarfi á sviði menningarmála á svæðinu“ en minna í öðrum þáttum eins og nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu (15%), fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista (10%) og í matsþættinum menningarstarfsemi styður við ferðaþjónustu (15%).



Stefnumörkun og framkvæmd hennar

Í máli hagsmunaaðila á öllum svæðum kom fram það mat að það hafi verið farsælt að þróa aðferð til að dreifa takmörkuðum fjármunum á héraðsgrundvelli. Einnig skipti máli að verið er að dreifa fjármunum á grundvelli stefnu sem er staðbundin og formlegar úthlutunarreglur tryggja þá fagmennsku sem nauðsynleg er. Þessi þráður kom ítrekað fram og var staðfestur í viðtölum, á vinnustofum og í viðhorfskönnun meðal styrkþega ársins 2012.

- Í mati á árangri einstakra svæða er ljóst að sum svæðin fengu ekki hæstu einkunn þar sem kröfu menningarsamnings um að sett verði stefna hefur ekki verið uppfyllt að öllu leyti. Fjögur svæði starfa eftir nokkurra ára stefnu. Stefnumótun unnin í samvinnu við skilgreinda hagsmunaaðila hefur ekki alltaf gengið eftir. Ekki verður hins vegar litið framhjá því að ráðuneytin bera að hluta til ábyrgð þar sem kalla hefði mátt formlega eftir því að þessum þætti væri sinnt.

- Reynsla menningarráðanna af því að úthluta tvisvar á ári er misjöfn en sú leið er kostnaðarsamari. Hins vegar er það ein af ábendingum hagsmunaaðila að það sé vont að geta ekki fjármagnað góðar hugmyndir sem koma upp á milli úthlutana. Í einhverjum tilvikum gætu tækifæri þannig farið forgörðum. Til að draga úr kostnaði við fleiri en eina úthlutun á ári var bent á þá leið að menningarráðin gætu falið menningarfulltrúum vald til að úthluta eins konar B-styrkjum sem væru þá lægri fjárhæðir til að mæta óvæntum tækifærum. Rétt er að fram komi að skiptar skoðanir eru á slíku fyrirkomulagi og var m.a. bent á þá hættu að úthlutanir af slíku tagi gætu minnkað gæði verkefna of mikið.
- Fram komu ábendingar á öllum svæðunum um að skilgreina þurfi betur ramma þeirra verkefna á vegum sveitarfélaganna eða menningarstofnana sem eru á fjárlögum og hlotið geta styrk frá Menningarráðunum.
- Ekki er komin löng reynsla á framkvæmd viðaukasamnings við menningarsamningana um stofn- og rekstrarstyrki sem fluttir voru af safnliðum fjárlaga til menningarráðanna árið 2012. Víða var vakin athygli á því að stofn- og rekstrarstyrkirnir falli ekki vel að þeirri umgjörð sem menningarsamningarnir eru. Því sé æskilegt að fram fari eins konar þarfagreining á öllum svæðum og á þeim grunni verði farið í vinnu við að skipta því takmarkaða fjármagni sem er til ráðstöfunar í stofn- og rekstrarstyrki. Þá var oft rætt um að þessi viðbót hefði í för með sér eðlisbreytingu á starfssemi menningarráðanna.

Efling samstarfs á sviði menningarmála

Ljóst er að menningarsamningar hafa eflt samstarf sveitarfélaga á sviði menningarmála innan hvers svæðis. Sú niðurstaða byggir meðal annars á upplýsingum frá vinnustofum og viðtölum á svæðunum. Í flestum tilfellum eru sveitarstjórnir mjög áhugasamar um að taka þátt í samstarfinu og öll sveitarfélögin standa skil á sínum hluta samningsbundinna greiðslna.

- Ljóst er að starf og hlutverk menningarfulltrúa í þessu fyrirkomulagi er mjög mikilvægt, bæði þegar litið er til aðstoðar og ráðgjafar en ekki síður þegar kemur að því að tengja saman einstaklinga eða hópa til að efla samstarf.
- Austurland og Norðurland eystra hafa náð umtalsverðum árangri sem og Suðurland. Önnur svæði eru enn að glíma við erfiðleika og ekki síst fyrir þær sakir að erfitt sé að fá fólk til að sækja atburði yfir langan veg.

- Menningarfulltrúar svæðanna eru í sambandi á mánaðarlegum fundum og það fyrirkomulag hefur reynst vel. Á þeim vettvangi ræða menningarfulltrúar þau málefni sem eru í deiglu á hverjum tíma, miðla reynslu af góðum verkefnum og ræða verklag og áherslur. Samstarf á milli svæða er þannig að aukast og eflast enn frekar sem er jákvæð þróun.

Nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu

Menningarsamningarnir hafa orðið til að efla grasrótina á hverju svæði til þátttöku og í þeirri deiglu á sér stað nýsköpun sem leitt hefur til fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.

- Að mati ráðgjafa er Austurland það svæði sem skarar fram úr á þessu sviði. Margt skiptir máli í því mati, ekki síst að svæðið hefur mestu reynsluna af fyrirkomulaginu og grasrótin og umsækjendur hafa þar með margra ára reynslu af gerð umsókna og kröfur til þeirra aukast ár frá ári sökum samkeppni um takmarkað fjármagn. Hvattinn til að koma og búa til ný og áhugaverð verkefni er því virkur.
- Önnur svæði hafa einnig staðið sig vel, sér í lagi Norðurland eystra og Suðurland en á öðrum svæðum hefur árangur á þessu matsviðmiði verið minni eða hægari.
- Rétt er að halda því til haga í þessu samhengi að fjármagn til menningartengdrar ferðaþjónustu í gegnum framlög frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti er nokkuð minna en til menningarhlutans.

Fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista

Þegar kemur að því að leggja mat á áhrif menningarsamninganna er örðugt að finna bein dæmi um fjölgun nýrra starfa sem urðu eingöngu til fyrir tilstuðlan menningarsamninga. Menningarstarfssemi er því sem næst alfarið undanþegin virðisaukaskatti og í fyrri úttektum hefur aðilum rekið í vörðurnar með að leggja mat á það hvort og þá hvernig varanleg ný störf hafi orðið til.

- Gera má ráð fyrir því að einn milljarður króna til menningarmála á sl. þremur árum hafi jákvæð áhrif á myndun starfa og eflingu þess hagkerfis utan höfuðborgarsvæðisins sem tengist menningarmálum og menningartengdri ferðaþjónustu. Ekki er hægt að leggja mat á hvort að sambærilegri fjárhæð hefði verið varið til menningarmála án tilkomu menningarsamninga. Hins vegar verður

ekki litið framhjá því að gildandi fyrirkomulag samninganna er til þess fallið að tryggja að þeim fjármunum sem varið er til menningarmála sé úthlutað á grundvelli stefnu sem er mótuð staðbundið og fjármunum varið á grundvelli úthlutunarreglna til þeirra verkefna sem eru líklegust til að hafa sem mest áhrif á hverjum stað.

- Menningarsamningarnir hafa orðið til að auka fjölbreytni í nærsamfélaginu. Til eru dæmi um vel heppnuð verkefni sem stækka og verða varanleg og það eru í raun óbeint markmið úthlutana á öllum svæðum að kalla fram slíkan vöxt. Er þá litið til þess að takmarkaðir fjármunir menningarráða séu styrkir sem kveiki neista og leiði fólk saman til sköpunar.
- Á öllum svæðum var rætt um að á sviði fjölgunar atvinnutækifæra á sviði menningar og lista lægi mesti samfélagslegi ávinningur til lengri tíma litið. Þar skipti höfuðmáli að freista þess að stuðla að myndun tækifæra til að fá ungt fólk aftur á heimaslóðir að loknu námi. Mikill áhugi er á því að móta og útfæra verkefni sem eru til þess fallin að raungera þá sýn. Mikilvægur þáttur þess, að mati hagsmunaaðila, er að samningstímabilið verði lengt þannig að unnt sé að sjá lengra fram í tímann.


Menningarstarfsemi og samspil við ferðaþjónustu

Það fjármagn sem menningarráðin hafa til að byggja upp hreina atvinnustarfssemi er í raun og veru lítið. Horfa þarf frekar á verkefni af þessu tagi á þann veg að menningarráðin séu að vinna í grásrótavinnu við að skoða og styðja við marga mögulega vaxtarsprotu.

- Sýnt hefur verið fram á að verkefni hafa náð að vaxa og dafna með tilstuðlan verkefnastyrkja og einnig má leiða að því líkur að ef fjármagn og lengd samningsins yrði aukið yrði hlutverk menningarráða á þessu sviði veigameira en ábyrgðin á sama tíma meiri.
- Á öllum svæðum utan Suðurnesja hefur tekist vel að tengja saman menningarstarfsemi og ferðaþjónustu. Í viðtölum á Suðurnesjum kom fram að svæðið væri í mikilli samkeppni um ferðamenn við önnur svæði yfir sumartímann. Sóknarfæri fyrir svæðið væri að nýta, styðja við og skapa viðburði á vorin og haustin og skapa svæðinu þannig sérstöðu.

Þróun fjármagns sem varið er til menningarmála á hverju svæði

Aukning varð í framlögum til allra svæða þegar stofn- og rekstrarstyrkjum var komið fyrir á vettvangi menningarráða á árinu 2012. Úthlutanir til verkefnastyrkja hafa hins vegar staðið í stað og hlutur ríkisins hefur farið lítillega minnkandi á samningstímabilinu. Heildarframlög til svæða og tekjur eru eftirfarandi:



Þar sem merkjanleg er aukning í tekjum svæða er skýringin flutningur fjármagns úr sóknaráætlun landshluta. Á árinu 2013 fær Norðurland eystra 8 m.kr. til tveggja verkefna í gegnum sóknaráætlun landshluta. Sama er að segja um Vestfirði þar sem 5 m.kr. koma frá Sóknaráætlun Vestfjarða og ráðstöfun þess fjármagns varð til þess að auka stofn- og rekstrarstyrki á árinu 2013. RARIK hefur stutt við Menningarráð nokkurra landshluta og veitt 1 m.kr. styrk árlega. Styrkveitingar fyrirtækisins hafa runnið til menningarstarfs á Vesturlandi sl. 2 ár.

Heildarfrámunir til menningarsamninga á landsvísi með framlagi ríkisins, sveitarfélaga og annarra nemur um einum milljarði króna á árunum 2011-2012. Þar af eru úthlutanir vegna verkefnastyrkja 515 m.kr. og úthlutanir vegna stofn- og rekstrarstyrkja 163 m.kr.


Heildarfjárhæð umsókna sem berast Menningarráðunum er eins og gefur að skilja hærri en þær upphæðir sem menningarráðin úthluta. Samtals námu umsóknir hátt í 1,8 milljarði í verkefnastyrki. Meðalúthlutun nemur því 29% af þeirri fjárhæð sem sótt er um. Eftirfarandi tafla sýnir sama hlutfall brotið niður á svæði

Verkefnastyrkir			
Fjárhæð úthlutana sem hlutfall af heildarfjárhæð umsókna			
	2011	2012	2013
Vesturland	25,6%	25,2%	30,7%
Vestfirðir	19,2%	24,8%	27,9%
Norðurland vestra	25,7%	35,2%	30,7%
Norðurland eystra	33,7%	28,6%	44,0%
Austurland	51,3%	41,6%	39,1%
Suðurland	24,5%	19,5%	23,8%
Suðurnes	46,3%	40,5%	19,1%

Mat á meðferð og úthlutun fjármuna

Menningarráð á öllum svæðum hafa náð verulegum árangri þegar litið er til þess að úthluta takmörkuðu fé með faglegum og gegnsæjum hætti. Menningarráðin hafa öll sett sér viðmið um hvenær fundarmenn víkja af fundi vegna persónulegra tengsla eða vensla við umsækjendur, þó ganga svæðin mislangt í þeim efnum.

Fjöldi umsókna um verkefni á landsvísu á sl. þremur árum er samtals 2.556. Þar af var úthlutað til 1.431 verkefna. Meðalúthlutunarhlutfall á landsvísu er því 46,9% Nánari skipting á fjölda úthlutana eftir svæðum má sjá á eftirfarandi mynd:



Eins og sjá má er fjöldi úthlutana í verkefnastyrkjum misjafn eftir svæðum. Menningarráðin reyna að leita eftir jafnvægi tveggja þátta, þ.e. að dreifa takmörkuðu fé á sem flest verkefni eða forgangsraða og styrkja færri verkefni með auknu fjármagni. Til að varpa frekara ljósi á þetta má sjá úthlutanir sem hlutfall heildarfjölda umsókna, hér þarf einnig að hafa í huga að fjöldi umsókna á hverjum stað er talsvert breytilegur.

Verkefnastyrkir			
Hlutfall úthlutana og umsókna (fjöldi umsókna í sviga)			
	2011	2012	2013
Vesturland	46,5% (155)	53,2% (154)	67,8% (121)
Vestfirðir	38,8% (183)	30,8% (107)	45,6% (125)
Norðurland vestra	61,9% (134)	63,0% (108)	58,5% (118)
Norðurland eystra	52,9% (119)	56,7% (127)	57,0% (100)
Austurland	60,0% (105)	63,3% (98)	67,6% (111)
Suðurland	59,6% (171)	60,8% (171)	68,4% (174)
Suðurnes	65,3% (49)	51,8% (56)	51,4% (70)

Að jafnaði fær Suðurland flestar umsóknir fyrir verkefnastyrki og leitast við að úthluta í sambærilegu hlutfalli og önnur svæði. Vestfirðir eru undantekning þar sem talsverður fjöldi umsókna berst, á árinu 2011 var þó um að ræða tvö úthlutunarferli, en úthlutanir eru hlutfallslega færri en á öðrum svæðum.

Áherslur menningarráðanna hafa reynst ágætlega í framkvæmd en ljóst er að áherslurnar eru frekar opnar, þá er átt við að áherslum í úthlutunum er sjaldnast beitt sem stjórnþæki.

Fyrirkomulag stjórnunar menningarsamninga er því sem næst hin sama á hverju svæði. Þó er breytilegt hversu mikinn stuðning menningarfulltrúar fá frá landshlutasamtökunum og ráða þar bæði hefðir og umfang starfseminnar á hverjum stað. Þannig hafa orðið nokkrar breytingar á Austurlandi í kjölfar stofnunar Austurbrúar og þá hafa Suðurnesin skorið sig úr hvað varðar starfshlutfall menningarfulltrúa.

Að mati ráðgjafa væri mjög gott ef að allir menningarfulltrúar sem og starfsmenn menningarráða landshlutanna hefðu eina beina formlega tengingu inn í hvert sveitarfélag. Á Suðurnesjum er menningarfulltrúi í hverju sveitarfélagi og það auðveldar samhæfingu í vinnu og tryggir yfirsýn.

Kostnaður vegna úthlutana er nokkuð sambærilegur á milli svæða, þó er hann lægstur á Suðurnesjum þar sem hlutfall launa verkefnisstjóra er lágt.

Eftirfarandi er stjórnunarkostnaður sem hlutfall af tekjum svæða. Við útreikning þessa kostnaðar er tekið mið af launum og launatengdum gjöldum á hverju svæði fyrir sig og annars kostnaðar sem varðar starfsemi Menningarráðs, s.s. vegna fundarhalds, ráðstefna, og öðru þess háttar:

Stjórnunarkostnaður			
	2011	2012	2013
Vesturland	35,0%	34,8%	36,5%
Vestfirðir	33,7%	27,3%	25,7%
Norðurland vestra	30,4%	20,4%	23,2%
Norðurland eystra	37,2%	27,6%	27,6%
Austurland	26,2%	22,4%	20,9%
Suðurland	35,5%	27,4%	28,8%
Suðurnes	14,0%	8,5%	7,5%

Þó að stjórnunarkostnaður og laun séu tiltölulega há hlutfallslega er ljóst að töluvert virði skapast af því að hafa menningarfulltrúa á svæðinu. Öll menningarráðin hafa frekar verið að leitast eftir því að draga úr stjórnunarkostnaði til að stýra fjármagni frekar í styrki. Eina leiðin til þess er þó sú að minnka starfshlutfall menningarfulltrúa en í ljósi þess hversu mikilvægu hlutverki þeir gegna innan samningsins er ekki víst að slíkt myndi skila tilætluðum árangri.

Eitthvað er um skiptar skoðanir á því hvaða fulltrúar eru valdir í menningarráðin á hverjum stað. Þegar litið er yfir landið allt er því sem næst sama fyrirkomulagi viðhaft. Á nokkrum svæðum var nefnt að skynsamlegt gæti verið að leggja í auknum mæli aukið vægi á faglega þekkingu. Aðrir eru þeirrar skoðunar að þetta væri í raun einfalt verkefni við að móta stefnu og framkvæma hana, eitthvað sem sveitarstjórnarmenn geta og eiga að sinna. Á öllum svæðum er frekar leitast við að menningarráðin séu skipuð fagfólki af sviði menningar en einnig sveitarstjórnarmönnum sem hafa þekkingu á málaflokknum. Sú blanda hefur reynst ágætlega.

Núverandi fyrirkomulag menningarsamninga og sóknaráætlanir landshluta

Almennt voru fulltrúar og hagsmunaaðilar á svæðunum sammála um að ekkert væri því til fyrirstöðu að verkefni menningarsamninga yrðu í framtíðinni felld að því formi sem sóknaráætlanir landshluta eru. Styrkt og bætt umgjörð hljóti að verða til að byggja undir frekari tækifæri á að styrkja verkefnið til lengri tíma litið.

Þannig kom fram að almenn efling landshlutasamtaka og meira aðgengi að stoðþjónustu á þeim vettvangi geti gert menningarfulltrúum og Menningarráðum kleift að einbeita sér enn betur að grasrótastarfi á sviði menningarmála í hverjum landshluta.

- Segja má að í grunninn mæti aðferðir sóknaráætlunar við að dreifa fjármunum helstu viðmiðum við dreifingu fjármuna menningarsamninga. Áherslan er á að hvert svæði fyrir sig forgangsraði áherslum og verkefnum hvers tíma á grunni staðbundinna áherslna og sýnar til framtíðar. Ekki verður hins vegar litið framhjá því að án girðinga á menningarfé gæti að óþörfu komist rót á starf sem á heildina litið hefur verið farsælt og sátt og ríkur skilningur er um eins og áður hefur verið nefnt í þessum kafla. Fram komu ábendingar um að stjórnir landshlutasamtakanna gætu verið hinn formlegi úthlutunaraðili fjármuna úr menningarhluta sóknaráætlana en að menningarráðin gætu verið í ráðgefandi hlutverki.
- Reynsla síðustu ára af framkvæmd og fyrirkomulagi menningarsamninganna er farsæl og í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að samningsaðilar nái saman um að breyta gildistíma samninganna úr þremur árum í fimm. Slík ráðstöfun myndi veita Menningarráðum tækifæri til að móta stefnumarkandi áherslur til lengri tíma og lágmarka samningskostnað. Kostur þess að lengja samningstímabilið er m.a. að þannig væri unnt að byggja undir enn frekari langtímahugsun en núverandi fyrirkomulag býður uppá þar sem að í raun er eingöngu um að ræða eitt ár þar sem svæðin eru ekki að vinna við samningagerð ýmist í lokafrágangi eða undirbúningi samningagerðar. Nokkuð var um að nefnt væri að vaxtarsamningarnir á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins væru ekki eins bundnir og bjóði upp á meira mat og þróun verkefna. Nú stendur yfir mat á þeim samningum og lagt er til að ráðuneytin og landshlutasamtökin líti til þeirrar úttekta þegar hún liggur fyrir.
- Þó komu fram ábendingar og áhyggjur sem þarf að hafa ofarlega á borðinu ef ákveðið verður að fella menningarsamningana inn í sóknaráætlanir landshluta. Þar skiptir máli að tryggt verði nægjanlegt gegnsæi í úthlutun fjármagns til

menningarmála. Einnig þarf að tryggja að fjármunir séu eyrnamerkir til menningarmála á samningstímabilinu en á móti væri hægt að færa fjármuni á milli liða á milli ára. Eyrnamerking menningarfjármuna væri þannig tryggð á hverju samningstímabili.

- Í 8. gr. menningarsamninganna er fjallað um gildistíma, þróun mælikvarða og árangursmat. Þar segir m.a. að samningsaðilar séu sammála um að þegar á árinu 2011 verði hafin vinna við að þróa mælikvarða vegna þeirra markmiða sem sett eru fram í 1. gr. samninganna. Til stóð að leggja þá ásamt öðru til grundvallar við skiptingu framlaga þegar til endurskoðunar samninga við landshluta kæmi. Þessi vinna hefur ekki átt sér stað þrátt fyrir skýrt ákvæði þar um í greininni og gera má ráð fyrir því að þar beri samningsaðilar jafna ábyrgð.
- Til framtíðar litið er mikilvægt að leiða fram, byggja undir og ná sátt og skilning um forsendur ólíkra upphæða til samninga milli svæða. Ábyrgðin á því liggur bæði hjá ráðuneytinum og landshlutasamtökum sveitarfélaganna. Færa má rök fyrir því að deilur og vantraust tengd slíkum grunnþáttum veiki samstarfið og verði til þess að tími og orka fara í þætti sem hægt væri að komast hjá. Besta leiðin til þess er til dæmis að draga upp skýr og einföld viðmið og tryggja að reglunni verði haldið í framkvæmd. Einnig kæmi til greina að vera með viðmið um frávík eða endurupptöku samninganna við ákveðin mörk eða breyttar forsendur. Því er lagt til að ráðuneytin hafi forgöngu um gerð reiknilíkans þar sem tekið verði tillit til mikilvægra þátta s.s. íbúafjölda, stærðar svæða, fjarlægðar frá Reykjavík o.fl. sem verði grundvöllur framlaga til landshlutanna. Áriðandi er að þátttakendur verði upplýstir um forsendur reiknilíkans þannig að ákvarðanir um framlög verði í framtíðinni gegnsæ og öllum hlutaðeigandi ljós.
- Starf menningarfulltrúa svæðanna er í grunninn fyrst og síðast á sviði frumkvæðis- og samræmingar á héraðsgrundvelli þar sem grasrótar og tengslavinna inni samfélögunum skiptir mestu máli. Þar sem sá þáttur er lengst gengin, þ.e. á Austurlandi, er árangurinn einna mestur.
- Á vinnustofunum komu fram ábendingar um að sérgreindum menningarfulltrúum sveitarfélaga sé að fækka og viðfangsefnið gjarnan sett með öðrum málaflokkum eins og atvinnu- og ferðamálum. Þá þekkist að verkefnið sé vistað alfarið með fræðslumálum sem er að mörgu leyti allt önnur tegund af starfsemi vegna þess hve fræðslumálin snúast að miklu leyti um rekstur.

Viðhorfskönnun meðal styrkþega ársins 2012

Í viðhorfskönnun meðal styrkþega ársins 2012 til framkvæmdar menningarsamninga kemur í ljós að styrkþegar eru á heildina litið nokkuð ánægðir með framkvæmd menningarsamninganna.

Sú niðurstaða er í góðu samræmi við önnur gögn sem aflað var við vinnslu þessarar úttektar.

- Þannig eru 90,7% mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að menningarsamningar á þeirra svæði hafi stuðlað að fjölbreytni í menningarstarfi.
- Þá eru 93,1% mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að menningarsamningar á þeirra svæði hafi stuðlað að nýsköpun í menningarstarfi.
- Mikill meirihluti eða 91,1% eru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að menningarsamningar gætu í framtíðinni orðið tæki til að byggja undir samstarf á sviði menningarmála milli landssvæða. Sem er þá tækifæri og ábending til framtíðar litið um að næstu samningar taki mið af þeirri ábendingu.
- Þá er nokkur ánægja með umsóknarferlið almennt, ekki síst þá ráðgjöf sem veitt er í umsóknarferlinu. Það sama gildir um skilvirkni þess og kröfur umsóknarferlisins til að tryggja gæði umsókna.
- Þegar svör eru greind eftir tegundum styrkja kemur fram marktækur munur á milli þeirra sem fengu stofn- og/eða rekstrarstyrki og þeirra sem fengu verkefnastyrki. Í því felst að þeir sem fengu stofn- og/eða rekstrarstyrki eru aðeins líklegri til þess að vera óánægðir með skipan mála.
- Styrkþegar eru í 79,7% tilfella frekar eða mjög sammála fullyrðingunni um að menningarsamningurinn hafi orðið til að efla samstarf aðila á sínu svæði. Hæsta meðaltalið er á Norðurlandi eystra eða 4,6 af 5 mögulegum og lægst er meðaltalið á Austurlandi eða 3,8 á meðan meðaltalið fyrir heildina er 4,2.
- Ein opin spurning var í lok könnunarinnar og flest einstök svör í þeirri flokkun sem átti sér stað á opnum svörum lutu að því að styrkþegar væru ánægðir með fyrirkomulagið eins og það er. Næsti þáttur sem nefndur var er ábending um að hækka þurfi styrkina en athygli vekur að það er í öðru sæti opinna svara.

Þróun menningarsamninga og uppbygging á hverju svæði

Í eftirfarandi kafla er fjallað um þróun menningarsamninga og uppbyggingu á hverju svæði fyrir sig.

Leitast er við að draga fram einkenni á hverju svæði, hvað hafi gengið vel og megi almennt draga lærdóm af og svo hvað hefur gengið síður.

Loks er fjallað um úrbótataækifæri eða beinar tillögur að breytingum á fyrirkomulagi eða framkvæmd menningarsamninga til framtíðar lítið.




Vesturland

Á Vesturlandi eru 10 sveitarfélög og fyrir hönd þeirra hafa Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) undirritað menningarsamning við ríkið.

Íbúafjöldi á svæðinu öllu er í kringum 15 þúsund manns og hefur íbúabróun haldist tiltölulega óbreytt síðustu ár. Fjölmennustu sveitarfélögin eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð.

Í Menningarráði Vesturlands sitja 5 fulltrúar sem kosnir eru á aðalfundi SSV. Áherslur ráðsins á árinu 2012 voru meðal annars að stuðla að verkefnum sem hafa skapað svæðinu sérstöðu og efla samstarf í menningarlífinu á Vesturlandi. Slík áhersla er í samræmi við skilgreind tækifæri á svæðinu og kortlögð voru í tengslum við sóknaráætlun 20/20. Þar skilgreindu heimamenn að eitt af lykiltækifærum í vexti á svæðinu fælist í sérstöðu þess á sviði menningar, sér í lagi tækifæra í náttúrutengdri ferðapjónustu og svo sögutengdri ferðapjónustu.



Lykiltölur fyrir Vesturland 2011-2013

Vesturland	2011	2012	2013*
Framlög úr ríkissjóði	23,1	22,8	22,4
Framlög vegna stofn- og rekstrarstyrkja	-	10,3	10,2
Framlög frá sveitarfélögum	10,6	11,0	11,6
Önnur framlög (sértekjur)	-	1,0	1,0
Samtals	33,7	45,1	45,2
Heildarfjárhæð umsókna í verkefnastyrki	104,0	109,4	80,9
Heildarfjárhæð umsókna í stofn- og rekstrarstyrki	-	114,5	37,1
Úthlutanir til verkefna	26,6	27,6	24,8
Úthlutanir í stofn- og rekstrarstyrkjum	-	9,5	9,2
Laun og launatengd gjöld	7,4	10,1	10,9
Annar kostnaður vegna starfsemi Menningarráðs	4,4	5,6	5,6
Samtals	11,8	15,7	16,5
Fjöldi umsókna (verkefnastyrkir)	155	154	121
Fjöldi úthlutana (verkefnastyrkir)	72	82	82
Fjöldi umsókna (stofn og rekstrarstyrkir)	-	42	26
Fjöldi úthlutana (stofn og rekstrarstyrkir)	-	12	14

*byggt á áætlunum fyrir 2013

Framlög til verkefnisins hafa því sem næst staðið í stað sl. þrjú ár, fyrir utan aukningu sem varð þegar úthlutun svokallaðra stofn- og rekstrarstyrkja, sem áður var í höndum fjárlaganefndar Alþingis, var flutt til menningarráða á hverju svæði á árinu 2012.

Á svæðinu er mikil eftirspurn eftir styrkjum frá Menningarráði. Fjöldi umsókna í verkefnastyrki 2012 var 154 en úthlutað var til 82 verkefna (53,2%). Menningarráð dreifir styrkjum sínum þó nokkuð innbyrðis á milli þeirra verkefna, slíkt má sjá þar sem heildarfjárhæð umsókna nam 109,3 m.kr. en úthlutað var 27,6 m.kr. til verkefna (25,2%).

Samstarf á sviði menningarmála

Á Vesturlandi hefur verið stuðlað að auknu samstarfi á sviði menningarmála. Á vinnustofu með hagsmunadílum og í viðtölum á Vesturlandi kom fram að einhugur væri um skipan menningarmála á svæðinu. Þá var bent á að í upphafi samstarfsins hafi verið til staðar togstreita á milli stóru þéttbýliskjarnanna á Vesturlandi. Fram komu eftirfarandi ábendingar:

- Togstreita á milli svæða innan Vesturlands er minni en í upphafi og helsta ástæða þess er talin vera farsæl framkvæmd menningarsamninga á svæðinu, sér í lagi þegar horft til árána eftir efnahagshrunið.
- Menningarráð Vesturlands er vettvangur sem stuðlar að auknu hlutleysi voru þátttakendur á vinnustofunni sammála því að dregið hefði úr hrepparíg innan svæðisins.
- Sérstaklega var vakin athygli á því mati þátttakenda að smærri sveitarfélög á svæðinu nytu sérstaklega góðs af fyrirkomulaginu. Fulltrúar þeirra bentu á að samstarf um mikilvægan málaflokk með þessum hætti væri mikils metið og tryggt sé betur en áður að faglega sé fjallað um verkefni og úthlutanir byggja á gagnsæjum vinnubrögðum þar sem allir sitji við sama borð.
- Ein áskorun sem Vesturland glímir við er sú að erfitt er að fá fólk til þess að sækja atburði milli staða innan Vesturlands. Hér er e.t.v. fyrst og fremst um úrbótaverkefni að ræða sem tengist hefðum eða múrum milli svæða sem samstarf á grunni menningarsamnings getur verið tæki til þess að breyta.
- Þá var bent á að fjarlægðir innan svæðisins séu að skapa vandamál gagnvart því að kynna svæðið sem eina heild, nefnt var að þetta ætti sérstaklega við hópinn börn og ungmenntu sem hefði áhuga á að komast á viðburði annar staðar.
- Menningarráð Vesturlands bendir sérstaklega á að erfitt sé að ná saman starfsemi innan alls svæðisins enda erfitt að flytja viðburði á milli svæða vegna kostnaðar.

- Vakinn var athygli á svæðisbundnu viðfangsefni, þ.e. umræðu um hvort Vesturland og Vestfirðir ættu að sameinast um eitt menningarsvæði. Viðmælendur töldu að ekki yrði eingöngu erfitt að fá fram sameiginlega sýn á svo stórt svæði heldur væri einnig um talsvert ólíkar menningarafurðir að ræða sem tengist atvinnuhefð. Í því samhengi var nefnt að annars vegar væri um að ræða landbúnaðarhérað og hins vegar sjávarútvegshérað. Einnig var bent á erfiðar samgöngur, þ.e. vegalengdir innan stærra svæðisins yrðu erfiðar.
- Rætt var um að samstarf innan svæðisins hafi aukist með tilkomu menningarsamninga en að það megi enn auka og menningarsamningurinn sé þar mikilvægt verkfæri.
- Sérstaklega má líta til svæða í Borgarbyggð, sunnan Skarðsheiðar og á Snæfellsnesi þegar horft til farsælla verkefna sem komast af stað með krafti og samvinnu á grunni þess samstarfs sem menningarsamningarnir kalla á og formbinda. Á þessum svæðum er kórastarf áberandi, tónleikar og leiklistarstarf. Þá hafa verið haldnar ráðstefnur um efni sem segja má að sé staðbundið og gagnist Vesturlandi öllu.
- Bent var á að mikill vilji væri t.d. fyrir því að verkefni líkt og tónlistarhátíðin „Ungir gamlir“ yrði flutt fyrir unglunga og með unglungum af svæðunum um allt Vesturland en það hefur ekki gengið eftir vegna kostnaðar.

Nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu

Þegar horft til nýsköpunar og fjölbreytni sem er eitt af fjórum lykilmarkmiðum menningarsamninganna þá hefur markvisst verið unnið að því á Vesturlandi að mati Menningarráðsins. Þá kom fram það mat að stuðlað hafi verið að aukinni nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu. Á vinnustofunni kom ítrekað fram það mat að greiður aðgangur að menningarfulltrúa væri þáttur í þeim árangri sem og þekking viðkomandi á svæðinu.

- Starf menningarfulltrú Vesturlands er að mati þátttakenda á vinnustofunni mikilvægt starf, hann er til staðar fyrir umsækjendur, veitir stuðning og er reiðubúinn að aðstoða á frumstigum verkefna og þróa þau áfram með umsækjendum.
- Þannig hafi á Vesturlandi orðið til aukið afl og kraftur í menningarstarfi þar sem hugmyndir stækka og eflast yfir tíma. Það á ekki eingöngu við um verkefni sem hljóta að lokum styrki úr Menningarráði, heldur einnig verkefni sem fá fjármagn

annars staðar frá. Það er það ekki síst fyrir þær sakir að umsóknarferlið byggir undir og tryggir gæði þeirra verkefna sem komast áfram. Er slíkt talið sérstaklega merkjanlegt þegar litið er til umsókna frá fyrstu úthlutun Menningarráðs Vesturlands og síðan þess sem einkennir umsóknir núna.

- Viðmælendur á svæðinu voru allir á einu máli um að fyrir tilstuðlan menningarsamninga hafi orðið til ný menningarverkefni sem hefðu ekki orðið af nema fyrir tilstuðlan menningarsamninganna.
- Markaðsstofa Vesturlands nýtur stuðnings Menningarráðs Vesturlands til að markaðssetja og auka fjölbreytni í menningartengdri ferðapjónustu. Mikil gróska er í þessu á svæðinu að mati viðmælenda og nefnd voru verkefni eins og Auðlindahátíð, Á slóðir Guðríðar Þorbjarnardóttir, Þróun pílgrímsferða til Grænlands o.fl.
- Þá gegnir Snorrastofa burðarhlutverki þegar litið er á menningartengda ferðapjónustu á svæðinu. Nýlega var sett upp sýning um Snorra Sturluson og þá eru tónleikar í Reykholti allt árið. Þessu tengt má nefna ýmsar leiksýningar og miðlun ríkrar sagnahefðar ásamt varanlegum sýningum í Landnámssetrinu Borgarnesi sem fellur í þann flokk að vera orðin sjálfbær starfsemi þó einstaka atburðir hafi verið studdir.

Fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista

Í úthlutunarreglum Menningarráðs fyrir árið 2013 er litið til verkefna sem fjölga atvinnutækifærum í menningu, listum og menningartengdri ferðapjónustu. Á árinu 2013 mun Menningarráð Vesturlands leggja áherslu á eftirfarandi:

- Verkefni sem efla skapandi greinar sem sjálfstæðan atvinnuveg.
- Verkefni sem fjölga atvinnutækifærum í menningu, listum og menningartengdri ferðapjónustu.
- Verkefni sem styrkja undirbúning að nýjum samstarfsverkefnum og menningartengdu þróunarstarfi á Vesturlandi (hámarks styrkur 400.000 á 4.staði)
- Verkefni sem styrkja listsköpun einstaklinga
- Verkefni sem styrkja listræna sköpun og skapandi hugsun í verkefnum barna og unglinga

Menningarstaðir sem eru opnir allt árið, eins og Snorrastofu, Landnámssetur og atburðir sem tengjast tónlistar- og kvikmyndahátíðum, leikhúsum og kórum skipta mestu máli hér.

Tilvist menningarsamninga hefur að mati Menningarráðs Vesturlands leitt til að atvinnutækifærum hafi fjölgað á svæðinu. Þegar kemur að aðgengi að hagtolum til að byggja undir slíkt mat vandast mál þar sem skortur er á upplýsingum um slíkt og það sama á einnig við um afleidd störf. Einnig má benda á það í þessu samhengi að þó svo að beinir hagvísar væru til um umfang starfa í menningargeiranum þá gæti reynst örðugt að einangra nánar áhrif einstakra menningarsamninga innan hvers svæðis fyrir sig. Menningarráð og þátttakendur í vinnustofu nefndu einnig að fyrir tilstuðlan verkefnastyrkja hafi náðst sá árangur að byggja undir atvinnutækifæri fyrir menntaða tónlistarmenn á svæðinu. Þannig skapist störf við stjórnun og skipulagningu tónlistarhátíða og menntað tónlistarfólk kemur í auknum mæli fram í heimabyggð.

Einnig er talsvert gróska í verkefnum áhugaleikhúsa og að þeim koma að jafnaði menntaðar leikstjórar. Þá hefur verið stutt við verkefni sem hvetja til þess að listamenn á Vesturlandi sýni afrakstur starfa sinna á Vesturlandi. Á vinnustofunni vöktu þátttakendur athygli á eftirfarandi atriðum í þessu samhengi:

- Vesturland er samfélagð 15.000 manna en allir eru orðnir meðspilarar á sviði menningarmála en nálægð við höfuðborgarsvæðið er í hugum sumra bæði kostur og galli en það svæðisins er í raun á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Akranes.
- Rætt var um nálægð við höfuðborgarsvæðið og almennt ríkti sú skoðun að það væri ytri þáttur sem ynni gegn uppbyggingu menningarstarfs hjá þeim.
- Menningarráð Vesturlands vakti sérstaklega athygli á eftirfarandi verkefnum þegar litið var til þess hvort ný varanleg menningarstarfssemi hefði orðið til sem afurð menningarsamninganna; Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Grundarfirði, Eldfjallasafnið í Stykkishólmi og Frystiklefinn á Rífi í Snæfellsnesi. Verkefnin væru dæmi um rekstur sem hófst með styrkveitingum frá Menningarráði Vesturlands en væri nú orðin að hluta til sjálfbær.
- Gestir Snorrastofu eru nú um 143 þúsund á hverju ári en í upphafi voru þeir á milli 11-12 þúsund á ári. Bent var á að svæðið í kringum Reykholt væri að eflast og að ýmis starfsemi færi vaxandi vegna aukins ferðamannafjölda, m.a. gistihús og veitingarekstur og slíkt væri almennt séð til þess fallið að styrkja samfélagið og þar með menningu og menningartengda ferðapjónustu á svæðinu.

Menningarstarfsemi og samspil við ferðapjónustu

Menningarráð Vesturlands á í skilgreindu samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands um að efla menningartengda ferðapjónustu. Þá hefur RARIK styrkt Menningarráð Vesturlands um samtals 2 m.kr. árin 2012 og 2013 og rennur sá styrkur til markaðssetningar menningarviðburða af ýmsu tagi. Samstarf er á milli framkvæmdastjóra Markaðsstofu Vesturlands og menningarfulltrúa Vesturlands um þau verkefni sem Menningarráð Vesturlands hefur styrkt. Þessir aðilar hafa fundað með ferðapjónustuaðilum og eiga í nánú samstarfi, m.a. í samstarfsverkefni átta ferðapjónustuaðila á svæðinu (Saga og Jökull) sem snýst um að efla Vesturland sem fjölskylduvænan áfangastað.

Á vinnustofunni kom fram að viðhorf til menningar og ferðapjónustu hafi gjörbreyst á svæðinu eftir efnahagshrunið 2008. Ferðapjónustuaðilar sáu ný tækifæri og nýttu þau. Það var samhljóða niðurstaða þátttakenda í störfum vinnustofunnar að það hafi gengið vel að nýta þessi tækifæri og skapa aukin verðmæti fyrir svæðið í heild.

Þá tryggir starf menningarfulltrúa að til staðar er yfirsýn og lærdómur sem unnt er að miðla til og frá grasrótinni eins og lærdóm af fásóttum atburðum þar sem mikilvægi atriði eins og tímasetningar atburða innan árs skipta máli og þess að hafa á hverjum tíma upplýsingar og atburðayfirlit sem komið geta í veg fyrir að skyldir atburðir rekist á svo dæmi séu tekin.

Þróun fjármagns sem varið er til menningarmála á hverju svæði

Þegar litið var til þess hvort samningsaðilar, ríki og sveitarfélög, hafi varið meira fé en áður til menningarmála á hverju svæði sem samningur nær til kemur fram að sú er ekki raunin á Vesturlandi. Framlög ríkisins hafa lítillaga dregist saman sl. þrjú ár, framlög sveitarfélaga hafa staðið í stað utan eins árs.

RARIK hefur styrkt Menningarráð Vesturlands um 2 m.kr. sl. tvö ár. Á Vesturlandi hefur ekki tekist að auka framlög til menningarsamningsins frá einkaaðilum eða annarra utan menningarsamnings. Talið er að megin skýring þess sé bágur fjárhagur margra aðila eftir efnahagshrunið en einnig var nefnt að öflug fyrirtæki á svæðinu hafi hætt starfsemi eins og Sparisjóður Mýrarsýslu sem var mikilvægur bakhjarl menningarstarfsemi í héraðinu.

Sveitarfélög á svæðinu styðja, í mismiklu mæli, við annað menningarstarf innan síns sveitarfélags. Fyrirtæki og einstaklingar styrkja einnig menningarviðburði innan sveitarfélaga eða héraðs á eigin forsendum. Á vinnustofunni var bent á að það hefur heyrst að sveitarfélög veigra sér við að styrkja verkefni og vísi þeim í Menningarráðið. Í þessu samhengi er mikilvægt að líta á samspil viðmiða úthlutunarreglna Menningarráðs og

skilgreindrar stefnu og áhersla viðkomandi sveitarfélags. Á það var bent að yfir tíma gæti þróast verkaskipting en æskilegt er að slíkt yrði samræmt milli sveitarfélaga eða a.m.k. hvatt til slíkrar samræmingar.

Almennt var talið að framkvæmd menningarsamninga gangi vel á Vesturlandi en að eftirspurn eftir styrkjum væri það mikil að æskilegt væri að auka fjármagn til þeirra. Samhliða þarf hins vegar að mati þátttakenda á vinnustofunni að skýra og auka gegnsæi í skiptingu fjármagns á milli landshluta sem væri klofningsþáttur milli svæða. Átök eða ólík sýn á fjármuni til einstakra samninga hefur ekki bein áhrif á samstarf menningarfulltrúa landshlutanna en það samstarf er mjög gott og hefur styrkst á samningstímabilinu.

Heildar fjármunir ríkisins til samningsins á Vesturlandi hafa tekið breytingum til lækkunar og þannig varð t.d. 4 m.kr. lækkun á fjárveitingunni fyrir árið 2013 vegna almennra aðhaldsaðgerða við gerð fjárlaga. Í samningunum er enda fyrirvari um að fjárhæðir séu háðar samþykki Alþingis við fjárlagagerð hvers árs. Samningarnir eru til þriggja ára og fela í sér fasta greiðslu sem ekki tekur verðlagsbreytingum en getur og hefur tekið breytingum við afgreiðslu fjárlaga.

Hluti sveitarfélaga á Vesturlandi hafa orðið til að benda á að kostnaður við rekstur og umsýslu þeirra verkefna sem leiða af menningarsamningnum sé of mikill þ.e. að kostnaður við úthlutanir sé e.t.v. of hár. Ef litið er til kostnaðar verkefnisins þá er beinn stjórnunarkostnaður á árinu 2012 nokkur. Á móti hefur verið bent á að hlutverk menningarfulltrúans sé að tryggja að fram komi góðar hugmyndir, fóstura og þróa þær eins og unnt er, miðla upplýsingum og tryggja að lærdómur verði á milli ára þannig að starfsemin eflist yfir tíma.

Verklag og vinnubrögð Menningarráðs Vesturlands

Menningarráð Vesturlands starfar á grundvelli Menningarstefnu Vesturlands frá 2002, í stefnunni eru skilgreind samstarfssvæði innan Vesturlands og lagður grunnur að skipan Menningarráðs með fulltrúum frá hverju svæðanna auk fulltrúa SSV. Menningarráð Vesturlands starfar á grundvelli samþykktar frá 31. janúar 2006. Menningarráðið hefur ekki unnið nýja stefnu á grundvelli ákvæðis í menningarsamningi en sú ákvörðun var tekin annars vegar vegna kostnaðar og hins vegar vegna þess að nýtt samkomulag um fyrirkomulag verkefnis til framtíðar liggur ekki fyrir. Segja má að stutt samningstímabil og umræður um breytingar á fyrirkomulagi menningarsamninga hafi leitt til þess að formlega séð uppfyllir Vesturland ekki ákvæði menningarsamningsins um mótun stefnu. Þó færa megi almenn rök fyrir því að gildandi stefna sé of gömul til þess að geta talist skjal í fullu

gildi þá hafa verið teknar stefnumarkandi ákvarðanir m.a. á grunni úthlutunarreglna, sem skýra stefnu hvers tíma.

Menningarráð Vesturlands hefur uppfært úthlutunarreglur reglulega og breytt áherslum á hverju ári en þó þannig að reglurnar samræmist markmiðum menningarsamningsins við mennta- og menningarráðuneytið. Eins og áður kom fram voru áherslur ráðsins fyrir árið 2012 að horfa til verkefna sem skapa svæðinu sérstöðu og efla samstarf í menningarlífinu á Vesturlandi sem er almennt séð í takti við markmið í menningarsamningunum. Einnig að efla skapandi greinar sem sjálfstæðan atvinnuveg og listrænt samstarf á Vesturlandi og erlendis.

Fulltrúar sem koma að framkvæmd verkefnisins á Vesturlandi telja að ágætlega hafi gengið að vinna á þeim grundvelli sem hér að ofan er lýst en þó stendur til að vinna nýja stefnu fyrir Vesturland sem unnin verður þegar fyrirkomulag verkefnisins til framtíðar verður ljóst en rætt hefur verið um að menningarsamningar gætu í framtíðinni ratað inn í uppbyggingu og verklag Sóknaráætlana landshluta.

Í viðtölum við hagsmunaaðila á svæðinu var bent á að Menningarráð Vesturlands gæti aukið samráð við hagsmunaaðila þegar kemur að mótun úthlutunarreglna. Ekki komu fram sambærilegar ábendingar á öðrum svæðum en á vinnustofunni kom fram að samráð af þessu tagi sé frekar tilviljanakennt af hálfu Menningarráðs Vesturlands og því ekki nógu markvisst. Úthlutunarreglur hafa verið unnar með tilliti til samninga ríkisins og markmið samninganna.

Menningarfulltrúi Vesturlands hefur frá og með árinu 2013 verið í fullu starfi en hluti sveitarfélaganna innan SSV telur að fjárveitingar til verkefnisins beri ekki fullt starf. Því er talið hugsanlegt að horfið verði frá því fyrirkomulagi í nágrenni framtíð. Í þessu samhengi er rétt að fram komi að mikil og almenn ánægja er með störf menningarfulltrúa sem kom skýrt fram bæði í viðtölum og á vinnustofunni. Stjórn SSV tók þá ákvörðun að segja upp ráðningarsamningi við menningarfulltrúa Vesturlands á grundvelli óvissu um framtíðarfyrirkomulag menningarsamninga en fullur hugur er til þess að endurnýja ráðningu við núverandi menningarfulltrúa. Fram kom það sjónarmið að það hafi e.t.v. skapað óþarfa los á starfseminni þ.e. að slík aðgerð hafi verið óþörf í ljósi vilja til endurnýjunar starfssamnings á nýjum grunni.

Úthlutun fjármagns til verkefna

Úthlutunarreglur á svæðinu eru nokkuð opnar nema að því leyttinu til að Menningarráð Vesturlands hefur tekið ákvörðun um að styrkja ekki bókaútgáfur, heimasíður og geisladiska. Sambærilegar áherslur er að finna á öðrum svæðum en vakin var athygli á því að það væri umhugsunarefni hvort rétt væri að taka alfarið fyrir eina ákveðna tegund menningarstarfsemi. Önnur leið væri að hafa þetta breytilegt í áherslum Menningarráðs hverju sinni en flestir þátttakendur á vinnustofunni töldu almennt séð eðlilegt að Menningarráðið geti og eigi að leggja áherslur fyrir hverja úthlutun því slíkt tryggi þróun og haldi umsækjendum við efnið þar sem það eykur kröfur til umsækjenda um að kynna sér áherslur hvers árs.

Á vinnustofu voru nefnd dæmi um verkefni sem hlotið hafa styrk á hverju ári en til lengri tíma er það stefna Menningarráðs Vesturlands að þau verkefni verði sjálfbær. Hluti þátttakenda benti hins vegar á að ýmis menningarstarfsemi eins og t.d. Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands falla ekki að fullu að kröfu um sjálfbærni þó að hlutfall sjálfsaflafjár sé hátt eins og t.d. í tilfelli landsnámssetursins í Borgarnesi.

Þá kom fram að sveitarfélögin hafa verið að draga sig til baka úr fjármögnun Snorrastofu en þau telja að ríkið eiga að leiða fjármögnun Snorrastofu enda sé um verkefni á sviði þjóðmenningar að ræða. Snorrastofa er sjálfseignarstofnun sem ríkið lítur á og viðurkennir sem einingu sem vinnur á sviði þjóðmenningar. Framlög sveitarfélaga og ríkis til Snorrastofu hafa dregist nokkuð saman og það mat kom fram í viðtölum að þess sjáist merki að Menningarráðið beini styrkjunum almennt frá viðfangsefnum á sviði þjóðmenningar. Tilvist Menningarráðs er hins vegar mikilvæg fyrir Snorrastofu. Þannig veitti Menningarráð t.d. á árinu 2010 um 1,8 m.kr. í stóru Snorrásýninguna sem var viðbragð við auknum ferðamannafjölda á svæðinu á sama tíma og efnahagskreppan dró úr getu sveitarfélaganna til að styðja stofnunina. Án menningarsamnings hefði Snorrastofa ekki getað búið til þann segul á ferðabjónustu sem Reykholt er nú orðin og sést í þeim gestafjölda sem áður var vikið að. Borgarbyggð ein og sér bjó ekki yfir nægjanlegu fjárhagslegu bolmagni til þess að þróa starfsemina áfram á þeim tíma og menningarsamningurinn brúaði það bil.

Eins og áður hefur verið nefnt hefur Vesturland, líkt og önnur svæði landsins, gengið illa að auka fjármuni til menningarsamningsins. Þá fer umtalsverður tími styrkþega í að tryggja sér fjármagn til að setja af stað verkefni. Reynsla svæðisins af úthlutun til verkefna var rædd á vinnustofunni. Þegar þátttakendur voru beðnir um að benda á einstaka þætti sem hefðu gengið síður eða væri þess virði að skoða betur var oftast nefnt að vinna við að afla verkefnum mótframlaga geti verið flókin, sérstaklega fyrir einstaklinga sem sækja um. Á

móti var bent á það að menningarfulltrúi veitti einstaklingum góð ráð í þeim efnum og lumaði oft á mjög hagnýtum ábendingum og gæti stundum leitt aðila saman.

Hluti hagsmunaaðila á svæðinu telja það umhugsunarefni hvort að Menningarráð Vesturlands með sína takmörkuðu fjármuni eigi að styrkja fjölbætta starfsemi eins og fram fer í Snorrastofu sem er sterkur aðili á svæðinu. Fulltrúi Snorrastofu bendir hins vegar á að án styrks frá menningarráði hefði Snorrasýningin ekki orðið að veruleika. Styrkir menningarráðs uppá 1,8 m.kr. og Borgarbyggðar að fjárhæð 0,5 m.kr. eru einungis lítill hluti af fjármögnuninni en afgangurinn af þessu 25 m.kr. verkefni er brúaður með lántöku. Snorrastofa er gott dæmi um menningatengda ferðaþjónustu þar sem lögð er mikil áhersla á að miðla rannsóknnum. Þá er Snorrastofa mikilvægur hlekkur í ferðamannaleiðinni að Hraunfossum og Jöklum og gistihús hafa sprottið upp á næstu bæjum og starfsemi hótelsins á Reykholti gengur vel. Af því leiðir að atvinna hefur skapast í tengslum við þetta og miðlun menningararfsins er stór hluti af aðdráttaraflí staðarins.

Lærdómur og umræður um breytingar á fyrirkomulagi menningarsamninga

Eftirfarandi samantekt er byggð á umræðu hjá hagsmunaaðilum um hvaða lærdóm væri unnt að draga af núverandi fyrirkomulagi menningarsamninga og forgangsroðun tillagna sem vert væri að hafa í huga til framtíðar lítið.

- Að skoðað verði hvort rétt sé að miðla við að úthluta styrkjum tvisvar sinnum á ári. Þetta hefur verið reynt og er kostnaðarsamara en athuga mætti hvort unnt sé að taka upp kerfi sem myndi brjóta upp formið gagnvart smærri verkefnum. Bent var á að slíkt mætti kalla B-úthlutanir og það væri þá skilgreint sérstaklega sem lægri fjárhæðir til smærri verkefna. Almennu rökin fyrir tveimur úthlutunum eru þau að eitt ár er langur tími og áhugaverð verkefni geta komið upp með skömmum fyrirvara sem Menningarráð teldi að rétt væri að fjármagna. Ein úthlutun á ári kemur hins vegar í veg fyrir að unnt sé að bregðast við góðum tillögum innan ársins. Erfitt gæti þó reynst að brjóta formið upp núna þegar hefð er komin á árlega úthlutun sem hefur að mati flestra hefur reynst vel.
- Að skilgreina nánar rammann utan um verkefni á vegum sveitarfélaga eða stofnana sem eru á fjárhagsáætlun eða fjárlögum og skýra þannig línur. Fjármögnun verkefna hjá Menningarráði þyrftu t.d. hið minnsta að sýna fram á að um sé að ræða eitthvað nýtt sem ekki falli að reglubundinni starfsemi viðkomandi aðila.

- Að kannað verði hvort möguleiki sé á því að menningarsamningar verði til fimm ára þannig að aukin langtímahugsun verði ríkjandi. Þar með skapast festa til lengri tíma.
- Að Menningarráðið sæki inn í erlent samstarf sem gæti skilað sér til baka í auknu fé t.d. á grunni menningaráætlunar Evrópusambandsins. Til að slíkt gangi eftir þarf stuðning og samþykki frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- Að unnið verði að nánari skilgreiningu hugtaka t.d. um það hvað felst í menningartengdri ferðaþjónustu. Hvar koma sveitarfélögin inn, hvar koma ferðaþjónustuaðilar inn, hvað er safn, byggðasafn, setur, stofa o.s.frv. Að hluta til er fjallað um þetta í nýju safnalögunum en praktíkin er samt ennþá óljós og þarf að leiða fram. Á sama tíma er mikilvægt að sviðið verði ekki of niðurnjörvað.
- Að komið verði á vinnustofu listamanna á vettvangi menningaráðs. Menningarfulltrúi vann með einstaklingum til þess að koma af stað vinnustofu fyrir listamenn í Borgarnesi, þar var búið að útbúa vinnustofur og íbúðir fyrir listamenn, sú uppbygging hrundi í efnahagshruninu. En áhuginn á slíku samstarfi er mikill þótt Menningarráð sem slíkt muni ekki stofna vinnustofur en gæti stuðlað að því.
- Verði það niðurstaða að fella menningarsamningana inn í Sóknaráætlun vesturlands þarf a.m.k. að tryggja að ákveðin upphæð verði afmörkuð til menningarmála og tryggja að þekking og reynsla Menningarráðs rati inn í þann farveg. Ein leið væri að Menningarráð verði ráðgefandi en önnur leið að Menningarráð verði hrein úthlutunarnefnd.
- Uppbygging og viðmið menningarsamninga gengur út á að styrkja stök verkefni þ.e. viðburði, leiklistaverkefni og kóraverkefni. Það sem verður útundan er að styrkja listir almennt, vinnu sem unnin er til framtíðar og í því sambandi voru nefndar bækur og myndlist. Menningarráð Vesturlands hefur á hverju ári haft listir að leiðarljósi í úthlutunarreglum en ekki fengið nógu margar sterkar faglegar umsóknir frá starfandi listamönnum og hönnuðum á svæðinu.
- Að Menningarráð standi fyrir ritroð t.d. þannig að eitt útgáfuverkefni á ári hlyti brautargengi en þyrfti augljóslega að vera tengt sögu og menningu svæðis.
- Að farið verði í hugmyndavinnu um hina æskilegu samfélagsgerð á Vesturlandi og hvernig unnt væri að fá „unga fólkið heim“ með það að höfuðáherslu á að skapa störf á sviði menningar í heimabyggð. Slíkt gæti fallið vel að hugmyndum um að


eitt til tvö verkefni á vegum Menningarráðs séu þriggja til fimm ára verkefni sem miða að því að tryggja ákveðna staðbundna uppbyggingu.

- Að breytingar á uppbyggingu SSV og efling starfseminnar á grundvelli sóknaráætlunar verði nýtt til þess að létta t.d. fjármálalegum verkefnum af menningarfulltrúa sem geti þá betur sinnt frumkvæðis og samræmingarhlutverki á sviði menningarmála á Vesturlandi.

Mat á framkvæmd menningarsamnings á Vesturlandi

Eftirfarandi er mat ráðgjafa á framkvæmd menningarsamnings á Vesturlandi á yfirstandandi samningstímabili. Rétt er að gera ráð fyrir því að árangurinn sé að hluta til uppsafnaður og gildir það um öll svæðin. Heildarárangur framkvæmdar menningarsamningsins á Vesturlandi er metinn 77%.

Þegar litið er til einstakra markmiða hefur svæðið hefur náð sérstaklega góðum árangri í þeim matsþætti sem varðar stuðning menningarstarfsemi við ferðaþjónustu. Þar skiptir mestu máli farsæl uppbygging starfsemi í kringum Snorrastofu og landnámssetrið í Borgarnesi. Svæðinu hefur síður tekist að fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista og að hluta til skýrist það af nálægð við höfuðborgarsvæðið. Nýsköpun og fjölbreytni í menningartengdri ferðaþjónustu fær einnig ágætiseinkunn eða 78%.



Vestfirðir


Á Vestfjörðum eru 9 sveitarfélög og fyrir hönd þeirra hefur Fjórðungssambands Vestfirðinga undirritað menningarsamning við ríkið.

Íbúafjöldi á svæðinu hefur staðið í stað sl. 3 ár og er í kringum sjö þúsund manns.

Fjölmennasta sveitarfélagið er Ísafjarðarbær með hátt í fjögur þúsund íbúa.

Í Menningarráði Vestfjarða sitja fimm fulltrúar sem kosnir eru á aðalfundi

Fjórðungssambandsins. Áherslur Vestfirðinga eru að ná sem víðtækastri sátt um verkefnið með því að skipa Menningarráð með fulltrúum víða úr fjórðungnum.



Lykiltölur 2011-2013

Vestfirðir	2011	2012	2013*
Framlög úr ríkissjóði	24,8	24,5	23,8
Framlög vegna stofn- og rekstrarstyrkja	-	11,4	11,4
Framlög frá sveitarfélögum	9,9	9,9	9,9
Önnur framlög (sértekjur)	-	-	5,0
Samtals	34,7	45,8	50,1
Heildarfjárhæð umsókna í verkefnastyrki	137,7	76,9	85,0
Heildarfjárhæð umsókna í stofn- og rekstrarstyrki	-	81,0	64,0
Úthlutanir til verkefna	26,5	19,1	23,7
Úthlutanir í stofn- og rekstrarstyrkjum	-	11,4	16,4
Laun og launatengd gjöld	8,1	8,6	8,9
Annar kostnaður vegna starfsemi Menningarráðs	3,6	3,9	4,0
Samtals	11,7	12,5	12,9
Fjöldi umsókna (verkefnastyrkir)	183	107	125
Fjöldi úthlutana (verkefnastyrkir)	71	33	57
Fjöldi umsókna (stofn og rekstrarstyrkir)	-	40	35
Fjöldi úthlutana (stofn og rekstrarstyrkir)	-	11	16

*byggt á áætlunum fyrir 2013

Á Vestfjörðum er mikil eftirspurn eftir styrkjum frá Menningarráði. Á árinu 2011 var úthlutað tvisvar og heildarfjöldi umsókna í verkefnastyrki var 183. Fjöldi umsókna í verkefnastyrki 2012 var 107 en úthlutað var til 40 verkefna (30,8%). Líkt og í öðrum landshlutum eru umsóknir umtalsvert fleiri en hægt er að anna. Um þriðjung umsókna fær brautargengi, samtals var sótt um 107 verkefnastyrki 2012 og veitt var fjármagn í 33 verkefni (30,8%). Líkt og annars staðar fá verkefni sjaldnast þá upphæð sem um er beðið. Fjárhæð allra umsókna nam 76,9 m.kr. en Menningarráð Vestfjarða úthlutaði 19,1 m.kr. 2012. Á árinu 2013 var heildarfjárhæð umsókna 85 m.kr. og úthlutað var 23,7 m.kr.

Menningarráð Vestfjarða starfar á grundvelli stefnu sem unnin var af undirbúningshópi fyrir fyrsta menningarsamning svæðisins árið 2007. Að mati hagsmunaaðila á svæðinu hefur stefnan reynst vel en hana þurfi að uppfæra og stefnt er að því að hefja vinnu innan vébanda Fjórðungssambands Vestfirðinga á næstu misserum.

Samstarf á sviði menningarmála

Menningarráð Vestfjarða hefur eflt samstarf og samvinnu innan Vestfjarða, bæði á milli ólíkra listgreina, milli aðila í ferðaþjónustu, fræðimanna, safnafólks og listamanna. Það næst m.a. fram með því að standa fyrir sameiginlegum fundum og ráðstefnum þar sem saman koma áður nefndir aðilar.

Menningarráð Vestfjarða telur að með stofnun Félags vestfirskra listamanna vorið 2011 hafi verið stigið mikilvægt skref í auknu samstarfi listafólks. Menningarráðið kom að stofnun félagsins í samvinnu við áhugasamt listafólk á Ísafjarðarsvæðinu. Félagið var stofnað á listamannþingi í Listakaupstað á Ísafirði vorið 2011 og gaf út sameiginlegt tímarit List á Vestfjörðum um haustið. Þar voru kynntar hátíðir og listafólk á Vestfjörðum. Aftur var listamannþing í Bolungarvík 2012 og tímaritið aftur gefið út og nú var þemað aðstaða listafólks í fjórðungnum. Á listamannþingi á Patreksfirði vorið 2013 voru einnig skemmtilegar umræður og fyrirhugað er að gefa út þriðja tímaritið með áherslu á félagastarf á listasviðinu. Einnig var rætt um gagnagrunn um starfsemi listafólks á Vestfjörðum sem væri sérsniðin til þess að markaðssetja vestfirska list.

Gerð hefur verið tilraun til að koma á samstarfi safna, setra og sýning á Vestfjörðum, með því að Menningarráð efndi til stefnumóts þessara aðila. Stefnumótið heppnaðist vel en ekki varð framhald á verkefninu þar sem undirbúningshópur náði ekki að útfæra það frekar á þeim tíma. Nú er unnið að formlegu klasasamstarfi á þessu sviði á norðanverðum Vestfjörðum að frumkvæði menningarstofnana og sveitarfélaga.

Á svæðinu hefur verið stuðlað að auknu samstarfi á sviði menningarmála. Þátttakendur á vinnustofu sem haldin var á Ísafirði vöktu sérstaka athygli á eftirfarandi:

- Bæði Menningarráðið og menningarfulltrúinn hafa ýtt undir góðar umsóknir um áhugaverð verkefni á svæðinu.
- Stuðlað hefur verið að samstarfi innan svæðisins og er það nú sýnilegt m.a. á þann veg að heimamenn upplifa verkefnið þannig að þeir séu sjálfir að fjalla um sín eigin mál.
- Vestfirðir hafa sérstöðu og á áfram að vera eitt sérstakt menningarsvæði til að stuðla að byggja undir þá sérstöðu og rækta hana enn frekar. Svæðið fái þannig bæði að njóta og nýta sína eigin sérstöðu.
- Einn af ávinningum af störfum Menningarráðs er að hafa þjappað fjórðungnum saman á sviði menningarmála. Þannig hefur upplýsingaflæði aukist á milli svæða, listamenn kynnast betur hver öðrum og þannig hafa myndast tengingar og sambönd milli listafólks og jafnframt yfir í ferðaþjónustu, söfn og fræðimenn. Það er mat Menningarráðsins að í raun hafi orðið bylting í því hversu mikið menn þekkja nú til annars staðar á Vestfjarðakjálkanum.
- Þetta verkefni hefur leitt af sér marga góða hluti fyrir svæðið en það skiptir máli að um starfsemi Menningarráðs ríkir mikil sátt m.a. vegna þess að sem samkeppnisjóður með skýrar úthlutunarreglur er verkefnið því sem næst alveg laust við hreina og klára hreppa- og flokkspólítík.
- Þegar í ljós hefur komið að það halli á einstök svæði hefur menningarfulltrúa verið falið að kenna fólki á „kerfið“ á þeim svæðum og efla það í að vinna innan þess í stað þess að freista þess að Menningarráðið jafni þetta út með handaflí í úthlutuninni.
- Bent var á ákveðna sérstöðu á Vestfjörðum er varðar fjölda fulltrúa í Menningarráði. Fulltrúar voru níu á árinu 2007 og síðan sjö til 2010 en fimm síðan þá, var það að sögn viðmælenda til þess að skapa viðtæka sátt um verkefnið. Þetta hefði þó verið kostnaðarsamt og önnur svæði hafa miðað við 5-7 fulltrúa. Skiptar skoðanir eru um það á Vestfjörðum hvort fulltrúar í Menningarráði eigi að vera fimm eða sjö.

Þegar litið var til atriða sem hefðu gengið síður og vert væri að nefna til að draga af lærdóm til framtíðar þá nefndu þátttakendur á vinnustofunni eftirfarandi atriði:

- Til staðar er áhugi á að breikka svið menningarsamninganna þannig að góð verkefni í öðrum landshlutum geti átt farveg innan Vestfjarða og öfugt. Bent var á að í núverandi fyrirkomulagi væri enginn sérstakur hvati til samstarfs á milli svæða og þegar til staðar er viðburður sem auðvelt væri að flytja til fleiri svæða er ekki til staðar vettvangur á milli menningarráðanna til að taka á og útfæra slíkt.
- Nokkuð var rætt um mikilvægi þess að endurnýja stefnumótunina frá árinu 2007. Stefnan hefur reynst Menningarráðinu vel en nú stendur til að líta til heildstæðrar stefnu út á við fyrir kjálkann.
- Mikið var rætt um stærð styrkja og umræðan snérist um stærri og færri eða smærri og fleiri styrki. Almenna niðurstaðan var að unnt væri að byggja báðar niðurstöðurnar á góðum rökum. Bent var á að í minnstu og fámennustu sveitarfélögunum upplifi fólk að þau hafi of fá verkefni sem eigi tækifæri í samkeppninni.
- Þá kom fram að eðli sumra verkefna er að þau eru fyrst og fremst langtímaverkefni, sérstaklega þau sem flokka má sem menningartengda ferðaþjónustu. Því væri æskilegt að styrkþegar gætu vitað meira um fjármögnun lengra fram í tímann. Það sem vantar er því öryggi eða stöðugleiki í þetta gagnvart þeim aðilum sem hugsa stórt og hafa getuna en þurfa aðgengi að grunnfjármögnun í upphafi.
- Við upphaf yfirstandandi samningstímabils tók núverandi Menningarráð við góðu búi þar sem búið var að móta ferlin og aðferðir sem allir eru sammála um að skuli ríkja. Það getur vel verið að einhverjir telji sig upplifa að einstaka verkefni séu komin í eins konar áskrift en niðurstaðan er að mati þátttakenda fagleg út í gegn og þeir aðilar sem eru með bestu umsóknirnar fá styrki. Það eina sem skiptir máli við úthlutun styrkja eru verkefnin sjálf og umsóknirnar en stutt tímalengd menningarsamningsins er vandamál.
- Bent var á það að á Vestfjörðum eru ekki menningarfulltrúar starfandi hjá einstaka sveitarfélögum sem þekkist á öðrum landssvæðum og af því leiðir að ekki er um samstarf að ræða á slíkum vettvangi.

Nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu

Menningarráð Vestfjarða bendir á að nýsköpun taki gjarnan lengri tíma en eitt eða tvö ár og oft þarf að styrkja uppbyggingu sama verkefnis nokkur ár í röð til að það fara að skila þeim árangri eða áhrifum sem að er stefnt. Þannig sé tækifæri fólgið í því að lengja samningstímabilið til að styrkja nýsköpun enn frekar í sessi.

Margvísleg hátíðarhöld eru fastir viðburðir á Vestfjörðum. Fjórir hátíðir eru nú rótgrónar: Leiklistarhátíðin Act Alone, heimildamyndahátíðin Skjaldborg og tónlistarhátíðirnar Aldrei fór ég suður og Við Djúpið. Í undirbúningi eru frekari hátíðir, m.a. listahátíð ungs fólks á Vestfjörðum, og aðrar hátíðir eru að festa sig í sessi, s. Rauðasandur Festival, Mölin á Drangsnesi og Pönk á Patró.

Menningarsamningur Vestfjarða hefur að einhverju marki stuðlað að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu á samningstímabilinu. Menningarráð Vestfjarða telur að uppbygging á þessu sviði menningartengdrar ferðaþjónustu á Vestfjörðum hafa árin 2011-2013 helst einkennst af því að Menningarráðið er að verja þá starfsemi sem byggð hefur verið upp á árunum þar á undan og byggist á samvinnu ólíkra aðila, listafólks og fræðimanna, s.s. Melrakkasetrið í Súðavík, Dellusafn á Flateyri, Skrímslasetrið á Bíldudal, Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum og Galdrasýning á Ströndum. Fleiri verkefni af svipuðum toga hafa verið í undirbúningi.

Rótgrónar menningarstofnanir á svæðinu voru vanar að keyra sín verkefni með sínum aðferðum og áttu sennilega erfitt með að fóta sig í nýju kerfi í upphafi. Þeirra veikleiki var að þróa og búa til atburði og vera í samstarfi þvert á stofnanir, listamenn og svæði. Í upphafi sendu þær því inn of hefðbundnar umsóknir og urðu ósáttar við að verið væri að „styrkja einhverja karla niðri í fjöru eða prjónandi konur“. Menn þurftu að skilja að þetta væri breytt umhverfi þar sem afmörkun verkefnis, rökstuðningur og skýr og tíma- og kostnaðaráætlun var sett í öndvegi.

Æskilegt að skoða aukið samstarf á milli svæða og á því er mikill áhugi innan Menningarráðs Vestfjarða. Þar mætti draga lærdóm af samstarfi Norðurlands eystra og Austurlands.

Fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista

Á svæðinu hefur tekist ágætlega að auka möguleika atvinnulistamanna til búsetu og atvinnu á svæðinu. Því til rökstuðnings má horfa til ýmissa listahátíða á svæðinu. Tónlistarhátíðin Við Djúpið hefur haft jákvæð áhrif á tónlistarlífið á norðanverðum Vestfjörðum. Heimildamyndahátíðin Skjaldborg á Patreksfirði hefur leitt til þess að Vestfirðir eru í

auknum mæli vettvangur heimildamyndagerðar, bæði á vegum heimamanna og kvikmyndagerðarmanna sem koma lengra að. Þetta má sjá í styrkveitingum Menningarráðs Vestfjarða 2013 þar sem veittir eru 5 styrkir til heimildamyndagerðar.

- Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur hjálpað mikið til í vinnu Menningarráðs þegar kemur að vinnu við fjölgun atvinnutækifæra og það hefur allt verið til fyrirmyndar.
- Bent var á að mikilvægt væri að auka við þá fjármuni sem eru til ráðstöfunar í stofn- og rekstrarstyrki og almennt efla þann þátt starfseminnar.
- Menningarsamningurinn hefur orðið til þess að auka breidd í listum, menningu og menningartengdri ferðaþjónustu og leitt fram breiðari skilgreiningu á menningu en hingað til hefur ríkt á svæðinu sem er mjög jákvætt.
- Litlu styrkirnir gera töluvert mikið til að bæta við í menningarlífinu. Þeir mega alls ekki hverfa. Það er mjög gaman að sjá verkefni sem í upphafi fengu eitthvert lítillræði en lifa enn góðu lífi. Í upphafi voru t.d. helmingi fleiri umsóknir á Vestfjörðum en t.d. á Norðurlandi vestra þannig að almennt séð gengur þetta vel en auknir fjármunir til verkefnisins myndu margfalda aflið. Litlu styrkirnir eru þannig í raun ákveðið spark til að koma verkefnum af stað.
- Á Vestfjörðum hefur aldrei verið litið á styrkina sem tæki í einhvers konar jöfnunarsjóði innan svæðisins og á vinnustofunni kom fram það mat að það geti verið ein af ástæðum þess að á svæðinu ríki bæði sátt um ráðið og úthlutanir þess.

Menningarráð Vestfjarða telur óþarflega mikið af fjármagni menningarstofnanna á Vestfjörðum hafi síðustu árin farið í að verja störf sem fyrir eru, fremur en að skapa ný. Margfeldisáhrif af öflugu listalífi og menningarstarfi eru þó ekki síður mikilvæg þó þau séu síður sýnileg en varanleg heil ný störf.

Menningarstarfsemi og samspil við ferðaþjónustu

Menningarráð Vestfjarða hefur lagt áherslu á þennan þátt með því að styrkja verkefni þar sem listamenn tengja menningarstarf sitt ferðaþjónustunni. Menningarráð Vestfjarða lítur á verkefni af þessu tagi sem ferðatengda menningarstarfsemi. Slíkt hafi að markmiði að stækka og víkka markhópin og gefa kost á meiri tekjum listafólks, auk þess að skapa almennt færi á fjölgun starfa tengdum listum og menningu. Verkefni fjórðungsins sem

þessu tengjast eru m.a. Skrímslasetur á Bildudal, Sjóráningjahúsið á Patreksfirði, Melrakkasetur í Súðavík, Galdrasýning á Hólmavík og Sauðfjársetur á Ströndum.

Aukin áhersla er merkjanleg hjá menningarstofnunum og listamönnum um að skipuleggja verkefni og uppbyggingu með hliðsjón af og sem innlegg í ferðaþjónustu á svæðinu. Slíkt auki tekjur og um leið fjölgar neytendum vestfirskrar menningar og lista

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða í Ísafjarðarbæ er ágætt dæmi þar sem helsti skilgreindi markhópurinn eru ferðamenn í skemmtiferðaskipum. Önnur söfn sem leggja áherslu á ferðamennsku eru Bata- og hlunnindasafnið á Reykhólum, Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti, Sjóminjasafnið Ósvör og Sauðfjársetur á Ströndum.

Menningarráð Vestfjarða vill benda á að nýsköpun á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu sé langhlaup. Styðja þurfi við uppbyggingu slíkra verkefna allt til enda uppbyggingar og sýna þarf þolinmæði meðan aðilar eru að efla starfsemi sína og auka tekjur.

Menningarráð Vestfjarða og Ferðamálasamtök Vestfjarða eiga í samstarfi í þessari uppbyggingu í ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Menningarfulltrúi Vestfjarða tók beinan þátt í stefnumótun ferðaþjónustunnar 2010.

Rekstur Markaðsstofu Vestfjarða er nú innan Fjórðungssambands Vestfirðinga og að mati viðmælenda á svæðinu hefur það þegar leitt til aukinnar samvinnu menningarfulltrúa og markaðsfulltrúa.

Þróun fjármagns sem varið er til menningarmála á hverju svæði

Framlög ríkis til menningarsamnings Vestfjarða hefur lítillaga lækkað síðustu þrjú ár. Framlög hafa verið í kringum 24,8 m.kr. á ári. Upphæðin var lítillaga lækkuð á árinu 2012 eða í 24,5 m.kr. Önnur framlög hafa staðið í stað. Framlög sveitarfélaganna eru 9,9 m.kr. öll árin og svo bættust við stofn- og rekstrarstyrkir á árinu 2012 að upphæð 11,4 m.kr. Á árinu 2013 kom framlag til Menningarráðs Vestfjarða frá Sóknaráætlun Vestfjarða að upphæð 5 m.kr. og samkvæmt Sóknaráætlun Vestfjarða var því alfarið ráðstafað til að auka stofn- og rekstrarstyrki á árinu 2013. Stofn- og rekstrarstyrkir á árinu hækkuðu við þetta úr 11,4 m.kr. samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaganna í 16,4 m.kr.

Almennt vildu þátttakendur á vinnustofunni á Vestfjörðum að samið yrði til lengri tíma með aukna áherslu á staðbundna stefnumörkun. Þannig væri unnt að byggja undir og tryggja sveigjanleika í aðgerðum til að ná fram þeirri framtíðarsýn sem væru bæði fjárhagslegs eðlis en ekki síður á sviði ráðgjafar við umsækjendur. Bent var á að verkefnið hefði gengið það

vel og staðið yfir í það langan tíma að samningsaðilum væri óhætt að semja til lengri tíma. Í þessu samhengi var bent á að segja megí að hin almenna þróun í sambærilegu umhverfi, umhverfi samkeppnissjóða, sé að tímabilin séu lengri en þrjú ár, og í því sambandi bent á Evrópusambandið vinnur á grunni sjö ára áætlana með flesta sína samkeppnissjóði.

Á Vestfjörðum eru uppi áhyggjur af þróun stofn- og rekstrarstyrkja innan núverandi fyrirkomulags menningarsamninga. Bent var á að mikið umstang og umsýsla færi í að skipta afar takmörkuðum fjármunum. Á vinnufundi kom einnig fram:

- Menningarstofnanir á Vestfjörðum þurfa á meira fjármagni að halda til uppbyggingar og menningarmiðstöðvar á Vestfjörðum skortir rekstrarfé.
- Leysa þarf rekstrarvanda menningarhúsa og lausnin þarf að vera skalanleg á landsvísi t.d. í samræmi við það fyrirkomulag sem er við lýði á Austurlandi.
- Það að veita stakan styrk til eins árs í senn skiptir máli en dugir varla til að valda straumhvörfum. Best væri ef unnt væri að veita framlög sem væru til langs tíma og jafnvel stighækkandi upp að ákveðnu marki til verkefna sem ganga vel og komast því sem næst á stig sjálfbærni.
- Litið er til Austurlands sem fyrirmyndar að þessu leyti þar sem í upphafi fengust aukin framlög sem voru byggð á góðum árangri. Með mælikvörðum á árangur væri hægt að auka við eða draga úr fjárveitingum til svæðanna á grundvelli frammistöðu.

Verklag og vinnubrögð Menningarráðs Vestfjarða

Menningarráð Vestfjarða starfar á grundvelli stefnumótunar sem unnin var á vegum fyrsta Menningarráðsins og var sú vinna liður í undirbúningi þess menningarsamnings sem tók gildi árið 2007. Eins og á öðrum svæðum er starfað eftir úthlutunarreglum sem samþykktar eru sérstaklega fyrir hverja úthlutun. Hluti áherslna eru ólíkar á milli ára hjá Menningarráði Vestfjarða þó að segja megí að lykilatriðin séu jafnan hin sömu. Helstu áherslur sem svæðið hefur horft til varða menningarstarf eldri borgara, samstarf milli áhugamanna og atvinnumannanna og virka þátttöku barna og unglinga í menningarstarfi.

Ekki er að sjá annað en að rík samstaða sé um verkefnið innan sveitarfélaganna á Vestfjörðum og á aðalfundum Menningarráðsins sitja fulltrúar allra sveitarfélaga. Vel hefur tekist að kynna starfsemi Menningarráðs Vestfjarða og námskeið hafa veri haldin um gerð

styrkumsókna á öllum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum. Slík námskeið voru síðast haldin árið 2012.

Til staðar eru sérstakar samþykktir með starfsreglum fyrir Menningarráð Vestfjarða sem voru settar árið 2007 og endurskoðaðar í aðdraganda aðalfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 2010. Þessar samþykktir lýsa vinnubrögðum og verklagi, stjórnarskipun, aðalfund og starfsháttum almennt. Verði af fullri sameiningu á rekstri Menningarráðsins og Fjórðungssambandsins yrði kveðið á um starfsemi ráðsins í samþykktum Fjórðungssambandsins og sérstökum samningi milli sveitarfélaganna sem gerður yrði samhliða samningi við ríkið.

Í umsóknarferlinu eru úthlutunarreglur kynntar með auglýsingu og þar koma fram áherslur hverju sinni. Þær hafa breyst lítillega á milli úthlutana en byggja að grunni til á markmiðum í menningarsamningi ríkis og sveitarfélaga. Menningarráð Vestfjarða yfirfer allar umsóknir og ákveður úthlutanir á vinnufundum þar sem allir ráðsmenn hittast, einnig er slíkur úthlutunarfundur undirbúin á símafundum og í umræðum í tölvupósti. Hefð er fyrir símafundum á svæðinu vegna fjarlægða, en á úthlutunarfundum hittast allir.

Vanhæfisreglum stjórnsýslulaga er fylgt til hins ýtrasta og menn víkja af fundum við umræðu og ákvarðanir sé um einhver tengsl við umsækjendur að ræða. Verkefni og umsóknir eru vegnar og metnar á samkeppnisgrunni með hliðsjón af samningum, stefnu og úthlutunarreglum hverju sinni. Menningarráð Vestfjarða lítur svo á að það ráði yfir samkeppnissjóði og lítur ekki á sig sem einhvers konar jöfnunarsjóð milli verkefna eða svæða Vestfjarða og um það er full samstaða.

Þegar niðurstaða liggur fyrir fá allir umsækjendur svarbréf með jákvæðu eða neikvæðu svari eftir atvikum. Fram til ársins 2010 voru haldnar sérstakar úthlutunarathafnir víða um Vestfirði en því var hætt í sparnaðarskyni.

Þeir sem fá styrk þurfa að gera skriflegan samning við Menningarráðið til að fá hluta styrksins greiddan út og skila lokaskýrslu til að fá síðari helming greiddan. Styrkir eru felldir niður ef ekkert verður úr vinnunni og fjármagni úthlutað aftur til annarra verkefna.

Eftir að Menningarráð Vestfjarða sameinaðist Fjórðungssambandinu eru sýnileg aukin tækifæri til skilvirkni, t.d. að nýta gjaldkera sambandsins til að annast greiðslu styrkja eftir staðfestingu menningarfulltrúa, eftir að samningar hafa verið undirritaðir eða lokaskýrslur samþykktar. Enn frekari tækifæri eru til staðar til að nýta starfskrafta sambandsins.

Úthlutun fjármagns til verkefna

Úthlutanir styrkja Menningarráðs Vestfjarða byggja á úthlutunarreglum hverju sinni þar sem bæði er skilgreint hvers konar verkefni eiga ekki kost á styrkjum og hvaða áherslupættir auka líkur á styrkjum.

Það er skoðun Menningarráðs Vestfjarða að á meðal umsækjenda um menningarstyrki séu almennt tvö ólík sjónarmið þ.e. annars vegar þeirra sem vilja að styrkir séu færri og hærri og hins vegar þeirra sem vilja að styrkir séu fleiri og þá smærri. Þessara sjónarmiða gætir einnig á öðrum svæðum sem þessi úttekt nær til.

Þátttakendur á vinnustofunni töldu að verkefnið hafi almennt gengið vel og sérstaklega var bent á að Menningarráðið og menningarfulltrúi hafa stuðlað að því að auka bæði fjölda og gæði í menningarverkefnum með því að ýta undir samstarf og gera starfið sýnilegt út á við. Almennt var lýst yfir ánægju með það að stofn- og rekstrarstyrkir væru komnir til Menningarráðsins og helstu ábendingar um framtíðina og fyrirkomulag verkefna var um mikilvægi þess að Vestfirðir fái að halda sérstöðu sinni með því að vera áfram eitt svæði.

Það sem er helst ólíkt við framkvæmd samningsins á Vestfjörðum í samanburði við önnur svæði er það að menningarfulltrúinn forvinnur ekki umsóknir fyrir Menningarráðið til þess að geta viðhaldið algjöru hlutleysi gagnvart styrkþegum. Fram kom að menningarfulltrúi Vestfjarða þekkir málaflokkinn mjög vel og þá sérstaklega þau viðfangsefni sem tengjast menningartengdri ferðaþjónustu.

Annað sem er ólíkt og varðar meðferð og úthlutun menningarstyrkja er að Vestfirðingar líta á þá fjármuni sem úthlutað er til menningarsamningsins sem hreinan samkeppnissjóð. Það séu því eingöngu bestu umsóknirnar sem fái úthlutun og þær eru metnar á faglegum grundvelli. Þetta gerir það að verkum að umsókn frá sveitarfélagi eða ákveðnum stöðum innan svæðis sem hafa að jafnaði fáar umsóknir víkur fyrir sterkari umsóknum. Á móti vegur að lagt er upp með að menningarfulltrúi fari til staða sem eru með fáar umsóknir, veki athygli á menningarsamningnum og aðstoði við gerð umsókna.

Þó að fagleg sjónarmið ráði að mestu ferðinni á öðrum svæðum kom fram að sterkar umsóknir frá einu svæði gætu vikið fyrir öðrum á „jaðarsvæðum“ þannig að hér er um ólíka nálgun að ræða í vinnubrögðum.

Þegar litið er til annarra atriða sem ganga vel á Vestfjörðum var bent á að umsóknarferlið væri vel skilgreint, til staðar væri góð rútína og að lítið hafi verið kvartað vegna fyrirkomulagsins af hálfu umsækjenda.

Fram kom það mat að verklagið hefði lítilliga breyst eftir að verkefnið fór undir Fjórðungssambandið en talið er að of lítil reynsla sé komin á þann þátt til að kveða upp úr um það hvort að breytingin hafi orðið til batnaðar eða ekki. Menningarráð Vestfjarða starfar í rótina eins og áður en ábyrgð stjórnar Fjórðungssambandsins er skýrari en áður t.d. á sviði fjármálaumsýslu. Æskilegt er hins vegar að breyta samþykktum Fjórðungssambandsins þ.e. bæta inn umfjöllun í samþykktina sem festa myndi menningarmálin í sessi.

Þegar litið var til atriða sem hefðu ef til vill gengið síður var bent á að það að einhverjir aðilar fengu úthlutun í fleiri en eitt verkefni. Þá hefur einnig verið gagnrýnt innan svæðis að styrkþegar séu ekki alltaf listfræðilega menntaðir enn ekki verður séð að hægt sé að gera slíkt að forsendu styrkveitinga þó að eðlilegt megi telja að um þessi mál sé rætt. Það gengur ekki og gengi gegn anda menningarsamningsins að stíga á frumkvöðla þó ekki verði litið framhjá því að menntun skiptir líka máli.

Ísafjörður býr það vel að vera með sterkt menningarlíf fyrir þ.e. áður en gerður var menningarsamningur. Önnur svæði standa veikar en á Vestfjörðum er rík hefð er á sviði tónlistarnáms og það hefur m.a. skilað því að þetta fámenna svæði á alltaf nemendur í Listaháskóla Íslands.

Í samningagerð við ráðuneytin var í upphafi mikið treyst á menningarfulltrúa Vestfjarða við mótun samningsmarkmiða og línur þannig lagðar með stjórn Fjórðungssambandsins.

Viðmið þeirra er að Ísafjörður sé varnarsvæði og það sama gildi um meginhluta héraðsins og segja má að til staðar sé eins konar markaðsbrestur byggða- og menningarmála sem menningarsamningarnir ávarpa. Akureyri og Selfoss eru hins vegar sóknarsvæði með önnur viðfangsefni. Að mati Vestfirðinga er ekki gott að steypa sókn og vörn í sama mót eða sama snið. Einnig væri hægt að miða við t.d. fjarlægð frá sóknarsvæði innan hvers menningarsamningssvæðis sem viðmið í nýrri úthlutunarreglu fjármagns til menningarsamninga en það er framtíðarmúsík.

Byggðastofnun er kominn með nýja aðferð til að skipta fjármunum á sviði atvinnuþróunar. Miðað er við íbúafjölda en um leið fólksfækkun og fleiri þætti og æskilegt er að slíkt gagnsætt fjármögnunarlíkan verði tekið upp á sviði menningarsamninga. Þó svo að margt í vaxtarsamningum sé gott eru þó alltaf uppi gagnrýnisraddir á framkvæmd vaxtarsamnings og það snýst ekki um héraðspólitík heldur aðallega gagnrýni á lífrænna eða óformlegra umsóknarferli.

Almennt var það talin vera jákvæð breyting fyrir menningarfulltrúa Vestfjarða að vera orðinn starfsmaður Fjórðungssambandsins. Nú bíður það stefnumótunarvinnu þeirra að útfæra verkefnin, fjalla um hlutverk Menningarráðsins og samspil þess við Fjórðungssambandið.

Á vinnustofunni kom fram að aðilar eru almennt á þeirri skoðun að það sé farsæl ráðstöfun að Menningarráðið úthluti stofn- og rekstrarstyrkjum. Fyrir ráðið er dýrmætt að fulltrúar þess nái að endurspegla sem flest svæði.

Fram kom það mat að það gæti verið þáttur í þeirri sátt sem er um verkefnið hvað menningarfulltrúinn hefur mikla þekkingu og reynslu á málaflokknum auk þess sem staðsetning hans á Ströndum auðveldi honum að halda svæðapólitík frá umræðu um störf menningarfulltrúa.

Menningarfulltrúi Vestfjarða kemur ekki beint að úthlutun styrkja á úthlutunarfundum og kemur ekki að forgangsöröðun verkefna við lok umsóknarferils. Þeirri leið hefur verið fylgt til að gera viðkomandi kleift að fara eins djúpt og mögulegt er inn á sviði ráðgjafar við umsækjendur. Mat Menningarráðs Vestfjarða er að þetta fyrirkomulag hafi reynst þeim farsælt og að hluta til á þetta rætur í því að sá er gegnir starfinu starfaði áður á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Menningarfulltrúi Vestfjarða ber því sem næst öll mál undir ráðið og var þar m.a. nefnt að stundum rötuðu beinar fyrirspurnir til menningarfulltrúa inn á borð ráðsins. Þá er það vinnuregla að menningarfulltrúi vikur ávallt af fundum ráðsins þegar umsóknir frá verkefnum eða umsækjendum á Ströndum sem honum tengjast með einhverjum hætti eru til umræðu.

Lærdómur og umræður um breytingar á fyrirkomulagi menningarsamninga

Eftirfarandi samantekt er byggð á umræðu hjá hagsmunaaðilum um hvaða lærdóm væri hægt að draga af fyrirkomulagi menningarsamninga og forgangsöröðun tillagna sem vert væri að hafa í huga til framtíðar litið.

- Að horfa til tækifæra sem felast í aukinni tíðni úthlutana sem og einnig að geta úthlutað til fleiri en eins árs í senn. Samhliða þyrfti væntanlega að lengja samningstímabilið frá þremur árum í fimm.
- Nú er úthlutað einu sinni á ári á Vestfjörðum en því var breytt árið 2011 þ.e. sama ár og stofn- og rekstrarstyrkir koma til Menningarráðanna. Almennt var samt talið


mikilvægt að menningarráðin ættu að hafa frjálsar hendur um það hvort þau telji þá leið henta sínu svæði að hafa tvær úthlutanir á ári eða eina.

- Tryggja þurfi að það séu ekki að berast misvísandi skilaboð um framhald verkefnisins og ef að það er fyrirséð að koma verkefninu fyrir á vettvangi sóknaráætlana þarf að kynna og útfæra það hratt og örugglega.
- Ef menningarsamningar fara alfarið inn til og á borð landshlutasamtakanna þarf að tryggja að menningarfé haldi sinni sérstöðu og lágmarka hættu á að sterkari hagsmunir sæki ekki í takmarkað menningarfjármagn.
- Í stefnumótun þarf að skoða skörun menningarmála við aðra málaflokka, ekki bara að menningin skapi atvinnu heldur hafi einnig samfélagslegan ávinning á breiðari grundvelli en atvinnulegum.
- Þá var bent á mikilvægi þess að koma á afmörkuðum en skýrum samningi um menningarhúsin á Vestfjörðum sem væri til samræmis við fyrirkomulagið á Austurlandi.

Mat á framkvæmd menningarsamnings á Vestfjörðum


Eftirfarandi er mat ráðgjafa á framkvæmd menningarsamnings á Vestfjörðum á yfirstandandi samningstímabili. Heildarárangur svæðisins er 72% sem er ásættanlegt og mestur er styrkurinn á þeim matsþætti sem lýtur að stuðningi menningarstarfsemi við ferðaþjónustu.

Aðrir þættir eru lægri og til framtíðar litið þarf að huga betur að þeim, einkum þó samstarfi á sviði menningarmála á svæðinu og fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista.



Norðurland vestra

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) halda utan um málefni menningarsamningsins fyrir hönd sjö sveitarfélaga á svæðinu. Íbúafjöldi á Norðurlandi vestra er í kringum 7.300 manns. Fjölmennasta sveitarfélagið á svæðinu er Sveitarfélagið Skagafjörður með meira en helming allra íbúa en rúmlega þriðjungur íbúa býr á Sauðárkróki.



Í Menningarráði Norðurlands vestra sitja fimm fulltrúar. Sveitarfélögin á svæðinu mótuðu sér sameiginlega menningarstefnu á ársþingi SSNV árið 2005 sem lögð var til grundvallar endurnýjun menningarsamnings 1. maí 2007.

Stefnan var uppfærð á aðalfundi Menningarráðs Norðurlands vestra 2011 og hefur Menningarráðið starfað eftir stefnunni frá 2007.

Lykiltölur 2011-2013

Norðurland vestra	2011	2012	2013*
Framlög úr ríkissjóði	23,1	22,8	22,2
Framlög vegna stofn- og rekstrarstyrkja	-	10,3	10,3
Framlög frá sveitarfélögum	9,2	9,1	8,9
Önnur framlög (sértekjur)	0,3	-	-
Samtals	32,6	42,2	41,4
Heildarfjárhæð umsókna í verkefnastyrki	83,5	66,0	70,0
Heildarfjárhæð umsókna í stofn- og rekstrarstyrki	-	31,0	25,5
Úthlutanir til verkefna	21,5	23,2	21,5
Úthlutanir í stofn- og rekstrarstyrkjum	-	10,3	10,3
Laun og launatengd gjöld	5,7	5,2	5,1
Annar kostnaður vegna starfsemi menningarráðs	4,2	3,4	4,5
Samtals	9,9	8,6	9,6
Fjöldi umsókna (verkefnastyrkir)	134	108	118
Fjöldi úthlutana (verkefnastyrkir)	83	68	69
Fjöldi umsókna (stofn og rekstrarstyrkir)	-	17	13
Fjöldi úthlutana (stofn og rekstrarstyrkir)	-	8	9

*byggt á áætlunum fyrir 2013

Heildarframlög hafa lítilla dregist saman. Fjöldi umsókna er almennt minni en á öðrum svæðum og samtals fá u.þ.b. 62% umsókna brautargengi sem telst gott afgreiðsluhlutfall í samanburði við önnur svæði en eftirspurn er meiri víða annars staðar.

Samstarf á sviði menningarmála

Á svæðinu hefur jafnt og þétt verið stuðlað að auknu samstarfi á sviði menningarmála en þegar litið er til markmiða samnings hefur þessi þáttur gengið hvað hægst í framkvæmd að mati þeirra sem tóku þátt í störfum vinnustofunnar og í viðtölum.

Ferðapjónustuaðilar á Norðurlandi vestra hafa lengi staðið að félagi til eflingar á starfsemi sinni og samstarf við Menningarráð Norðurlands vestra hefur gengið vel. Á vinnustofu á Blönduósi var rætt og sammælt hvað hafi gengið vel á þessu sviði:

- Það er mat þátttakenda á vinnustofunni að menningarsamningar á Norðurlandi vestra ýti af stað fleiri verkefnum en ella færu af stað og stuðli að auknu samstarfi og auknum fjölda viðburða t.d. tónleikum og öðrum uppakomum sem annars ættu erfitt uppdráttar.
- Almennt séð fylgir því jákvæð upplifun að fjármagni til þessara þátta sé nú dreift úr heimabyggð sem tryggir nálægð við verkefnin og samfélagið. Þannig er m.a. unnt að ná fram frekari stuðningi við svæðisbundin einkenni.
- Almennt séð er það jákvæð reynsla að hafa á svæðinu menningarfulltrúa sem er ekki eingöngu að afgreiða umsóknir heldur einnig að aðstoða umsækjendur og greiða götu þeirra eins og kostur er. Þann þátt má þó alltaf efla og frumkvæðis- og samræmingarhlutverk menningarfulltrúa getur skipt sköpum.
- Þó svo að styrkir séu ekki háir eru þeir mikil vítamínssprauta fyrir marga aðila en mestu skiptir sennilega að þeir eru í senn viðurkenning og gæðastimpill sem getur gert aðra fjármögnun auðveldari.
- Hugmyndafræðin að baki samningunum er bæði jákvæð og skynsamleg og hefur orðið samfélaginu á Norðurlandi vestra og þróun þess til framdráttar. Á vinnustofunni kom fram að áætlað er að u.þ.b. 25-30 þúsund manns hafa komið á viðburði sem Menningaráð Norðurlands vestra hefur stutt en bent var á að erfitt væri að leggja mat á það hver aðsóknin hefði orðið ef ekki hefði komið til styrkir. Samstaða var hins vegar um það mat að atburðirnir hefðu orðið færri án menningarsamninganna.

- Þá kom fram það mat þátttakenda að jákvæð aukaafurð af samstarfi á sviði menningarmála á grundvelli menningarsamninga sé sú að menningarstyrkirnir hafi orðið til að auka skilning sveitarfélaganna á verkefnum hvers annars.
- Þátttakendur voru sammála um að ennþá væru til staðar ófullnýtt tækifæri til þess að efla samstarf í menningarmálum á svæðisgrundvelli.

Nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðapjónustu

Fjöldmörg verkefni hafa fengið brautargengi á yfirstandandi samningstímabili. Á árinu 2011 var stutt við nokkur verkefni sem fella má undir nýsköpun eða fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðapjónustu. Hagleikssmiðja hjá Gestastofu sútarans, Kántrýsetur, Spákonuhof, Vatnsdæla á refli, Eyvindarstofa, Þjóðleikur og fleiri verkefni.

Fram kom það mat að kvikmyndabrotin í FNV og Kvikmyndasmiðjan hefðu ekki náð að komast á laggirnar ef ekki væri fyrir menntaða kvikmyndagerðarmenn sem búa og starfa á svæðinu. Kvikmyndabrotin og Kvikmyndasmiðjan hafa ekki hlotið styrk frá Menningarráði Norðurlands vestra en tilvist og starfsemi Skottu kvikmyndafjelags á Sauðárkróki, þar sem menntaðir kvikmyndagerðarmenn búa og starfa, var m.a. forsenda fyrir tilurð ofangreindra verkefna. Skotta kvikmyndafjelag hefur hins vegar hlotið fjölmarga styrki frá Menningarráði Norðurlands vestra sem hefur stutt vel við starfsemi þess.

Á árinu 2012 var minna um nýja vaxtarsprotu þó að benda megi á Laxasetur Íslands í því samhengi. Á árinu 2013 er einnig í undirbúningi stofnun Skreiðarseturs á Sauðárkróki og áfram verður unnið að uppbyggingu Kakalaskála sem fyrirhugað er að verði í framtíðinni miðstöð Sturlungu. Í þessum tilfellum er fyrst og fremst um að ræða menningartengda ferðapjónustu.

Á vinnustofunni kom einnig fram að:

- Menningarsamningar eru ákveðið hreyfiafl í menningarlífinu og aukinn áhugi og virðing sést, t.d. þegar sjá má fólk mæta á viðburði hvers annars, þannig verða til eins konar „snjóboltaáhrif“ sem telja má líklegt að hafa muni frekari jákvæð áhrif á samstarf aðila á sviði menningar í héraðinu.
- Heilt yfir hefur samstarfið skapað jákvæða ímynd á svæðinu, þ.e. út á við.
- Að mati þátttakenda á vinnustofunni er vel haldið utan um fyrirkomulagið á svæðinu af hálfu Menningarráðs og menningarfulltrúa og mikil breidd í

úthlutunum er talin jákvæð. Þannig nái Menningarráð Norðurlands vestra að stýra verkefnum í átt til aukinnar fjölbreytni.

- Samstarf á grundvelli menningarsamningsins hefur að mati þátttakenda aukið faglega þekkingu á sviði menningarmála innan svæðisins og þannig orðið til þess að auka kröfur til þeirra sem sækja um styrki til verkefna.

Fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista

Menningarráðið hefur leitast við að styðja við flesta þætti menningar sem gætu orðið atvinnuskapandi. Hægt er að líta til verkefna sem hafa varað lengur en í þrjú ár á Norðurlandi vestra. Allt eru þetta með einum eða öðrum hætti samstarfsverkefni innan svæðisins.

Verkefnið Á Sturlungaslóð er samstarfsverkefni einstaklinga, fyrirtækja og safna í Skagafirði sem hefur það að markmiði að koma sögu Sturlungaaldarinnar á framfæri. Félagið var stofnað árið 2009. Þá er til staðar félag í kringum Barokkhátíð á Hólum en fyrsta hátíðin var haldin árið 2009 á Hólum í Hjaltadal. Loks ber að nefna Gæruna sem er tónlistarhátíð sem er samstarfsverkefni nokkurra einstaklinga á Sauðárkróki um tónlist.

Einnig má nefna Landnám Ingimundar gamla, Nes listamiðstöð á Skagaströnd sem var stofnuð árið 2008 af Sveitarfélaginu Skagaströnd og Byggðastofnun, Grettistak og Selasetur Íslands.

Menningarstarfsemi og samspil við ferðaþjónustu

Framkvæmd menningarsamnings á Norðurlandi vestra hefur haft jákvæð áhrif á menningarstarfsemi og stuðning hennar við ferðaþjónustu. Menningarráð Norðurlands vestra hefur lagt áherslu á að beina hluta styrkja að nýjum söfnum eða setrum og styrkingu þeirra sem fyrir voru með áherslu á fjölbreytta sögutengda ferðaþjónustu og verkefni sem byggja undir eflingu og miðlun þekkingar á íslensku handverki.

Menningarfulltrúi Norðurlands vestra er í samstarfi við fulltrúa ferðaþjónustunnar á svæðinu og situr stundum fundi með þeim og hvetur til aukinnar virkni í samstarfi ferðaþjónustuaðila á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu.

Menningarfulltrúi Norðurlands vestra er jafnframt starfsmaður SSNV atvinnuþróunar og er þar með í formlegu sambandi við aðra, t.d. þá sem sinna ferðaþjónustunni sem atvinnugrein.

Þróun fjármagns sem varið er til menningarmála á hverju svæði

Fjármagn ríkis og sveitarfélaga til Menningarráðs Norðurlands vestra í gegnum menningarsamninginn hefur ekki aukist á tímabilinu 2011-2013. Framlög ríkisins voru 23,1 m.kr. 2011, 22,8 m.kr. 2012 og 22,2 m.kr. árið 2013. Fjárframlög frá sveitarfélögum haldast í þá þróun og minnkuðu lítillega á milli 2011 (9,1 m.kr.) og 2013 (9,2 m.kr.).

Menningarráð Norðurlands vestra hefur markað þá stefnu að sækjast ekki eftir auknu fjármagni frá fyrirtækjum né öðrum á Norðurlandi vestra þar sem ráðið telur að þá fari það í beina samkeppni við aðila sem vinna að menningarmálum á svæðinu um þá takmörkuðu fjármuni sem þannig væri unnt að nálgast. Menningaraðilar sækja sjálfir fjármagn til fyrirtækja á svæðinu og þannig stækkar pottur móttframlaga frekar en sjóðir Menningarráðs. Menningarráð Norðurlands vestra myndi þó þiggja styrki frá fyrirtækjum sem starfa á landsvísi enda myndi það ekki vinna gegn markaðri stefnu eins og henni er lýst hér að ofan. Eftir slíkum styrkjum hefur verið sóst en þeir hafa ekki fengist á núverandi samningstímabili.

Rarik gerði samning við svæðið á tímabilinu 2008-2010 um 1 m.kr. ár hvert en framhald var ekki á því samkomulagi og fyrirtækið færði sig með sambærileg framlög yfir á Vesturland.

Í héraðinu hefur Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga árlega veitt styrki til menningarstarfs og þá sérstaklega í Skagafirði en heildarupphæðir þeirra eru ekki þekktar. Þá hefur einstaklingur á Skagaströnd lagt 50 milljónir króna í sjóð til stuðnings menningarstarfi á Skagaströnd og er vöxtunum úthlutað árlega. Þessir þættir komu fram og þó svo að þeir tengist framkvæmd menningarsamninganna ekki beint þá má segja að menningarsamningarnir eigi hér tengingu því að þeir eru gjarnan hluti af fjármögnun á móti styrkjum frá aðilum. Fram kom á vinnustofunni að:

- Fjármagn til samningsins á Norðurlandi vestra hefur dregist lítillega saman ef litið er til síðustu þriggja ára. Fram kom það mat að lækkanir á fjárframlögum til menningarsamnings Norðurlands vestra eftir efnahagshrunið væru umfram það sem önnur svæði hefðu þurft að taka á sig.
- Almennt séð voru þátttakendur óánægðir með það hvernig ríkið stóð að því að fela Menningarráði Norðurlands vestra yfirumsjón með stofn- og rekstrarstyrkjum. Þó svo að stefnan sé rétt, þ.e. að fela Menningarráði verkefnið í stað fjárlaganefndar, er vont fyrir fulltrúa sveitarfélaga að taka að sér að leiða lækkun og stýra

forgangsróðun sérstaklega í ljósi þess að lækkun stofn- og rekstrarstyrkja var meiri en boðað hafði verið í upphafi.

- Annar vandi á svæðinu sem tengist úthlutun á stofn- og rekstrarstyrkjum er að fjármagnið er það lítið að það dugi ekki fyrir nýjum verkefnum og í raun fær ekkert verkefni fullnægjandi fjármögnun. Menningarráð Norðurlands vestra er því sett í þá stöðu að þurfa að forgangsraða úr þrengri stöðu en til stóð í upphafi. Að mörgu leyti er auðveldara að forgangsraða í verkefnastyrkjum en í stofn- og rekstrarstyrkjum þar sem þekkt er að fjármunir muni ekki duga til.
- Ójöfn skipting fjármuna milli menningarsvæða veldur mikilli óánægju bæði Menningarráðs Norðurlands vestra og SSNV.
- Einnig var bent á að þegar gerður var menningarsamningur við Suðurnesin var það framkvæmt innan óbreyttrar heildarfjárveitingar sem leiddi til að framlög til annarra svæða lækkuðu.
- Áhersla menningarsamningsins er að horfa inn á við á þeirra svæði þar sem stærsti hlutinn af menningu og miðlun hennar á svæðinu hefur verið áhugastarf. Því er ljóst að menningarsamningarnir hafa breytt landslaginu að mati þátttakenda á vinnustofnunni en tölur eða mælikvarðar því til stuðnings eru ekki til staðar.
- Menningarráð Norðurlands vestra hefur fylgt breiðri nálgun eða stefnu og hluti af því er að margir og litlir styrkir eru áberandi á svæðinu. Hugmyndin er þá sú að koma inn með upphafsfé og sem dæmi er áhugamannaleiksýning að jafnaði styrkt um 400 þús. ef umsókn mætir kröfum úthlutunarreglna en heildarkostnaður við sýninguna er yfirleitt í kringum 2,5 m.kr.
- Þátttakendur á vinnustofnunni sáu afmörkuð tækifæri í samstarfsverkefnum á milli landssvæða eða menningarráða. Draumaraddir norðursins eru dæmi um samstarf innan Norðurlands vestra. Dæmi um vel heppnað samstarf milli landssvæða eru t.d. Þjóðleikur og Barokkhátíð á Hólum.
- Aðilar á svæðinu hafa lítið verið í erlendu samstarfi þó svo að almennt sé hvatt til slíks að hálfu Menningarráðs Norðurlands vestra og þekkt er að ráðuneytin eru almennt séð jákvæði í garð erlendra verkefna. Í þessu samhengi er hægt að draga lærdóm af reynslu Austurlands þar sem vel gengur að koma af stað alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Þá hefur Eyþing hvatt til alþjóðlegs samstarfs en þar er minni reynsla komin á slíkt. Þó kom fram að Grettistak, Fornverkaskólinn, Byggðasafn

Skagfirðinga, Nes listamiðstöð og Textílsetur Íslands eru og hafa verið í erlendu samstarfi en það má auka. Á vinnustofnunni kom fram að Menningarráðið og SSNV býst við því að á næstunni komi tillaga frá ráðuneytinum um framtíðarfyrirkomulag verkefnisins með tengingu við sóknaráætlanir landshluta.

- Þegar fjallað var um skort á fjármagni var tekið dæmi um útsaumaða Vatnsdæluþefilinn. Það er verkefni sem æskilegt er að unnt sé að sjá lengra fram í tímann en til eins árs í senn og það sama gildir um Textílsetrið á Blönduósi. Því gæti verið réttara að færa verkefni eins og Textílsetrið að nýju til fjárlaganefndar, þ.e. ef það er metið sem svo að um hreinan rekstur sé að ræða. Í því felst þá tillaga um að hluti stofn- og rekstrarstyrkja verði hjá menningarráðunum en reglubundinn rekstur verði það ekki.
- Nokkuð var rætt um þá staðreynd að hluti af þeim setrum sem eru í rekstri á Norðurlandi vestra fóru af stað á grundvelli sértækra byggðaaðgerða og svo líður tíminn og ekki er gert ráð fyrir því að þessi verkefni endi í reglubundnum rekstri sem þarf fjármagn, landssvæðið situr eftir með verkefnið lítt eða ófjármagnað. Nú er það komið undir Menningarráði Norðurlands vestra hvort einstaka verkefnum verði hætt og svæðinu finnst það vera skilið eftir með þessi verkefni.

Menningarráð Norðurlands vestra bendir á að skiptiregla mennta- og menningarmálaráðuneytisins um fjármagn til hvers landssvæðis sé gagnrýniverð og hvorki ríki sátt né skilningur á henni. Menningarráð Norðurlands vestra hefur væntingar um að hægt verði að taka upp skipulagða umræðu um skiptingu fjármagns á milli svæða og niðurstöðunna verði aflað sáttar og skilnings.

Verklag og vinnubrögð Menningarráðs Norðurlands vestra

Á árinu 2011 voru tvær úthlutanir hjá Menningarráði Norðurlands vestra og verklag svipað og áður, árið 2012 var ein úthlutun en á árinu 2013 var úthlutað tvisvar sinnum. Dreifibréf er sent inn á hvert heimili og fyrirtæki á svæðinu þar sem fram koma áherslur. Einnig er auglýst í netmiðlum. Auglýsing er líka send á póstlista menningarfulltrúa. Umsóknarfrestur er yfirleitt um mánuður.

Líkt og á öðrum svæðum aðstoðar menningarfulltrúi alla þá við umsóknargerð sem þess óska. Leiðbeiningar eru einnig á heimasíðu ráðsins. Langflestar umsóknirnar berast tvo síðustu daga umsóknarfrestsins.

Þegar umsóknarfresti er lokið er hver umsókn prentuð í sex eintökum. Síðan eru umsóknir flokkaðar eftir innihaldi samkvæmt þeirri flokkun sem öll svæðin hafa komið sér upp. Umsóknirnar eru síðan settar í möppur handa öllum aðilum í Menningarráðinu og einnig fyrir menningarfulltrúa. Menningarráðið fundar tvisvar áður en ákvarðanir um úthlutun styrkja er tekin.

Að úthlutun lokinni fær hver og einn umsækjandi skriflegt svar í pósti við sinni umsókn. Á úthlutunarhátið mæta svo styrkhafar og fá viðurkenningarskjal um sinn styrk, ásamt samningi sem menningarfulltrúi hefur þegar undirritað fyrir hönd Menningarráðsins.

Styrkhafi getur fengið helming styrksins greiddan ef hann óskar þess við upphaf verkefnisins en að því loknu þarf að berast greinargerð og hljóta samþykki menningarfulltrúa og í kjölfarið er seinni hluti styrks greiddur. Í einhverjum tilvikum er beðið um ítarlegri greinargerð og stundum eru styrkir greiddir út í einni greiðslu að verkefni loknu.

Varðandi stofn- og rekstrarstyrki þá hefur þeim aðeins verið úthlutað tvisvar, í október 2012 og apríl 2013 en samkvæmt Menningarráði Norðurlands vestra er ferlið í meginatriðum það sama.

Úthlutun fjármagns til verkefna

Helsti kosturinn við að hafa úthlutanirnar hjá sveitarstjórnarstiginu þar sem heimamenn ráðstafa fjármunum er sá sveigjanleiki sem það býður uppá en skoða má nánar hvort úthluta ætti oftari en einu sinni á ári. Þá kom fram að sem fyrr eru stærstu styrkirnir og úthlutanir til rekstrar menningar á svæðinu að koma frá sveitarfélögunum beint þannig að menningarsamningarnir eru mjög mikilvægur hluti fjármögnunarinnar en ekki sá eini.

Forgangsróðun úthlutunarinnar hjá Menningarráði Norðurlands vestra kemur fram í menningarsamningi, menningarstefnu og úthlutunarreglum og endurspeglast síðan í úthlutunum ráðsins. Norðurland vestra er í ákveðnum skilningi veikt svæði í menningarlegu tilliti mælt t.d. fáum starfandi listamönnum og svæðið allt á í nokkurri vörn vegna fækkunar íbúa yfir langt tímabil.

Mikil ánægja kom fram með störf menningarfulltrúa en líka ábendingar um að efla mætti grasrótarvinnu með umsækjendum. Það sé hins vegar flókin staða fyrir menningarfulltrúa að vera ráðgefandi um umsóknarferilinn en um leið að gegna frumkvæðis- og hvatningarhlutverki og svo að lokum að sinna eftirlitshlutverki með þeim verkefnum sem hljóta styrk.

Lærdómur og umræður um breytingar á fyrirkomulagi menningarsamninga

Eftirfarandi samantekt er byggð á umræðu hjá hagsmunaaðilum um hvaða lærdóm væri hægt að draga af núverandi fyrirkomulagi menningarsamninga og forgangsróðun tillagna sem vert væri að hafa í huga til framtíðar litið.

- Að á svæðinu verði horft til átaksverkefna sem hefðu það að markmiði að miðla menningararfi á milli kynslóða. Einnig skiptir máli að nálgast og miðla menningu í hinu víðasta samhengi. Þannig var t.d. bent á og rætt að æskilegt væri að sett yrðu upp umhverfislistaverk á Norðurlandi vestra og talið að slíkt væri til þess fallið að auka umræðu um list og verða hvati til annarra verkefna.
- Að lengja þurfi gildistíma menningarsamninganna og það gildi bæði um verkefnastyrki og stofn- og rekstrarstyrki.
- Að fram fari umræða um það við næstu samningsgerð hvort að rétt sé að skilgreina í samningunum hvað sé styrkhæft, t.d. kaup á tækjum. Mat þeirra sem voru á vinnustofnunni var að svona viðmið hefur hindrað áhugaverð verkefni og bent var á það hvort svæðin sjálf ættu að fá aukið svigrúm til að meta tilvik sem væru utan formlegra viðmiða.
- Almennt er það talið gott að hvert svæði fyrir sig geti lagt sínar áherslur hverju sinni. Þó vildu þátttakendur benda á að slíkt ætti að beinast að staðbundnum þáttum frekar en almennari atriðum eins og samstarfi o.þ.h.
- Einnig kom fram það mat að til framtíðar litið væri æskilegt fyrir menningarráðin að geta séð lengra fram í tímann. Þannig eru stundum til staðar sterk og faglega góð verkefni sem æskilegt væri að geta skuldbundið fjármuni til t.d. þriggja ára. Lengri menningarsamningar og heimildir til að skuldbinda hluta fjárhæðar til langtímaverkefna gæti verið leið hér. Jafnframt kom fram að það sama gæti gilt um stofn- og rekstrarstyrki.
- Upp kom umræða um það hvort að rétt gæti verið að líta til þess að Menningarráð Norðurlands vestra úthluti tvisvar sinnum á ári og voru þátttakendur sammála um að það sé rétt að skoða slíkt nánar. Frábending frá tveim úthlutunum á ári er hins vegar að við það eykst kostnaður við úthlutanir en þar með yrði minna fé til ráðstöfunar til styrkveitinga.

-
- Þá var bent á það að menningarsamningarnir við svæðin sjö eru vissulega að leiða til samstarfs innan svæða en á móti vegur að fyrirkomulagið hindrar frekar en stuðlar að auknu flæði og samvinnu á milli menningarsvæðanna sjö. Bent var á að í vaxtarsamningum sem gerðir hafa verið við landshlutasamtökin er sérstaklega hvatt til samstarfs milli svæða en það er ekki gert í menningarsamningunum. Umsækjendur um styrki frá menningarráðum þurfa að hafa lögheimili á svæðinu og slíkt vinnur gegn samstarfi þvert á landshluta.
 - Þá kom fram ábending um að æskilegt væri að auka sveigjanleika vegna stofn- og rekstrarstyrkja og ýta þannig undir frekari langtímahugsun. Einnig var bent á að menningarsamningarnir gætu verið meiri rammamasamningur en nú er sem byggir á trausti til menningarráðanna til að þróa og útfæra verkefni staðbundið.
 - Á svæðinu þarf að hvetja til aukins leiklistarstarfs og í því skyni má taka úthlutunarreglur til frekari skoðunar og útfærslu.
 - Fram kom að til standi að hefja kennslu á skapandi braut í fjölbrautaskóla Norðurlands vestra sem er dæmi um þróun og samvinnu menningar- og menntaaðila í héraðinu.
 - Á Norðurlandi vestra er áhugi á að skoða nánar hvort og hvernig væri unnt að fara í aðgerðir til að hvetja menntaða listamenn frá svæðinu til þess að flytja aftur heim. Önnur svæði hafa reynt þetta og líta má til þess hver reynsla þeirra er.
 - Fram kom að hin svokallaða Norðvesturnefnd setti ýmis verkefni af stað á svæðinu en þau verkefni voru að litlu leyti menningartengd. En þau verkefni sem urðu til eru vitnisburður um hvað er hægt að gera þegar yfirsýn og ágætlega fjármögnuð verkefni lifna við af borðinu.

Rætt var um sóknaráætlanir svæða og almennt er hugmyndin og útfærsla hennar talin skynsamleg að mati þátttakenda. Hins vegar sé mikilvægt að fé til menningarmála verði einmitt það, þ.e. fé til menningarmála. Skoða mætti hins vegar hvort að, með girðingum, væri hægt að láta fé flytjast milli flokka innan sóknaráætlunarinnar að því gefnu að girðingar haldi innan samningstímabila.


Mat á framkvæmd menningarsamnings á Norðurlandi vestra

Eftirfarandi er mat ráðgjafa á framkvæmd menningarsamnings á Norðurlandi vestra á yfirstandandi samningstímabili.

Á heildina litið er árangur svæðisins um 72% og sá matsþáttur sem fer hæst er stuðningur menningarstarfseminnar við ferðaþjónustu eða 78%.


Svæðinu tekst vel upp þegar kemur að samstarfi á sviði menningarmála og þá er framkvæmd stefnu Menningarráðs með ágætum. Aðrir þættir eru lægri eða í kringum 67% sem þýðir að svæðið er allt stótt í efsta þriðjungi.

Norðurland vestra



Norðurland eystra

Á Norðurlandi eystra er í gildi menningarsamningur við Eyþing – samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Svæðið nær frá Fjallabyggð að vestan að Langanesbyggð að austan, að báðum sveitarfélögum meðtöldum. Innan Eyþings eru 13 sveitarfélög með um 29 þúsund íbúa.



Í Menningarráði Eyþings sitja 7 fulltrúar, þrír koma austan Vaðlaheiðar, þrír vestan Vaðlaheiðar og fulltrúi Háskólans á Akureyri.

Menningarráð Eyþings hefur mótað stefnu á grundvelli 2. gr. samnings um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Stefnan var unnin fyrir núverandi samningstímabil og gildir út tímabilið eða til loka árs 2013. Stefnunni er ætlað að setja ramma um ákvarðanir Menningarráðs á samningstímabilinu og árlega eru önnur vinnugögn ráðsins s.s. úthlutunarreglur og áherslur ársins endurskoðaðar.

Lykiltölur 2011-2013

Norðurland eystra	2011	2012	2013*
Framlög úr ríkissjóði	26,2	26,2	26,2
Framlög vegna stofn- og rekstrarstyrkja	-	12,4	12,4
Framlög frá sveitarfélögum	10,6	10,6	10,6
Önnur framlög (sértekjur)	-	-	8,0
Samtals	36,8	49,2	57,2
Heildarfjárhæð umsókna í verkefnastyrki	59,7	75,3	59,7
Heildarfjárhæð umsókna í stofn- og rekstrarstyrki	-	36,5	38,6
Úthlutanir til verkefna	20,1	21,5	26,3
Úthlutanir í stofn- og rekstrarstyrkjum	-	9,0	12,1
Laun og launatengd gjöld	8,9	9,4	9,1
Annar kostnaður vegna starfsemi Menningarráðs	4,8	4,2	6,7
Samtals	13,7	13,6	15,8
Fjöldi umsókna (verkefnastyrkir)	119	127	100
Fjöldi úthlutana (verkefnastyrkir)	63	72	57
Fjöldi umsókna (stofn og rekstrarstyrkir)	-	20	17
Fjöldi úthlutana (stofn og rekstrarstyrkir)	-	6	13

*byggt á áætlunum fyrir 2013

Áherslur Menningarráðs Eyþings á árunum 2011-2012 voru þær sömu:

- *Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, byggðalaga eða listgreina. Sérstaklega er horft til verkefna sem eru samstarf þriggja eða fleiri aðila og tengja íbúa á Norðurlandi eystra*
- *Verkefni sem stuðla að samvinnu atvinnumanna í listum, listnema og leikmanna*
- *Verkefni sem efla þekkingu og fræðslu á sviði menningar og lista*
- *Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu*

Áherslur ársins 2013 eru eftirfarandi:

- *Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, byggðarlaga eða listgreina. Sérstaklega er horft til verkefna sem eru samstarf þriggja eða fleiri aðila og tengja íbúa á Norðurlandi eystra*
- *Verkefni sem stuðla að samvinnu atvinnumanna í listum, listnema og leikmanna*
- *Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu/ferðaþjónustutengdrar menningar*
- *Verkefni sem fela í sér samstarf við önnur lönd á sviðið menningar og lista*

Stjórn Eyþings fól Menningarráði Eyþings að leiða gerð stefnumótunar í menningarmálum fyrir sveitarfélögin á starfssvæði Eyþings sem hluta af vinnu við svæðisbundna sóknaráætlun, enda skal sóknaráætlun landshluta byggja á stefnumörkun í einstökum málaflokkum.

Samstarf á sviði menningarmála

Á svæðinu hefur verið stuðlað að auknu samstarfi á sviði menningarmála. Samstarfsverkefnum hefur fjölgað innan svæðisins, verkefnum með erlendar tengingar hefur fjölgað eftir að áhersla var lögð á erlent samstarf á árinu 2013. Því er ekki komin reynsla á erlent samstarf en stefnan liggur fyrir.

Á vinnustofu sem haldin var á Akureyri með fulltrúum Menningarráðs Eyþings og hagsmunaaðilum á svæðinu kom fram að verkefnið hafi á tímabilinu stuðlað að auknu samstarfi á svæðinu, sérstaklega með því að opna á tækifæri fyrir unga listamenn.

- Hagsmunaaðilar á svæðinu tengja verkefnið við grasrótastarf en menningarstofnanir á svæðinu hafa lengi verið virkar. Allir aðilar eru sammála um að mikilvægast sé að horfa til grasrótastarinnar, auka samvinnu og auðvelda þannig fólki að skapa sína list og menningu.
- Á Eyþingssvæðinu hefur á tímabilinu orðið nokkur efling í menningarstarfi og grasrótastarf þannig eflst þó enn sé tækifæri til að efla þann þátt á svæðinu.
- Almennt var talið að jákvæðustu áhrifin séu á dreifðari byggðirnar innan Eyþings og þannig hafi verkefnið aukið jöfnuð innan svæðisins í menningarlegu tilliti. Auk þess sem ný tækifæri hafa skapast fyrir menntað listafólk búsett á þéttbýlli svæðum.
- Þá kom fram það álit að það sé gott fyrir unga fólkið innan vébanda Eyþings að hafa aðgang að menningarfulltrúa sem getur styrkt og eflt þau faglega til framtíðar lítið. Samskipti við umsækjendur og afmörkuð þátttaka í þróun umsókna/verkefna getur að mati þátttakenda verið góður skóli fyrir ungt fólk í listum og menningu og til þess fallin að efla þau í sínum viðfangsefnum.
- Á það var bent að þó svo að ekki lægju fyrir tölur þá væri það rík tilfinning viðmælenda að menningarsamningurinn hafi stuðlað að því að fólk frá þéttbýlli svæðum sé í auknu mæli farið að sækja viðburði utan síns svæðis.

Fram kom að styrkþegar hafi nefnt að úthlutunarathöfn Menningarráðs veiti góða yfirsýn yfir verkefni á svæðinu og þar sé gott að skapa tengingar, miðla hugmyndum og finna samstarfsaðila. Sambærileg skilaboð komu fram á öðrum svæðum.

Menningarráð Eyþings gegnir lykilhlutverki við að efla samstarf á svæðinu. Svæðið leggur mikla áherslu á þetta markmið samningsins en fáar umsóknir eru sýnilegar er varða stærri samstarfsverkefni. Fjölgun stærri samstarfsverkefna er æskileg að mati hagsmunaaðila. Að mati fulltrúa í Menningarráði Eyþings sýnir reynslan að stór samstarfsverkefni hafi ekki orðið að veruleika nema með milligöngu menningarfulltrúa og til að efla þann hátt frekar þarf að skapa svigrúm til þess að unnt sé að vinna meira í undirbúningi slíkra verkefna.

Starfssvæði Eyþings hefur náð að virka sem ein heild á sviði menningarmála með atbeina Menningarráðs. Menningarráð Eyþings telur að sveitarfélögin á svæðinu sjái ekki í nægjanlega ríkum mæli tækifærin sem felast í því að vera í samstarfsverkefnum. Menningarráði Eyþings hefur gengið vel að koma á samstarfi í verkefnum og hefur stuðlað að samtali nokkurra aðila um þróun verkefna yfir stærra svæði, bæði innan Eyþings og utan

þ.e. við Þjóðleikhúsið, Menningarráð Austurlands og Menningarráð Norðurlands vestra ásamt samstarfi við Vesterålen í Noregi.

Almennt séð ríkir nokkur ánægja innan svæðisins með fyrirkomulag og framkvæmd menningarsamningsins. Að mati flestra þeirra sem tóku þátt í störfum vinnustofunnar komu fram ábendingar um að stofn- og rekstrarstyrkirnir falla ekki vel að því hlutverki sem Menningarráð hefur haft hingað til. Fram kom það mat að veiting verkefnastyrkja sé jákvætt verkefni sem byggir á faglegri forgangsriðun þar sem sum verkefni hljóta styrk en önnur ekki. Það að setja fulltrúa sveitarstjórnarstigsins í þá stöðu að forgangsraða í stofn- og rekstrarstyrkjum krefst á endanum forgangsriðunar. Slík forgangsriðun getur falið í sér ákvörðun um það hvort að tiltekinni starfsemi skuli haldið áfram eða henni hætt vegna þess niðurskurðar sem varð á framlögum til stofn- og rekstrarstyrkja við flutning á þeim til Menningarráðs.

Þá var bent á að verkefnið kom því sem næst án umræðu til sveitarfélaganna og að fjárhæðir lækkuðu verulega frá því sem var á safnliðum fjárlaga. Hins vegar verði ekki litið framhjá því að Menningarráðið sem „aðferð og verklag“ er nærtækari leið til þess að dreifa fjármagninu á hlutlausari hátt en fjárlaganefnd þar sem óformlegri reglur gilda og fleiri þættir koma til en beinar vinnureglur.

Á vinnustofu komu einnig fram eftirfarandi atriði sem tengjast samstarfi og samvinnu á svæðinu eða utan þess:

- Norðurland eystra hefur átt mikið samstarf við Austurland og er þar um að ræða þau tvö menningarsvæði sem náð hafa að vinna einna mest saman. Af því má draga þann lærdóm að ákvæði menningarsamningsins koma ekki í veg fyrir samstarf ef vilji er fyrir hendi. Í upphafi lagði Eyþing áherslu á að læra af Austurlandi en í seinni tíð hafa svæðin verið að vinna saman í verkefnum og flytja þau á milli svæða eftir því sem unnt hefur verið innan gildandi samnings.
- Á yfirstandandi samningstímabili hefur samstarf menningarfulltrúa svæðanna sjö einnig eflst nokkuð og virkar eins og óformlegt samstarfsnet sem eflir fólk og byggir upp þekkingu og miðlun hennar milli svæða. Þessi þáttur er að mörgu leyti nýr og hefur orðið til þess að skerpa á samræðum og auka vægi nýsköpunar.
- Menningarsamningar hafa að mati þátttakenda að auki reynst sterkt og gott tæki á sviði byggðapróunar. Þátttakendur telja rétt að nálgast önnur byggðapróunarverkefni með sambærilegum hætti í framtíðinni og það er hluti

stóra lærdómsins fyrir ríki og sveitarfélög. Sá lærdómur kom ekki fram allur í einu heldur hefur hann byggst upp yfir lengri tíma, þ.e. frá upphaflega samningnum á Austurlandi.

- Fram kom það sjónarmið að sveitarfélögin hafi í upphafi ekki séð þetta verkefni sem tækifæri á sviði byggðapróunar. Fólk er hins vegar núorðið almennt sammála um að horfa á reynsluna af framkvæmd samninganna sem innlegg í þróun á jákvæðu „byggðapróunartæki“ þ.e. að hafa til staðar opið og gagnsætt ferli þar sem hugmyndir keppa á jafnræðisgrundvelli.
- Fram kom í vinnustofunni að koma þyrfti upp formlegra ferli í samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og var þá m.a. verið að vísa til þess að nokkrir umsækjendur sem hafa fengið höfnun hafa fundað í ráðuneyti um störf Menningarráðs Eyþings. Starfsfólk ráðuneytis hafi m.a. sagt viðkomandi að hann ætti rétt í samninginn án þess að kynna sér málavöxtu eða hvort umsóknir viðkomandi hafa fallið að reglum ráðsins, þannig þurfi að viðhalda trúnaði og trausti í kringum samninginn og leggja hagsmunaaðilar á Norðurlandi eystra til að slík „kæruleið“ ef hún á að vera til staðar verði formlega skilgreind og mörkuð verði viðmið sem öllum aðilum verði kynnt. Auk þess sem í 7. gr. samningsins er ákvæði um hvernig skuli fara með ágreiningsmál.

Nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu

Á svæðinu hefur náðst árangur í nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu. Menningarráð Eyþing leggur áherslu á að styrkja ekki hefðbundið menningarstarf í úthlutunarreglum sínum. Af því má leiða að stuðla eigi sérstaklega að nýsköpun og fjölbreytni. Í úthlutun ársins 2012 voru t.a.m. styrkt skrif þriggja nýrra leikverka og í tveim þeirra er unnið með sérstöðu svæðisins sem er eitt af markmiðum í stefnu ráðsins.

Mikil fjölbreytni er nú merkjanleg í minni sveitarfélögum á svæðinu, sér í lagi þeim sem eru í mestri fjarlægð frá Akureyri. Hér var rætt um Barokkbíllinn, Barokksmiðju Hólastiftis, Þjóðleik, Rímur og rokk, Reiti, Verksmiðju, Langanes Artisphere, Inn milli fjallanna, Fornleifaskóla barnanna og eldri borgara, verkefni Flygilvína á Kópaskeri, Geimfara í Þingeyjarsýslum og Sildarstúlkuna Raufarhöfn.

Á vinnustofu með hagsmunaaðilum kom fram að á svæðinu sé það sem hafi enn ekki náð að njóta góðs af samningunum í nægjanlega ríkum mæli. Enn sé ekki nægjanlega mikil

þekking eða meðvitund um verkefnið í nokkrum smærri sveitarfélögum og þar af leiðandi hafa ákveðin svæði innan Eyþings ekki mikið sótt um styrki. Ástæðu þess gæti einnig verið að finna í félagsgerð þessara sveitarfélaga. Þessu þarf að breyta með samhentum átaki.

- Almennt vilja hagsmunaaðilar sjá að þau geti í framtíðinni unnið með, þróað og styrkt stærri langtíma verkefni í auknum mæli því hingað til hafa þetta einkum verið lítil verkefni með oft fáum einstaklingum eða jafnvel einyrkjum.

Fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista

Framkvæmd menningarsamnings Eyþings hefur að mati þátttakenda leitt til nýrra starfa og unnt er að benda á nokkur verkefni sem þroskast og gerjast á þann hátt að þau hafa orðið varanleg. Hér má nefna verkefni eins og Reiti á Siglufirði sem felur í sér samstarf innlendra og erlendra listamanna, Þjóðleikur sem er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og ME og MNV, Stulli stuttmyndahátíð sem er samstarfsverkefni félagsmiðstöðva á svæðinu.

Réttardagur 50 sýninga röð felur í sér samstarf við fjölda listamanna og áhugafólks á svæðinu, verkefni Þjóðlistar ehf. á Siglufirði, Verksmiðjan á Hjalteyri samstarfsverkefni listamanna á svæðinu sem tengjast síðan bæði innanlands og erlendis. Fótstigið og fiðla samstarf listamanna, verkefni Hymnodiu þar sem menntað tónlistarfólk vinnur saman og fl.

Þá kom fram það mat að atvinnutækifærum fyrir listafólk á Akureyri og nágrenni, þar sem fyrir er öflugt menningarlíf í krafti stærðar, hafi fjölgað og þá sérstaklega með auknum verkefnum utan Akureyrar. Menningarráð leggur áherslu á að styðja við menntaða listamenn sem vinna að listsköpun sinni hvort sem þeir gera það einir eða í samstarfi við aðra.

Dæmi um menningarstarfssemi sem vex og skapar ný tækifæri á svæðinu eru Barokksmiðja Hólastiftis, Alþýðuhúsið á Siglufirði, Verksmiðjan Hjalteyri og Ljóðasetur á Siglufirði.

- Fram kom það mat að listamenn á Akureyri sjái nú aukin tækifæri til þess að búa og starfa áfram á svæðinu, í stað þess að fara á suðvesturhornið eða til útlanda. Þetta hefur margföldunaráhrif fyrir menninguna og ungt fólk á svæðinu og með þeim hætti er verkefnið að stuðla að bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi eystra.
- Samningurinn hefur orðið til þess að auka atvinnu listamanna á svæðinu og það er mat hagsmunaaðila að fleiri hafi nú atvinnu af list sinni en áður. Þetta er sterkur þáttur í umræðunni á svæðinu en ekki liggja fyrir beinar hagtölur í þessum efnum. Hins vegar hlýtur að vera óhætt að gera ráð fyrir því að fjármunir til

menningarmála, sem virka í mörgum tilfellum sem fyrsta fé í verkefni, verði til þess að auka verkefni/vinnu starfandi listamanna á svæðinu.

Menningarstarfsemi og samspil við ferðaþjónustu

Alls voru níu verkefni flokkuð sem menningarferðaþjónusta á árunum 2011-2012. Stórar hátíðir sem Menningarráð hefur stutt við hafa haft að mati viðmælenda veruleg áhrif á ferðaþjónustu og voru þar m.a. nefnd annars vegar Þjóðlagahátíð á Siglufirði og hins vegar Gásadagar. Framkvæmd menningarsamnings á Norðurlandi eystra hefur leitt til þess að menningarstarfsemi styður í auknum mæli við ferðaþjónustu.

Þá leitast menningarfulltrúi Eyþings við að sitja mánaðarlega fundi ferðaþjónustuaðila á Eyjafjarðarsvæðinu. Menningarráð er jafnframt í samstarfi á þessu sviði við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga sem kemur að mörgum ferðaþjónustuverkefnum á austursvæði Eyþings

Menningarráð Eyþings vill þó benda á að efling ferðaþjónustu sé samspil margra þátta og kys frekar að segja að ráðið hafi stutt ýmis verkefni sem laða að, auka á afþreyingu ferðamanna og styrkja almennt grunn að menningartengdri ferðaþjónustu.

Sérstaklega á þetta við ákveðna hluta svæðisins eins og t.d. austursvæðið þar sem fáir menntaðir listamenn búa. Þar er verið að byggjast upp ferðaþjónustu og hafa allmörg verkefni þaðan tengst slíkum verkefnum. Einnig má nefna utanverðan Eyjafjörð s.s. Siglufjörð þar sem mikill uppgangur hefur verið í ferðaþjónustu. Á Akureyrarsvæðinu eru margir listmenntaðir einstaklingar búsettir og hafa verkefni á því svæði oft en ekki tengst ferðaþjónustuverkefnum sem hafa aukið afþreyingu fyrir gesti.

Samningarnir hafa orðið til þess að auka fjölbreytni í framboði á menningu innan svæðisins, sérstaklega utan Akureyrar.

Þróun fjármagns sem varið er til menningarmála á hverju svæði

Fjármagn og framlög frá samningsaðilum hafa verið þau sömu sl. þrjú ár. 26,2 m.kr. á ári frá ríkinu og 10,6 m.kr. frá sveitarfélögum. Stofn- og rekstrarstyrkir frá árinu 2012 nema 12,4 m.kr. á ári. Ekki hafa komið til viðbótarframlög sem stækka sjóðinn.

Fram komu áhyggjur á vinnustofu með hagsmunaaðilum um að til staðar væri tilhneiging hjá sveitarfélögunum að minnka áherslu á og fjármuni til menningarmála og tilfinning um að þau hafi eða vilji beina slíkum verkefnum til Menningarráðsins.

- Mikilvægt er talið að sú verði ekki þróunin til lengri tíma þar sem menningarráðin eru ekki nógu burðug til að taka á sig fjármögnun allra verkefna innan svæðis.
- Fram kom að nokkrar stofnanir sæki um fé til einstaka verkefna sem er hluti af rekstri þeirra og þrýstingurinn úr þeirri átt sé sífellt að aukast í kjölfar niðurskurðar síðustu ár.

Menningarráð Eypings lítur á stofn- og rekstrarstyrki sem verulegt frávík frá meginhugmyndinni á bakvið menningarsamningana. Í því felst ekki sú skoðun að þau vilji ekki vera með verkefnið heldur að úthlutun styrkja úr samkeppnissjóði þar sem unnið er á grundvelli úthlutunarreglna sé önnur tegund af viðfangsefni en ákvarðanir um stofn- og rekstrarstyrki. Vinna hefði þurft nákvæmara mat eða greiningu á því hvort og þá hvernig væri unnt að fella úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja að efni og formi menningarsamninganna.

Bent var á að á svæðinu væru hátt í 40 söfn og sýningar og að Menningarráðið hafi ekki haft efnislegar forsendur til þess að leggja mat á það í hvaða tilfellum væri um reglubundinn rekstur að ræða og hvaða viðfangsefni væru það ekki. Svo bættist við veruleg lækkan fjárveitinga milli ára og Menningarráð tók þannig að sér að vera boðberi slæmra tíðinda en hafði engin áhrif á niðurstöðuna þ.e. þetta voru ekki samningaviðræður heldur í raun bara viðauki við gildandi menningarsamning.

Þá kom fram sú skoðun að stofn- og rekstrarstyrkirir verði að vera til 5 ára hið minnsta. Loks kom fram að Menningarráð Eypings telur ekki rétt að þessi úthlutun verði að ný á vettvangi fjárlaganefndar Alþingis en að koma verði henni betur fyrir innan menningarsamninga til framtíðar litið.

Verklag og vinnubrögð Menningarráðs Eypings

Á vinnustofu með hagsmunaaðilum var rætt um verklag og vinnubrögð. Að mati þátttakenda var talið að Menningarráði hefði tekist vel að útfæra skýrt og gegnsætt verklag sem sé í stöðugri þróun. Slíkt hafi leitt til þess að gæði og metnaður í umsóknum hafi aukist jafnt og þétt og þar með verkefnum.

- Þó eru til staðar grá svæði í úthlutun og alltaf er uppi spurningin hvenær verkefni verður að einhvers konar stofnun. Þá koma verkefni oft inn sem styrkhæf ár eftir ár og að mati Menningarráðs Eypings liggur slíkt á gráu svæði.

- Fram kom að til staðar hefur verið umræða utan Eypings um að lækka beri heildarframlag til svæðisins vegna þess styrks sem Akureyri hefur á sviði menningarmála. Fram kom í viðtölum og á vinnustofu að sú umræða væri ekki alfarið sanngjörn þar sem Akureyri sé einn aðili að samningnum sem gildir fyrir svæðið allt. Enda er Akureyrarsamningurinn af allt öðrum toga en menningarsamningurinn þar sem hann sé stofnanasamningur. Hugsun menningarsamningsins sé að líta á svæði sem eina heild.
- Á tímabili þegar verið var að undirbúa núverandi samning átti sér stað umræða og þróunarvinna á vettvangi landshlutasamtaka sveitarfélaga á reiknireglu. Segja má að samstaða sveitarfélaganna í þeim málum hafi rofnað þegar Austurland neitaði að taka upp þá reiknireglu sem þá var horft til. Niðurstaðan varð með því ójafnvægi og ógagnsæi sem önnur svæði sjá í núverandi skipan.

Úthlutun fjármagns til verkefna

Megineinkenni svæðisins er að það nýtur stærðar Akureyrar þar sem unnt er að byggja á sterkum menningargrunni og dreifa því afli inn á minni svæðin og þar skiptir menningarsamningurinn höfuðmáli. Hér er því um gagnkvæmt „allir vinna“ ástand að ræða.

Ágætt jafnvægi er á milli menningar og pólitískra fulltrúa í ráðinu því áhersla hefur verið lögð á menningartengingu þeirra sem sitja í ráðinu sem er gott að mati þeirra sem tóku þátt í vinnustofunni. Á endanum eru þetta samt fulltrúar sveitarstjórnarstigsins, ýmist kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn eða fulltrúar kjörinna fulltrúa, sem eru að tryggja staðbundið lýðræði í framkvæmd.

Þegar kemur að fjármunum til samningsins kom fram það sjónarmið að þó auknir fjármunir til samningsins væru æskilegir þá þarf sá þáttur ekki endilega að snúast um verulega aukna fjármuni, það gæti í raun dugað, til þess að ná enn frekari framþróun, að færa grunn samninganna í það horf að þeir hefðu fylgt launa- og verðlagsþætti fjárlaga frá efnahagshruninu.

Í þessu samhengi kom fram hugmynd um hvort ekki væri unnt að líta á og skilgreina styrki til menningarmála sem hverja aðra rannsóknastyrki. Slíkt væri tilraun til þess að breyta orðræðunni þegar opinber þjónusta er sett á vogarskálarnar gagnvart styrkjum til listamanna og listamannalauna. Slík umræða blossomar upp öðru hvoru og er ekki góð fyrir menningarmál almennt.

Lærdómur og umræður um breytingar á fyrirkomulagi menningarsamninga

Eftirfarandi samantekt er byggð á umræðu meðal hagsmunaaðila um hvaða lærdóm væri hægt að draga af fyrirkomulagi menningarsamninga og forgangsróðun tillagna sem vert væri að hafa í huga til framtíðar litið.

- Að skilgreina betur fyrirkomulag stofn- og rekstrarstyrkja. Fram kom óánægja með stofn- og rekstrarstyrki og á vinnustofu er bent á það þurfi að taka stefnumarkandi ákvörðun um hvernig eigi að koma stofn- og rekstrarstyrkjum fyrir innan menningarsamninganna.
- Menningarráðin þurfa stuðning og svigrúm til að skilgreina og móta frekara verklag og aðferðir til að deila út fjármagni stofn- og rekstrarstyrkja þar sem þeir eru í eðli sínu viðfangsefni sem er ólíkt verkefnastyrkjum að mati Menningarráðs Eyþings.
- Sennilega væri réttara að stjórn Eyþings úthluti stofn- og rekstrarstyrki að fenginni umsögn eða ráðgjöf Menningarráðs.
- Bent var á að mörk milli menningar og ferðapjónustu væru afar óljós. Það hefur reynst svæðinu óþægilegt þegar það sést eftir á að hrein og klár ferðapjónustuverkefni fái brautargengi og slíkt verður ávallt á kostnað menningarverkefna. Rætt var um það hvort að ferðapjónustan og menningartengd ferðapjónusta ætti að vera í öðrum farvegi en ólíkar skoðanir voru á því. Þó var bent á að samningurinn gæti orðið einfaldari ef eitt ráðuneyti væri um hann en ekki tvö. Á þeim grunni var t.d. bent á að skoða mætti hvort menningartengd ferðapjónusta ætti að fara inn í fyrirkomulag vaxtarsamninga.
- Hagsmunaaðilar á vinnustofu voru sammála um mikilvægi þess að lengja samningstímabil menningarsamninga og að hluti af fjármunum rati í auknum mæli til langtíma verkefna.
- Bent var á að samningur Akureyrarbæjar við ríkið um rekstur menningarstarfsemi og menningarsamningurinn eru algjörlega aðskilin mál og því þarf gjarnan að halda að öðrum svæðum í umræðunni. Akureyrarsamningurinn er stofnanabundinn samningur meðan menningarsamningurinn er til sjálfstæðra verkefna. Vont fyrir Akureyrarbæ að þurfa skýra slíkt út enda er það ekki síður verkefni ríkisins að varpa ljósi á þann mun sem hér er til staðar.
- Bent var á að Akureyri hefur verið skilgreind sem hugmyndafræðileg miðja skv. Sóknaráætlun Eyþings og hugmyndin er sú að menningarfulltrúi Eyþings verði áfram staðsettur á Akureyri m.a. í þeim tilgangi að byggja undir frekari menningarklasa vinnu.
- Efla þarf kynningarstarf milli svæða og t.d. gæti það styrkt þau á Eyþingssvæðinu að vita meira um það sem er að gerast á Vesturlandi. Slík miðlun milli svæða gæti verið leið til frekari vaxtar og þróunar á sviði menningarmála.
- Rætt var um að mörk milli menningarstarfs og skapandi greina væri næfurþunn. Nýsköpun og þróun eiga sér stað á fleiri sviðum en í menningu og í Sóknaráætlun Eyþings er gert ráð fyrir fjármunum í kortlagningu grunngerðar og mannauðs á svæði Eyþings. Nú er því unnið að gerð gagnagrunns með fjármögnun úr Sóknaráætlun Eyþings.
- Fram kom að bein starfsemi á vegum Eyþings sé frekar lítil og um margt gamaldags á sviði kynningarmála. Heimasíðumál standa til bóta á næstu misserum en efla þarf kynningarmál um þá starfsemi sem fram fer á vegum Menningarráðs Eyþings.
- Mikilvægt er að viðurkenna víðfeðmi svæðisins og því var velt upp að taka mætti upp reglulega viðveru menningarfulltrúa á ákveðnum svæðum á Norðurlandi eystra. Skiptingin í ráðinu skiptir máli en í raun er það með tengingu inn á allt svæðið með aðal- og varafulltrúum.
- Rætt var um þá hugmynd að menningarsamningarnir rati inn í form sóknaráætlunar landshlutana. Flestir sammála um að slíkt væri ekki vandamál að því gefnu að fjármunir til menningarmála verði tryggðir með einhverskonar eyrnamerkingu.
- Þá var rætt um að æskilegt væri að menningarfulltrúi Eyþings hefði starfsaðstöðu sem væri hluti af stærri heild sem gæti t.d. verið Akureyrarstofa eða annað sambærilegt. Þannig gæti verið gott til framtíðar litið að draga saman þá sem eru að vinna í skyldum málum á vegum sveitarfélaga og ríkis á Akureyri.
- Æskilegt er talið að í framtíðinni verði unnt að fara í fleiri þróunarverkefni, líkt og „Aftur heim“ verkefnið sem fór af stað í upphafi árs, þar sem unnið er í lengri tíma og unnt væri að verja stærri fjárhæðum til slíks með t.d. aðkomu Sóknaráætlunar.


- Að mati þátttakenda var til staðar nokkur samhljómur milli manna á vinnustofunni. Sérstaklega var vakin athygli á því hvað menn hlupu lítið í vörn og var það talið til marks um ríka samstöðu um verkefnið og þróun þess.

Mat á framkvæmd menningarsamnings á Norðurlandi eystra

Eftirfarandi er mat ráðgjafa á framkvæmd menningarsamnings á Norðurlandi eystra á yfirstandandi samningstímabili. Heildarárangur svæðisins er metinn 89% og er svæðið með hæstu einkunn allra svæða á sviði framkvæmdar stefnu enda eitt af þeim svæðum sem hafa formlega mótað stefnu á samningstímabilinu eins og menningarsamningarnir kveða skýrt á um.


Svæðið er mjög framarlega þegar kemur að samstarfi innan svæðis og þó svo að það sé ekki markmið menningarsamninganna er samstarf Norðurlands eystra og Austurlands til þess fallið að efla hvort svæði um sig. Í því samhengi má benda á að þessi tvö menningarsvæði eru með tvær hæstu einkunnir í mati úttektaraðila.

Sá matsþáttur þar sem Norðurland eystra fær lægstu einkunn lýtur að því hvort að menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu eða 78%.



Austurland

Á Austurlandi eru 8 sveitarfélög og íbúafjöldi á svæðinu er í kringum 10 þúsund. Austurland var fyrsta svæðið sem gerði menningarsamning við ríkið í kjölfar þess að unnin var stefna í menningarmálum fyrir fjórðunginn að frumkvæði Þróunarfélags Austurlands. Með henni var lagður grunnur að því samstarfi sem sveitarfélög og ríki hafa unnið saman að síðan.



Fulltrúar í Menningarráði Austurlands eru 7 og sem undanfarasvæði má segja að ansi margt í núverandi stöðu og uppbyggingu menningarsamninga almennt byggja á grunni reynslu frá Austurlandi.

Unnin var ný stefna í menningarmálum fyrir svæðið árið 2009 og í henni er horft til markmiða í samningnum. Stefnan var samþykkt af öllum sveitarfélögum á Austurlandi á aðalfundi Menningarráðs Austurlands 7. maí 2009. Stefnan er sameiginleg stefna sveitarfélaganna unnin undir forystu Menningarráðs Austurlands.

Samningur ríkisins var fyrst við Samtök sveitarfélaga á Austurland (SSA) en vegna skipulagsbreytinga í stoðþjónustu sveitarfélaganna á svæðinu er nú samningsaðilinn Austurbrú ses. Í kjölfar þessara breytinga er nú unnið að endurnýjun menningarstefnu. Með stofnun Austurbrúar ses. komu saman Menningarráð Austurlands, Markaðsstofa Austurlands, Þróunarfélag Austurlands og Þekkingarnet Austurlands auk rekstrar Samtaka Sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Austurbrú er nú samningsaðili við ríkið um menningarsamninga í stað SSA.

Lykiltölur 2011-2013

Austurland	2011	2012	2013*
Framlög úr ríkissjóði	35,3	31,3	30,4
Framlög vegna stofn- og rekstrarstyrkja	-	15,5	15,5
Framlög frá sveitarfélögum	12,7	12,7	12,7
Framlög sveitarfélaga til menningarmiðstöðva	12,0	12,0	12,0
Framlög til menningarmiðstöðva frá ríkissjóði	1,5	12,0	12,0
Önnur framlög (sértekjur)	3,5	2,3	0,0
Samtals	65,0	85,8	82,6
Heildarfjárhæð umsókna í verkefnastyrki	61,0	64,0	74,0
Heildarfjárhæð umsókna í stofn- og rekstrarstyrki	-	56,3	52,2
Úthlutanir til verkefna	31,3	26,6	28,9
Rekstrarstyrkir til menningarhúsa	10,5		
Úthlutanir í stofn- og rekstrarstyrkjum	-	14,5	14,5
Úthlutanir til reksturs menningarmiðst. af ríkisfjárm.	-	12,0	12,0
Laun og launatengd gjöld	9,3	11,6	10,9
Annar kostnaður vegna starfsemi Menningarráðs	7,7	7,6	6,4
Samtals	17,0	19,2	17,3
Fjöldi umsókna (verkefnastyrkir)	105	98	111
Fjöldi úthlutana (verkefnastyrkir)	63	62	75
Fjöldi umsókna (stofn og rekstrarstyrkir)	-	36	29
Fjöldi úthlutana (stofn og rekstrarstyrkir)	-	16	14

*byggt á áætlunum fyrir 2013

Á Austurlandi bárust 98 umsóknir í verkefnastyrki á árinu 2012 og var úthlutað til 62 verkefna (63,3%). Á sama ári nam heildarfjárhæð umsókna 64 m.kr. en 26,6 m.kr. var úthlutað til verkefna (41,6 %). Auk þess voru 4 m.kr. settar í samstarfsverkefni unnin af Menningarráði Austurlands. Á svæðinu eru fjöldi umsókna nokkuð færri en víðast hvar annars staðar og þar af leiðandi er úthlutunarhlutfallið hærra. Fjöldi umsókna á Austurlandi markast auk þess að ekki eru veittir styrkir til áhugafélaga á sviði menningar og lista nema um sýnilega sérstöðu og tengingu við atvinnuuppbyggingu sé að ræða.

Samstarf á sviði menningarmála

Menningaráð Austurlands telur það einkenna svæðið að menningarsamningar hafi stuðlað að auknu samstarfi á sviði menningarmála. Menningarráð bendir á því til stuðnings að á svæðinu séu starfandi þrjár menningarmiðstöðvar sem mikil áhersla hafi verið á að efla. Við mótun núverandi menningarsamnings við ríkið lögðu fulltrúar Austurlands mikla áherslu á að menningarmiðstöðvarnar yrðu hluti af þeim samningi enda hefur það reynst vel að mati hagsmunaaðila.

Einnig eru sjáanleg merki aukins samstarfs í þátttöku í ráðstefnum og málþingum um menningarmál á Austurlandi og líkt og á öðrum svæðum hefur reynst afar vel að hafa sérstaka úthlutunarathöfn. Þannig hafi í auknum mæli tekist að skapa mun meira samtal á milli sveitarstjórnarmanna, embættismanna og listamanna.

Verkefni á svæðinu sem tengja má beint samstarfi og samvinnu eru m.a. Þjóðleikur.

Þátttakendur í vinnustofu voru beðnir um að taka saman helstu atriði sem þau teldu að hefðu gert það að verkum að samstarf væri að aukast:

- Að mati þátttakenda hefur tilkoma menningarsamninga ýtt við mörgum og það að úthluta svo nálægt heimabyggð gerir að verkum að áhugasamir eru vakandi fyrir þessum valkosti.
- Mikil breyting hefur orðið frá því sem áður var, bent var á að áður fyrr hafi tiltölulega fáir verið að reyna að afla fjármagns í verkefni með því að sækja beint til ráðuneytis eða fjárlaganefndar. Á þeim tíma var ekkert mótað verklag, engin skilgreind ferli og tilfallandi hvaða verkefni fengu brautargengi og hver ekki – það sé ekki svo nú.
- Menningarráði Austurlands er lýst sem samnefnara menningarsviðsins, þar er átt við að ýmislegt skapast út frá ráðinu sem varðar samninginn ekki endilega með

beinum hætti. Um sé að ræða tengslanet og út frá lítilli hugmynd hafi orðið til eitthvað meira.

Menningarráð Austurlands hefur náð umtalsverðum árangri í erlendu samstarfi. Formlegt samstarf hefur verið í u.þ.b. 10 ár við Vesterålen í Noregi og einnig við Donegal á norðvestur Írlandi. Lögð hefur verið áhersla á að efla tengsl listamanna í löndunum þremur með sérstakri áherslu á unga listamenn.

Alþjóðleg verkefni eru því áberandi á svæðinu, þar má nefna Make by Þorpið og Creative Communities. Þessi verkefni og fleiri væru ekki vinnanleg nema vegna þess að í mörg ár hafa stofnanir á Austurlandi unnið saman að slíkum verkefnum, í mikilli samvinnu og samtali við fyrirtæki og listamenn. Að mati hagsmunaaðila á svæðinu hefur þetta samstarf opnað á leiðir til nýrra verkefna án aðkomu Menningarráðs Austurlands það tengslanet sem skapast hefur með þessari alþjóðlegu vinnu Menningarráðs Austurlands leitt til þess að aðrir aðilar en Austfirðingar njóta góðs af. Sem dæmi má nefna að Sirkushátíð á vegum Norræna hússins í Reykjavík fékk til sín dansleikhús frá Donegal og Eyþing hefur hafið samstarf við Vesterålen fyrir tilstuðlan Menningarráðs Austurlands.

Í þeim tilgangi að sjá með einum eða öðrum hætti birtingarmynd allra markmiða menningarsamningsins er hægt að líta til lokaviðburðar á Evrópuverkefninu Creative Communities sem var ráðstefnan Make it Happen Ráðstefnan samanstóð af 110 þátttakendum frá tíu löndum og var þar að finna blöndu af fyrirlesturum, vinnustofum og viðburðum. Viðburðurinn var með áherslu á hönnun og staðbundið hráefni í bland við kynningu á svæðinu og möguleikum þess. Listamenn og ferðaþjónustuaðilar ásamt starfsmönnum Austurbrúar tóku höndum saman og bjuggu til ráðstefnu sem eftir var tekið víða um heim. Menningarráðið bendir á að ráðstefnan hafi vakið umtalverða athygli erlendis en verr hafi gengið að fá athygli fjölmiðla á ráðstefnunni innanlands.

Menningarráð Austurlands hefur náð árangri í að efla samstarf og samvinnu innan svæðis, bæði á milli ólíkra listgreina og meðal ungra listamanna. Með alþjóðlegum verkefnum hefur orðið vart við enn frekari áhrif á nýsköpun og fjölbreytni í menningarstarfi á svæðinu.

Nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu

Stuðlað hefur verið að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu. Í ársskýrslum Menningarráðs Austurlands kemur fram að dreifing á milli listgreina sé nokkuð góð, þar má einnig sjá að þrátt fyrir að umsóknir í ákveðnum flokkum séu að jafnaði færri og oft smærri hefur Menningarráð stuðlað að fjölbreytileika með því að stýra fjármagni í þá átt.

Líkt og á öðrum svæðum eru styrkveitingar flokkaðar eftir listgreinum og yfirlit yfir úthlutanir er að finna í ársskýrslum menningarráðanna. Menningarráð Austurlands bendir á að það sé staðreynd að langfestar umsóknir á svæðinu komi úr tónlistargeiranum sem sé eðlilegt þar sem það sé sá hópur listmanna á Austurlandi sem er fjölmennastur. Tónlistarskólar sveitafélaga skapa trausta atvinnu fyrir tónlistarmenn.

Verkefni sem má flokka og horfa á undir formerkjum nýsköpunar og fjölbreytni eru hönnunarverkefnið Make by Þorpið sem Menningarráð Austurlands hafði frumkvæði að en sem byggir á samstarfi Menningarráðs Austurlands, Þekkingarnets og Þróunarfélags Austurlands. Þar er unnið að því að fá unga hönnuði af Austurlandi í bland við alþjóðlega hönnuði til að vinna með staðbundið hráefni af Austurlandi og tengja það síðan fyrirtækjum á svæðinu til atvinnueflingar og aukins vöruúrvals.

Þá má nefna verkefnið EDGES Three Sides of the Same Sea sem var samstafsverkefni þriggja landa. Undirheiti verkefnisins á Austurlandi var Edge of the Imagination og fór það fram árið 2011. Í því tilfelli kom Menningarráðið á samstarfi safna og sveitarfélaga, Minjasafni Austurlands og Fjarðabyggðar. Menningararfurinn var nýttur til að vinna þvert á listgreinar og stofnanir með það að markmiði að kynna nýjungar í listsköpun á jaðarsvæðum. Þar fengu ungir listamenn fullt frelsi í sinni sköpun. Þeir völdu að vinna með sýn álfa á mannheima út frá frásögnum um álfa í þessum þrem löndum.

Á vinnustofu með hagsmunaaðilum voru þátttakendur almennt sammála um að nýsköpun og fjölbreytni væri vel merkjanleg á svæðinu. Þátttakendur bentu á eftirfarandi:

- Fjölbreytni er sýnileg í fjölda umsókna og fólk á svæðinu sér aukna von um að skapa verkefni og hefja eitthvað nýtt.
- Tekist hefur vel að úthluta faglega sem hefur skilað miklum árangri, verkefni eru fjölbreytt, þá sérstaklega stuðningur við unga listamenn.
- Verkefni sem ná út fyrir landið hafa gefið margfalt meira af sér til baka og margt sprettur af því án þess að Menningarráðið sé að koma að öðru en upphafinu.
- Miklar líkur eru á verkefni stækki og verði meiri án afskipta Menningarráðs, það hefur gerst, hérlandis og í alþjóðlegu samstarfi og litið er á slíkt sem mjög jákvæða þróun.

Með ráðgjöf og samtali við listamenn og aðra sem starfa að menningarmálum verður auk þess oft til nýsköpun og þróun. Eitt það mikilvægasta í starfi menningarfulltrúa Austurlands

er að gefa sér tíma til að tala við listamenn og aðra sem starfa að listum til þess að fylgjast með þróun í listum. En einnig að fylgjast með skrifum og rannsóknum í menningarpólitík og þróun á Íslandi og víðar.

Þegar litið var til aukinna tækifæra á þessu sviði var nokkuð rætt um aukin tækifæri í frekari tengingu á milli rannsókna og menningar.

Fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista

Fulltrúar Menningarráðs Austurlands benda á að frá upphafi hafi fjármagn sem kemur frá ríki og sveitarfélögum í gegnum menningarsamning verið beint til eflingar atvinnuuppbyggingar á sviði menningar og lista. Þar með er unnið stöðugt að því tiltekna markmiði í menningarsamningi. Birtingarmynd þessa er meðal annars áherslur í úthlutunarreglum Menningarráðs Austurland. Litið sé á að það sé annarra, svo sem fyrirtækja og sveitarfélaga, að styðja við áhugamannafélög, t.d. kóra, leikfélög og myndlistafólk, nema í þeim tilfellum að þessir aðilar séu að kalla til sín atvinnumenn til að vinna með í þeim verkefnum sem sótt er um. Fram kom í viðtölum og á vinnustofunni að á Austurlandi væri mikil áhersla á að setja sem minnst af fjármagni úr menningarsamningi til umsýslu og stjórnunar. Á móti því kemur að töluvert álag er á menningarfulltrúa sem hefur verið eini starfsmaðurinn frá upphafi. Áherslur Menningarráðs Austurlands hafa verið að færa verkefni til menningarmiðstöðvanna á svæðinu, bæði til að efla þróun í menningu og listum og stuðla að því að til yrðu frekari störf. Miðstöðvarnar hafa verið í mikilli sókn en ekki hafa enn náðst fram slík áhrif, þ.e. að menningarmiðstöðvarnar fari að sinna verkefnum sem tengjast styrkjum eða að veita aðstoð og ráðgjöf til annarra. Slíkt fer enn að mestu fram hjá Menningarráði Austurlands.

Þó er ljóst að menningarmiðstöðvarnar á Austurlandi hafa náð árangri í uppbyggingu á þeim listgreinum sem þar eru í aðalhlutverki og nauðsynlegt er að styðja enn frekar við og efla þá faglegu uppbyggingu. Nánar er fjallað um starfsemi menningarmiðstöðvanna síðar í þessum kafla. Mikið vinnuálag er á menningarfulltrúa og horft hefur verið til þess að efla starfsemina með aukinni aðkomu starfsmanna Austurbrúar ses., þannig nái menningarfulltrúi að einbeita sér markvisst að þróunarverkefnum og ráðgjöf.

Á vinnustofu á svæðinu var fjallað um aukin tækifæri í atvinnu á sviði menningar og lista og m.a. var bent á eftirfarandi:

- Um 40-50 unglingar sækja listnám á hverjum tíma og síðustu 10 ár hefur stór hópur menntaða listamanna komið frá Austurlandi. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var. Slíkt er áhugavert fyrir svæðið til framtíðar litið ef hægt er að byggja

upp og þróa umhverfi þar sem ungt fólk sem sækir sér menntun á þessu sviði kemur heim og kys að starfa og búa þar.

- Í samtölum við listafólk kom fram að það er nú fýsilegra að koma heim í hérað og sinna störfum á Austurlandi. Áður fóru menn beint til Reykjavíkur. Þá skiptir uppbygging á aðstöðu og styrking starfsumhverfis máli enda eru nú fleiri listamenn búsettir á Austurlandi en áður.

Það er mat viðmælenda að úthlutun skipti sérstaklega máli fyrir ungt listafólk á Austurlandi og frá Austurlandi sem kemur með sína menntun inn á svæðið og tryggir sér þar vinnu í lengri eða skemmri tíma. Bent var á verkefni eins og Sköpunarmiðstöðina (2011), Þorpið Hönnunarsamfélag (2012), Listsýningu í Trjásafrinu á Hallormsstað (2013) og mörg fleiri.

Þessi verkefni gáfu ungum listamönnum af Austurlandi tækifæri til að vinna með list sína og byggja hana upp eftir nám. Fleiri árleg verkefni má nefna sem skapa atvinnu fyrir listamenn og undirbúa jarðveginn fyrir frekari uppbyggingu, svo sem LungA, Jólafrið, aðventutónleika Kirkju og menningarmiðstöðvarinnar, Þjóðleik og fleira.

Forstöðumenn menningarmiðstöðvanna á Austurlandi eru allir menntaðir listamenn og sú uppbygging sem þar er í gangi hefur leitt til fjölgunar starfa og má þar meðal annars nefna störf sem tengjast dvöl og störfum listamanna í listamannaíbúðum miðstöðvanna. Menningarráð Austurlands bendir á að þetta sé sérstaklega sýnilegt á Seyðisfirði í tengslum við Skaftfell – miðstöð myndlistar á Austurlandi.

Stuðningur við ný verkefni felst ekki eingöngu í úthlutun fjármagns heldur líka aðgengi að deiglu og tengslaneti sem er mikilvægur þáttur í þeirri atvinnuuppbyggingu sem nú á sér stað. Menningarmiðstöðvar hafa ráðið til sín fólk og einnig kemur fjármagn frá öðrum aðilum til ýmissar starfsemi innan miðstöðvanna svo sem Kulturkontakt Nord og fleirum.

Fjöldi hátíða á Austurlandi skapar atvinnu á sviði lista, ferðaþjónustu og annarrar þjónustu. Þar má nefna LungA, Bræðsluna, Eistnaflug, Hammondhátíð, Jazzhátíð Austurlands og fleiri.

Menningarstarfsemi og samspil við ferðaþjónustu

Í 2. grein úthlutunarreglna menningaráðs Austurlands hafa þau verkefni forgang sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu. Í ársskýrslu Menningarráðs Austurlands má sjá skýr dæmi um verkefni af þessu tagi og eru verkefni sem falla undir þennan flokk meginhluti allra verkefna sem styrkt eru af Menningarráðinu árin 2012 og 2013.

Í viðtölum á Austurlandi var nefnt að mikil skörun væri á milli flokka, þ.e. oft sé erfitt að skilgreina hvað sé menningartengd ferðaþjónusta og hvað ekki. Þó eru nokkur verkefni sem tengjast menningartengdri ferðaþjónustu nærri alfarið, m.a. „Meet the locals“ og Gönguvikan í Fjarðabyggð. Einnig leikþættir úr Hrafnkelssögu Freysgoða, Hvalstöðin við Svínaskála, ljósmyndasýning og Kvikmyndafjár sjóður á Austurlandi. Auk þess má nefna fjölmargar hátíðir sem haldnar eru á Austurlandi eins og Bræðsluna, Eistnaflug og LungA sem eru fjölmennustu hátíðirnar.

Það er mat margra viðmælenda að ef ekki væri fyrir styrki frá Menningarráði væru þessar hátíðir að öllum líkindum ekki haldnar. Þegar fjallað var um það hver væri ástæða þess að svona fjölsóttar hátíðir væru ekki sjálfbærar var bent á mikinn tilkostnað við flutning á fólki og tækjum frá Reykjavík. Þekkt er að Austurland er fjærst höfuðborginni og það svæði landsins sem er háðast flugi sökum fjarlægðar.

Eitt besta dæmi um menningu tengda ferðaþjónustu er LungA, listahátíð ungs fólks á Austurlandi. Verkefnið fær stuðning frá Menningarráðinu á hverju ári og telur Menningarráð Austurlands að hátíðin sé mjög mikilvæg til að skapa umræðu um list á Austurlandi. Þátttakendur og gestir hátíðarinnar eru á bilinu 4000-5000 yfir vikuna sem hátíðin stendur. Þá má í þessu samhengi nefna rithöfundahraðlestina sem er árlegur viðburður með upplestri úr nýútkomnum bókum sem fer um allt Austurland.

Að mati Menningarráðs Austurlands er það bagalegt að fjármagn hafi verið skorið niður til stofn- og rekstrarstyrkja á sama tíma og úthlutun þessa fjármagns er fært frá ríki í heimabyggð. Verkefni á þessu sviði eru m.a. styrkir til Óbyggðasafns í Fljótsdal sem byggir á menningararfinum og ferðaþjónustu og uppbyggingu Franska safnsins á Fáskrúðsfirði sem einnig kemur til með að byggja allt sitt á ferðamönnum.

Í viðtölum kom fram að með tilkomu Austurbrúar og sameiningu á stoðstofnunum á svæðinu hafi skapast öflugur vettvangur til frekara samstarfs, sérstaklega á það við milli sviðs menningarmála og þess sem áður var „Markaðsstofa Austurlands“ en einnig „Þróunarfélag Austurlands“ og er nú hluti af Austurbrú.

Þróun fjármagns sem varið er til menningarmála á hverju svæði

Menningarráð Austurlands bendir á að fyrir efnahagshrunið hafi náðst sá árangur að auka fjármagn Menningarráðsins sem rann beint inn í úthlutunarsjóð þess. Í seinni tíð hafi það frekar tekist gagnvart ákveðnum verkefnum, bæði úr opinberum sjóðum og frá fyrirtækjum en það er mismunandi milli ára. Árið 2011 og 2012 kom fjármagn til samstarfsverkefnisins Creative Communities sem styrkt var af Leonardo-sjóði Evrópusambandsins. Fjármagn kom

úr erlendum og innlendum sjóðum til verkefnisins EDGES Three Sides of the Same Sea á vegum Menningarráðs 2011 .

Eins og áður segir hefur Menningarráð Austurlands verið framarlega í alþjóðlegum verkefnum og hefur það einnig reynst svæðinu vel þegar litið er til fjármagns. Á síðustu 8 árum hefur fjármagn vegna samstarfs við Vesterålen í Noregi og Donegal á Írlandi komið í gegnum norsk/íslenskan sjóð. Þetta fjármagn er vistað hjá samstafsaðilanum Vesterålen og kemur því ekki fram í ársreikningum Menningarráðs Austurlands. Samanlagt hefur þetta fjármagn komið í átta ár og hefur verið í kringum 100.000.- norsk krónur á ári eða rétt líðlega 2 m.kr. mv. gengi norsk krónunnar í september 2013. Fram kom á vinnustofu á Norðurlandi eystra að það svæði telji sig njóta góðs af þessum erlendu tengslum Austurlands.

Eins og kom fram líka á Norðurlandi vestra er það umhugsunarefni hvort að Menningarráð Austurlands sækji með beinum hætti í innlenda og erlenda opinbera sjóði eða til fyrirtækja í samkeppni við listamenn. Ekki sé æskilegt að fjármunir Menningarráðs aukist á kostnað grasrótarinnar, þ.e. þeirra listamanna sem sækja einnig í sömu sjóði og Menningarráð Austurlands og þá mögulega til að afla sér mótframlaga vegna verkefna sem styrkt eru af Menningarráði Austurlands.

Stórfyrirtæki á Austurlandi hafa komið að uppbyggingu á sviði menningar og lista meira en sést hefur á öðrum svæðum á yfirstandandi samningstímabili. Þetta hefur bæði gerst með því að þau leggi fjármagn beint í verkefni en einnig hafa þau búið til verkefni í kjölfar samtals við menningarfulltrúa og Menningarráð á Austurlandi og Vesterålen. Sem dæmi um áhugaverða nýjung í erlendu samstarfi hérlandis má nefna að fyrirtækin Eskja á Eskifirði og Biomar í Noregi vinna að verkefninu Ritmafor. Þar leiddu fyrirtækin saman atvinnumenn og háskólanema í tónlist frá báðum löndum sem endaði með því haldnir voru nokkrir tónleikar í báðum löndum.

Á Austurlandi starfa þrjár skilgreindar menningarmiðstöðvar, Skaftfell á Seyðisfirði miðstöð myndlistar á Austurlandi, Tónlistarmiðstöð Austurlands sem áður hét Kirkju- og menningarmiðstöðin og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs sem er sviðslistamiðstöð. Miðstöðvarnar eru hluti af menningarsamningi milli ríkis og sveitarfélaga en það fjármagn sem hingað til hefur komið til miðstöðvanna er að mati Menningarráðs Austurlands ekki nægilegt til þess að halda úti þeirri starfsemi sem gert er ráð fyrir í samningi milli Menningarráðs, viðkomandi sveitarfélags og miðstöðvanna. Í viðtölum kom fram að starfsemin sé háð velvilja starfsmanna sem jafnvel skilgreina sig niður í 50% starf til að halda starfseminni gangandi.

Hver menningarmiðstöð fær 8 milljónir á ári samanlagt frá ríki og sveitarfélögum. Bent var á að gengið hafi vel hjá miðstöðvunum að afla sér viðbótarfjármagns en það er ekki tryggt frá ári til árs. Viðbótarfjármagn til Tónlistarmiðstöðvarinnar er samtals um 14 m.kr. frá 2011–2013 og kemur það frá ýmsum sjóðum og fyrirtækjum. Væntingar eru á svæðinu um að framlag ríkis og sveitarfélaga til menningarmiðstöðva verði aukið í náinni framtíð.

Á vinnustofu á svæðinu komu eftirfarandi atriði fram er varða fjármögnun:

- Æskilegt er að hægt verði að sækja um verkefni til lengri tíma, t.d. 2-3 ára, og að menningarsamningarnir verði til lengri tíma eða a.m.k. 5 ára.
- Oft er verið að sækja um sama verkefnið ár eftir ár og Menningarráð ætti að geta haft umboð til að skilgreina langtímaverkefni út frá skilgreindum reglum og skilyrðum sem sett yrðu. Þannig væri unnt að draga úr sóun á tíma umsækjenda og þeirra sem fara yfir umsóknirnar. Til að slíkt gangi eftir þarf samningstímabilið án efa að vera lengra en 3 ár.
- Það tekur mikinn tíma að semja við ríkið og það er ferli sem æskilegt er að hafa sem sjaldnast í gangi, sérstaklega í ljósi þess að nú þegar ríkir traust á milli aðila um verkefnið. Samningskostnaður við þessi stuttu samningstímabil er því hlutfallslega hærri en ella og það eru sjálfstæð rök fyrir lengri samningstímabilum.
- Söfnin á Austurlandi fá mörg hver styrki úr safnasjóði til rekstrar. Nú eru söfnin þeir staðir sem eru opnir hvað lengst og eru yfirleitt alltaf til staðar fyrir gesti. Söfnin fá ekki bein fjárframlög í núverandi kerfi sem dregur úr stöðugleika í þeirra umhverfi.

Verklag og vinnubrögð Menningarráðs Austurlands

Samhliða auglýsingu Menningarráðs Austurlands um styrki er auglýst viðvera menningarfulltrúa í öllum byggðakjörnum á Austurlandi þar sem hægt er að fá ráðleggingar og aðstoð varðandi styrkumsóknir. Úthlutun til verkefna hjá Menningarráði Austurlands fer fram í byrjun árs eða frá lokum janúar til febrúarloka. Umsóknarferlið hefst þó formlega í október þar sem auglýst er eftir verkefnastyrkjum og nú stofn- og rekstrarstyrkjum.

Þegar umsóknarfrestur er runnin út í desember fá allir fulltrúar í stjórn Menningarráðs umsóknir flokkaðar eftir listgreinum. Hver fulltrúi les umsóknirnar og gefur þeim einkunn frá 1-3. Á fundi er því næst ákveðið hvaða verkefni hljóta styrki út frá úthlutunarreglum og ákvæðum í samningi ríkis og sveitarfélaga. Almenn regla hjá Menningarráði Austurlands er

að ef um bein eða óbein hagsmunatengsl ráðsmanna við umsækjendur er að ræða víki viðkomandi af fundi við afgreiðslu máls. Þegar þessari vinnu er lokið er fundað aftur og endanlegar upphæðir settar á þau verkefni sem hljóta styrki, oftast eftir að formanni og menningarfulltrúa hefur verið falið að koma með tillögu að skiptingu þess fjármagns sem til ráðstöfunar er.

Úthlutunarathöfn er alltaf haldin við afhendingu verkefnastyrkja þar sem öllum styrkþegum ef boðið auk sveitarstjórnarmönnum, ráðherra menningarmála og þingmönnum fjórðungsins. Athöfnin færir á milli staða á Austurlandi og það sveitarfélag sem fær úthlutunarathöfnina er í hlutverki gestgjafa.

Gerður er samningur við styrkþega og lokagreiðsla fer ekki fram fyrr en skilað hefur verið inn lokaskýrslu fyrir verkefnið sem menningarfulltrúi metur að sé fullnægjandi.

Á vinnustofu á Austurlandi var fjallað um skipan í Menningarráðið og var sú umræða sambærileg og annars staðar, þ.e. hvort eðlilegra væri að skipa í ráðið á grunni áherslu á faglegri þekkingu á sviði menningarmála eða á grundvelli fulltrúalýðræðis sveitarstjórnarstigsins. Niðurstaða þeirrar umræðu varð að skynsamlegt sé að Menningarráð sé skipað bæði fulltrúum sveitarfélaga og faglærðum listamönnum þ.e. að blönduð leið sé sú skynsamlega eða eins og alltaf hefur verið skipað í Menningarráðið á Austurlandi.

Úthlutun fjármagns til verkefna

Menningarráð Austurlands telur almennt séð að gengið hafi vel að úthluta fjármagni til verkefna, ekki síst sökum þess að fyrir liggja skýrar reglur. Menningarráðið telur að það hafi reynst vel að breyta áherslum á milli ára, ekki síst vegna þess að þarfir og væntingar hagsmunaaðila eru ekki alltaf eins.

Úthlutunarreglur Menningarráðs Austurlands voru eins árin 2012 og 2013. Breytingin á reglum þessara ára frá því sem áður var, var m.a. sú að boðið var upp á styrki til undirbúnings verkefna og unnt var að sækja um minni svæðisbundin verkefni og minni og stærri samstarfsverkefni. Kynning á þessum breytingum fór m.a. fram með auglýsingum og umræðum í viðverutíma menningarfulltrúa vítt og breytt á svæðinu. Þá var upplýsingunum komið til sveitarfélaganna beint og á sameiginlegum fundum menningar- og ferðafulltrúa sveitarfélaganna og menningarfulltrúa Austurlands.

Bent var á að til staðar er ákveðið ójafnvægi í fjölda starfandi listamanna á svæðinu eftir listgreinum og þar af leiðandi sé erfitt að gæta fullkomins jafnvægis milli listgreina, bæði í

úthlutun hvers árs og á milli ára. Breytingar á áherslum í úthlutunarreglum eru þó tæki til að ná þessu fram ef vel er að verki staðið og hefur það stundum verið gert í úthlutunarreglum Menningarráðs Austurlands.

Líkt og á Vestfjörðum er jafnræði á milli svæða og sveitarfélaga við úthlutun fjármagns ekki áhersluatriði í vinnureglum Menningarráðs heldur það að umsóknir samræmist úthlutunarreglum og verkefni byggja á þeim reglum og standist faglegar kröfur sem til hennar eru gerðar.

Líkt og á öðrum svæðum leitast Menningarráð Austurlands við að stýra eins miklu fjármagni og hægt er í verkefni og lágmarka stjórnunarkostnaðinn. Menningarráðið hefur þó á síðari árum tekið frá fjármagn til stærri samstarfsverkefna þar sem áhersla er á nýsköpun, þróun og eflingu tengslanets ungra listamanna. Samanber þau erlendu verkefni sem Menningarráðið hefur sjálft haft umsjón með.

Varðandi úthlutun til verkefna var fjallað um eftirfarandi atriði á vinnustofu á Austurlandi:

- Þátttakendum á vinnustofu fannst illskiljanlegt hversu litlir stofn- og rekstrarstyrkir eru eftir að sú úthlutun var flutt frá ríki til sveitarfélaga.
- Líkt og á Vesturlandi var fjallað um styrki til bókaútgáfu og voru um það skiptar skoðanir en nú er almenna reglan sú á Austurlandi að bókaútgáfa er ekki styrkt m.a. í ljósi þess að unnt er að sækja bókmenntastyrki víða en það sama gildir ekki um önnur form menningar sem fyrst og síðast eiga möguleika innan menningarsamninganna.
- Þá var bent á að almenn forgangsöröðun í úthlutun fjármuna ætti ávalt að vera sú að verkefni sem unnt er að fjármagna með öðrum hætti eigi almennt ekki að njóta forgangs í úthlutunum Menningarráðs.

Lærdómur og umræður um breytingar á fyrirkomulagi menningarsamninga

Eftirfarandi samantekt er byggð á umræðu hjá hagsmunaaðilum um hvaða lærdóm væri hægt að draga af fyrirkomulagi menningarsamninga og forgangsöröðun tillagna sem vert væri að hafa í huga til framtíðar lítið.

- Fulltrúar Menningarráðs Austurlands telja að mikilvægast sé að auka fjármuni í samningnum, m.a. til að styðja betur við menningarmiðstöðvarnar sem geti ekki sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað með 8 milljóna framlagi samtals á ári frá ríki

og sveitarfélögum. Þá gerir fjarlægð frá Reykjavík og kostnaður við flutning á fólki og tækjum það að verkum að erfitt er að halda uppi framboði og tryggja fjárhagslegan grunn menningar og lista á Austurlandi þó svo að tekist hafi að byggja upp vinsæla atburði eins og Bræðsluna.

- Sú sameiginlega ákvörðun sveitarfélaganna á Austurlandi að halda úti fjórum menningarmiðstöðvum, og síðar þremur eftir að Sveitarfélagið Hornafjörður fór út úr samningnum, hefur reynst svæðinu afar vel en rekstrarkostnaður þeirra er umtalsvert meiri en framlög til þeirra.
- Halda þarf áfram þeirri vinnu að ná fram virkara og betra samstarfi milli menningarmiðstöðva og efla verkefni þeirra og stækka þau sem fyrir eru.
- Menningarmiðstöðvarnar hafa þvælst fyrir samanburði milli svæða. Ein leið væri að önnur svæði færu inn í form Austurlands. Austurland valdi dreifsetta þjónustu í stað þess að byggja upp eitt menningarhús eins og til stóð.
- Þá kom fram að e.t.v. væri betra fyrir menningarmiðstöðvarnar á Austurlandi að litið væri á þær sem eina heild en ekki verkefni viðkomandi sveitarfélag eins og nú er.
- Samningar þurfa að vera til fimm ára að lágmarki en um leið og samningstíminn yrði lengdur gætu fjármögnunar möguleikar í öðrum sjóðum opnast.
- Bent var á þá leið að hluti fjármuna menningarsamnings, frá ríki og sveitarfélögum, færi til þess að styðja beint við listamenn sem gæti verið upphaf eða ígildi listamannalauna til starfandi listamanna á svæðinu.
- Menningarráð Austurlands horfir til þess að til að efla samstarf á svæðinu enn frekar þá séu tækifærin fólgin í því að sveitarfélög á Austurlandi móti sér menningarstefnu sem væri tengd við stefnu Menningarráðs.
- Það kom fram að í mörg ár hafi aðilar á Austurlandi fylgt þeirri stefnu ráðuneytis menningarmála að fjármögnun til menningarmála eigi að fara í gegnum menningarsamning en ekki fjárlaganefnd. Þetta hafi síðan leitt til þess að minna fjármagn hefur komið til Austurlands til menningarmála en til annarra landshluta. Þar sem aðrir landshlutar hafi bæði nýtt sér menningarsamninga og fjárlaganefnd til að sækja sér fjármagn til menningarverkefna. Rannsóknir eins og í skýrslu um „Starfsemi ríkisins í Norðausturkjördæmi“ hafa leitt það í ljós að þrátt fyrir að

Austurland fái hæstu fjárhæð í menningarsamning fái landshlutinn umtalsvert lægra fjármagn en aðrir landshlutar til menningar frá ríkisvaldinu.¹

- Þá varð umræða um það hver á að sækja hvern heim. Á að flytja þeirra fólk á sýningar í Þjóðleikhúsinu eða á Þjóðleikhúsið að koma með sýningar austur og það sama gildir um Sinfóníuhljómsveitina. Þetta er hin hliðin á kostnaði við fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, þ.e. að Þjóðleikhúsið hefur ekki efni á að senda farandsýningar um landið eins og tíðkaðist fyrir margt löngu.
- Þá kom fram að mikilvægt væri að menn misstu ekki sjónar á því hver var grundvallarhugsunin í menningarsamningunum í upphafi. Þar skiptir mestu í huga fulltrúa Austurlands vægi fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu. Umræða um að Austurland sé að fá of mikið fjármagn er erfið fyrir þau og umræðan þarf að komast í uppbyggilegri farveg. Mikilvægt er að áfram verið til staðar breyta í reiknireglu fyrir menningarsamninga sem tekur tillit til fjarlægðar frá þjóðmenningarstofnunum, strjálbýli og samgöngum en ekki þætti eins og atvinnustig þar sem þetta er ekki jöfnunarsjóður.
- Tilkoma Austurbrúar er nýjung í austfirsku umhverfi og til framtíðar litið gæti ein leið verið sú að menningarfulltrúinn verði minna ráðgefandi og meira stefnumarkandi í sinni vinnu. Menningarfulltrúi gæti þannig lagt mat á umhverfið og þarfirnar og þróað þetta viðfangsefni sem menningarmálin eru áfram. Þetta væri strúktúrbreyting sem þau ættu að þora að stíga ef um hana næst sátt. Verði menningarsamningar felldir inn í farveg Sóknaráætlunar Austurlands koma upp spurningar um það hvort að Menningarráð verði eins konar fagrád og hvort að það sé æskileg þróun; talið var mikilvægt að menningaráð starfi áfram sem ráðgefandi ráð í menningarmálum til handa stjórn Austurbrúar í samtali við fagrád Austurbrúar. Þar er þekking og reynsla til staðar sem vert er að nýta. Frekari breytingar geti svo verið þegar starfsemi Austurbrúar hefur fest sig í sessi
- Fram kom að huga þarf betur að söfnum og fjármögnun þeirra en ný safnalög kveða á um höfuðsöfn en safnageirinn er nú í ákveðinni deiglu.

¹ 2012. „Starfsemi ríkisins í Norðausturkjördæmi“. Háskólinn á Akureyri.


Mat á framkvæmd menningarsamnings á Austurlandi

Eftirfarandi er mat ráðgjafa á framkvæmd menningarsamnings á Austurlandi á yfirstandandi samningstímabili. Austurland hefur starfað á grundvelli menningarsamnings frá árinu 2001 og hefur í mörgu tilliti verið eins konar undanfari eða frumkvöðull og tekið virkan þátt í umræðum um þróun og yfirfærslu þekkingar á milli svæða.

Heildareinkunn svæðisins er 93% og svæðið hefur því náð góðum tókum á öllum matsþáttum, sérstaklega þegar litið er til nýsköpunar og fjölbreytni, stuðningi við ferðaþjónustu og á sviði samstarfs í menningarmálum.

Ekki er unnt að líta framhjá því að niðurstaðan í könnun meðal styrkþega er í nokkrum þáttum síðri á Austurlandi en á öðrum svæðum en þetta mat gefur til kynna. Varðandi hugsanlegar skýringar má nefna almenn atriði eins og það að svæðið þekkir ekki annað form og samanburðurinn gæti því verið við tíma þegar meiri fjármunir voru til ráðstöfunar svo dæmi sé tekið.

Austurland



Suðurland

Á Suðurlandi eru 15 sveitarfélög og samningsaðili við ríkið eru Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Kjörnir fulltrúar í Menningarráði Suðurlands eru fimm.


Árið 2005 var samþykkt heildstæð stefna í menningarmálum á Suðurlandi sem öll sveitarfélögin gerðu að sinni.

Menningarsamningur sveitarfélaga á Suðurlandi við ríkið var undirritaður á Eyrarbakka 2. maí 2007. Menningarfulltrúi var ráðin til starfa haustið 2007.

Menningarfulltrúi Suðurlands gegnir hlutverki við að tryggja samskipti innan svæðis og við mótun hugmynda og afgreiðslu umsókna. Fram kom að viðkomandi á í góðum og tíðum samskiptum og nærir og byggir upp samskipti við alla helstu hagsmunaaðila í grásrót menningarstarfs á Suðurlandi.

Sveitarfélagið Hornafjörður gerðist aðili að menningarsamningi Suðurlands árið 2011 en hafði áður tilheyrt Austurlandi.

Í tengslum við vinnu við Sóknaráætlun Suðurlands var farið í umfangsmikla stefnumótunarvinnu á sviði menningarmála og liggur lokaskýrsla með aðgerðalista fyrir. U.þ.b. 40 manns tóku þátt í þeirri vinnu og komu úr flestum sveitarfélögum og listgreinum á Suðurlandi. Menningarteymi Suðurlands, sem samanstendur aðallega af menningar- og ferðamálafulltrúum sveitarfélaganna, kom þar að auki saman áður en skýrslan var kláruð.



Lykiltölur 2011-2013

Suðurland	2011	2012	2013*
Framlög úr ríkissjóði	26,6	26,2	26,0
Framlög vegna stofn- og rekstrarstyrkja	-	12,4	12,4
Framlög frá sveitarfélögum	10,6	10,6	10,4
Önnur framlög (sértekjur) Menningarmiðstöð Hornafjarðar	-	4,0	4,0
Samtals	37,2	53,2	52,8
Heildarfjárhæð umsókna í verkefnastyrki	108,0	132,0	130,0
Heildarfjárhæð umsókna í stofn- og rekstrarstyrki	-	40,3	41,8
Úthlutanir til verkefna	26,5	25,7	31,0
Úthlutanir í stofn- og rekstrarstyrkjum	-	11,8	15,0
Laun og launatengd gjöld	7,7	7,9	8,3
Annar kostnaður vegna starfsemi Menningarráðs	5,5	6,7	6,9
Samtals	13,2	14,6	15,2
Fjöldi umsókna (verkefnastyrkir)	171	171	174
Fjöldi úthlutana (verkefnastyrkir)	102	104	119
Fjöldi umsókna (stofn og rekstrarstyrkir)	-	19	24
Fjöldi úthlutana (stofn og rekstrarstyrkir)	-	10	15

*byggt á áætlunum fyrir 2013

Samstarf á sviði menningarmála

Á svæðinu hefur verið stuðlað að auknu samstarfi á sviði menningarmála. Líkt og á öðrum svæðum á landinu hefur menningarfulltrúi boðið upp á viðtalstíma og ráðgjöf í öllum sveitarfélögum á styrkumsóknartímabili og hefur það reynst vel að mati allra viðmælenda.

Þannig hefur samstarf og traust byggst upp og að mati þátttakenda á vinnustofu er starfsemi Menningarráðs Suðurlands nú orðið vel þekkt á svæðinu. Í nokkrum sveitarfélögum eru starfandi menningarfulltrúar og hefur menningarfulltrúi myndað óformlegan samstarfshóp sem kemur saman þegar þörf eða aðstæður krefjast. Þannig hefur skapast öflugur vettvangur til skoðanaskipta og samstarfs.

Viðmælendur töldu að það sem helst hindraði aukið samstarf á svæðinu væri fjarlægð á milli staða enda stórt landsvæði. Á svæðinu austan Markarfljóts að Höfn er mikið strjálbýli og Suðurland er því eingöngu að hluta til í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Tilkoma Landeyjarhafnar opnaði nýja möguleika á samstarfi og tengingu við Vestmannaeyjar sem eftir er að nýta betur á næstu misserum.

Almennt hefur verið hvatt til samstarfs og birtast það m.a. í úthlutunarreglum Menningarráðs Suðurlands þar sem kemur fram að samstarf milli stofnana, fyrirtækja og einstaklinga hafi sérstakt vægi. Dæmi um samstarfsverkefni á svæðinu eru nokkuð mörg en helst voru nefnd Safnahelgi á Suðurlandi sem er samstarf u.þ.b 60 aðila á Suðurlandi, „Upplit“, menningarklasi í uppsveitum Árnessýslu, menningarklasi „Undan öskunni“ í Þjórsárdal, Sunnlenskt Barnakóramót og Þjóðleikur á Suðurlandi.

Á vinnustofunni á Suðurlandi kom skýrt fram það mat að menningarsamningurinn hafi breytt miklu fyrir svæðin, sér í lagi sé vel merkjanlegt hvað litlir styrkir geti búið til stór og áþreifanleg verkefni. Önnur atriði sem komu fram eru eftirfarandi:

- Fjármagn nýtist nú betur en áður að því leyti að lítil verkefni stuðli að samstarfi. Þannig hefjist verkefni á einum stað og til staðar er nú vettvangur þar sem góð verkefni ná að vaxa og dafna, dæmi um slíkt er Safnahelgi Suðurlands. Í heild hefur menningarsamningurinn því orðið að góðu og sterku afli sem nær að vaxa af sjálflu sér og hafa í för með sér margfeldisáhrif á menningarlíf á Suðurlandi.
- Vakin var athygli á því að ýmis verkefni sem ekki fá styrk frá Menningarráði á grundvelli forgangsroðunar eða með vísun í úthlutunarreglur verði gjarnan að veruleika engu að síður. Ástæða þess sé m.a. að umsóknarferlið væri orðið það sterkt og faglegt að það væri auðvelt að leita annað með verkefnishugmyndir og sýna á þeim grunni fram á hvað eigi að gera og hvernig. Umsækjendur séu nú betri en áður í að móta sínar hugmyndir og koma þeim í farveg.

- Mikilvægt er að verkefnið verði eftt enn frekar og þar má m.a. líta til sóknaráætla landshluta. Slíkt gæti tryggt frekari vöxt og orðið til að efla framgang og þróun þess.
- Menningarráð er miðlægur vettvangur sem getur leitt fólk saman og tengt hugmyndir saman og þar með nýttast fjármunir enn betur en ella.
- Helstu áhyggjur hagsmunaaðila tengjast stofn- og rekstrarstyrkjum og töldu þátttakendur á vinnustofunni það umhugsunarefni hvort verkefnið sé of pólitískt og ákvarðanir erfiðar þeim sem taka þátt í starfi Menningarráðs því það sé mikill munur á verkefnastyrkjum í samkeppnissjóði og því að ákveða stofn- og rekstrarstyrki.
- Almennt finnst hagsmunaaðilum ekki vera til staðar togstreita um verkefnið gagnvart Menningarráði þ.e. að enginn sé að pota sínum málum fram eða sínu svæði.

Nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu

Menningarráð Suðurlands fylgist með myndun klasa fyrirtækja í ferðaþjónustu sem vinna sameiginlega að verkefnum á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu á svæðinu. Þá hefur styrkveitingum verið beint í þennan farveg og þá sérstaklega með það að markmiði að stuðla að því að styrkja samstarf innan svæðisins. Hér má nefna samstarfsverkefni eins og Upplit – menningar- og ferðamálaklasi í uppsveitum Árnessýslu og klasahópurinn „Undan Öskunni“ í Þjórsárdal.

Fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista

Með úthlutunarreglum Menningarráðs Suðurlands eru atvinnuskapandi verkefni styrkt og almennt hvetja úthlutunarreglurnar til nýsköpunar og atvinnuskapandi verkefna. Menningarráð Suðurlands benti á að í auglýsingum og markmiðum vegna menningarstyrkja sé mikil áhersla lögð á atvinnuskapandi verkefni. Listviðburðir sem efla atvinnulíf svæðanna njóti að jafnaði sterkari stuðnings Menningarráð Suðurlands vegna þess að verkefnið eru oft markvissari og samfelldari.

Fjöldmörg verkefni hafa skapað atvinnu og/eða verðmæti þó erfitt sé að mæla árangurinn nákvæmlega. Dæmi um vel heppnuð verkefni eru Upplit, menningarklasi í uppsveitum Árnessýslu sem stendur fyrir mánaðarlegum uppákomum. Safnahelgi á Suðurlandi hefur

verið árlegur viðburður frá árinu 2008 og er komin til að vera. Þar taka að jafnaði meira en 60 aðilar þátt og eru margfeldisáhrif verkefnisins að aukast ár hvert.

Þjóðleikur, leiklistaverkefni ungs fólks, fór fyrst fram á Suðurlandi 2013 og stefnt er að því að halda þeirri starfsemi áfram árlega. Menningarráð er þar með m.a. að leggja grunn að því að koma leiklist sem valgrein inn í alla grunn- og framhaldsskóla á svæðinu.

Menningarklasinn „Undan Öskunni“ í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er dæmi um það hvernig litlar styrkveitingar geta haft áhrif innan svæðisins, kveikt neista og stækkað. Í þessu tilfelli varð lítil atburður, Landnámsdagur, kveikjan að fjölmörgum verkefnum, svo sem , stofnun þjóðlagasveitarinnar „Korku“, leikrits um Gauk á Stöng sem var samið og uppfært (og leikfélag UMF Skeið-Gnúp endurvakið í leiðinni). Verkefnið „Opnum bæinn (Þjóðveldisbær)“ tengist þessu jafnframt.

Þá má nefna Gullkistu, dvalarstað fyrir listamenn á Laugarvatni, Menningarheimili Oddasóknar á Hellu sem er orðinn vettvangur og samastaður allra félaga og aðila sem eru með starfsemi á sviði menningar í Rangárpíngi. Einnig má nefna litla tónlistarhópa eins og Flautukvartett í Rangárpíngi, þjóðlagasveitina Korku og Bakkatríóið sem hafa eflst mikið á grunni smárra styrkja og eru þekkt á Suðurlandi í dag.

Menningarstarfsemi og samspil við ferðaþjónustu

Á árinu 2012 var u.þ.b. 12% allra styrkja í flokknum menningartengd ferðaþjónustu. Tveir flokkar voru stærri á svæðinu, það voru verkefni á sviði menningararfs/safnamála og svo tónlist en þar var úthlutunarhlutfallið 25%.

Eftirspurn í fjármagn sem tengja má verkefnum á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu er umtalsvert en í heild fóru u.þ.b. 27% allra umsókna í þann flokk og um 50% þeirra fengu brautargengi. Þannig má sjá að Menningarráð Suðurlands leggur áherslu á þennan flokk. Það skal tekið fram að við úthlutun styrkja árið 2009 var aðaláhersla lögð á verkefni á sviði menningartengdar ferðaþjónustu.

Samstarf um menningarmál og ferðaþjónustu er við lýði á Suðurlandi en starfsmönnum á vegum sveitarfélaga sem sinna menningar- og ferðamála að einhverju leyti hefur fjölgað á svæðinu. Starfsmenn eru nú í Hveragerði, Ölfusi, Hvolsvelli, í uppsveitum, í Vestmannaeyjum, á Höfn og í Árborg sem sinna. Í Mýrdalshreppi og í Skaftárhreppi eru starfsmenn á Kötlusetri og í Kirkjubæjarstofu sem sinna menningar- og ferðamála. Að mati viðmælenda á vinnustofu ganga samskipti þessara einstaklinga vel en bent var á að

huga þurfi að því að þessi menningartenging og tengsl við ferðaþjónustu, sem sjá má í menningarsamningunum, breytist ekki yfir í hreint atvinnumál.

Þróun fjármagns sem varið er til menningarmála á hverju svæði

Framlög hafa ekki aukist inn í sjóð Menningarráðs með beinum hætti. Svæðinu hefur reynst erfitt að fá framlög frá fyrirtækjum til menningarstarfs. Að mati Menningarráðs Suðurlands hefur mikið verið lagt í þá vinnu en lítið skilað sér, þó hefur gengið að fá framlög fyrirtækja til einstakra verkefna og þá helst í formi hráefnis eða annarra afurða sem nýtast eftir atvikum.

Likt og á öðrum svæðum hvetur Menningarráð alla sem standa fyrir áhugaverðum verkefnum og menningarfélögum að sækja fjármagn til einkaaðila, sér í lagi til að styðja við kröfur um móttframlag.

Rætt var um að æskilegt væri, ef framhald verði á menningarsamningum, að mennta- og menningarmálaráðuneytið útbúi reiknilíkan, þar sem tekið verði tillit til mikilvægra þátta s.s. íbúafjölda, stærðar svæða, fjarlægðar frá Reykjavík o.fl. sem verði grundvöllur framlaga til landshlutanna. Áriðandi er að allir verði upplýstir um forsendur reiknilíkans þannig að ákvarðanir um framlög verði gegnsæ og öllum hlutaðeigandi ljós.

Menningaráðið telur að Suðurland hafi verið að fá of litla fjármuni miðað við mannfjölda og nefnt var að svæðið hafi yfir að ráða sambærilegu fjármagni og svæði með umtalsvert færri íbúa. Eins og áður hefur komið fram þá er eingöngu hluti svæðisins í nálægð við höfuðborgina og taka þarf tillit til þess í reiknireglu framtíðarinnar.

Sú skoðun kom fram á vinnustofunni að stofn- og rekstrarstyrkir falli illa að meginverkefni menningarráðanna sem er að úthluta styrkjum til verkefna og var sú umræða svipuð og á öðrum svæðum. Almenn tölðu viðmælendur að það sé farsælt að útdeila fjármagni sem næst vettvangi þeirra þ.e. á sveitarstjórnarstiginu en hins vegar þurfi að aðlagða núverandi kerfi menningarsamninga betur að þeirri viðbót sem stofn- og rekstrarstyrkir eru.

Verklag og vinnubrögð Menningarráðs Suðurlands

Verklag Menningarráðs Suðurlands er sambærilegt öðrum svæðum. Auglýst er eftir umsóknum um styrki í héraðsfréttablöðum, á heimasíðu Menningarráðsins, heimasíðum sveitarfélaga og víðar. Í auglýsingunni er vakin athygli á viðtalstímum sem menningarfulltrúi hefur boðið upp á í öllum sveitarfélögum á Suðurlandi í tengslum við umsóknartímabil hverju sinni.

Í samskiptum Menningarráðs við menningarfulltrúa hafa hins vegar komið upp þær aðstæður að erfitt er að ná í menningarfulltrúann vegna starfa hans úti á vettvangi og það er hugsanlega veikleiki í verklagi sem aðilar þurfa að ná sátt um til framtíðar.

Áherslur Menningarráðs Suðurlands hafa verið að mestu leyti eins í gegnum árin, nema í eitt skipti þegar sérstök áhersla var lögð á menningartengda ferðaþjónustu eins og áður segir. Áherslurnar hafa að mestu leiti verið eftirfarandi:

- *Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.*
- *Verkefni sem efla nýsköpun tengd menningu.*
- *Verkefni sem stuðla beint að fjölgun atvinnutækifæra.*
- *Verkefni sem styðja við menningartengda ferðaþjónustu.*
- *Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf*

Það verklag hefur verið mótað að eftir að umsóknarfrestur er liðinn fara menningarfulltrúi og formaður Menningarráðs Suðurlands yfir umsóknir, flokka þær og meta gróflega áður en umsóknirnar eru lagðar til afgreiðslu innan Menningarráðsins.

Líkt og annars staðar hefur Menningarráð Suðurlands efnt til athafna við úthlutun styrkja og kynningar á þeim verkefnum sem hljóta styrk hverju sinni. Hefur það verið gert til að skapa samræðuvettvang og tækifæri til að kynna bæði verkefni og þá einstaklinga sem standa fyrir þeim.

Þegar úthlutun styrkja hefur verið gerð opinber er gerður samningur við hvern og einn styrkþega þar sem tilgreindur er forsvarsmaður verkefnisins og því lýst. Þá er kveðið á um greiðslufyrirkomulag styrksins og venjan er sú að helmingur upphæðar er greiddur út við upphaf verks og síðari hluti þegar verkefninu er lokið. Áður en til seinni greiðslu kemur þarf styrkþegi þó að leggja fram stutta greinargerð um stöðu, framkvæmd og kostnað verkefnisins. Jafnframt er áskilið að stuðnings Menningarráðs Suðurlands við verkefnið sé ávallt getið í kynningarefni og auglýsingum.

Menningarfulltrúi fylgist markvisst með framvindu einstakra verkefna með heimsóknum, símtölum eða öðrum hætti og einnig með því að kalla eftir áður nefndum greinargerðum. Þá

hefur menningarfulltrúi verið virkur í að sækja menningarviðburði á Suðurlandi hvort sem þeir njóta styrkja frá Menningarráðinu eða ekki.

Úthlutun fjármagns til verkefna

Á svæðinu hefur Menningarráð Suðurlands svipaða stefnu og önnur svæði á landinu, en er jafnframt að reyna að gæta að eðlilegri dreifingu styrkja eftir svæðum, ekki eingöngu eftir listgreinum. Þannig má segja að úthlutun til verkefna byggji ekki að öllu leyti á hreinu faglegu mati og samkeppni verkefna á milli, heldur einnig byggðarsjónarmiða og jöfnunar. Á vinnustofu kom fram að sú skoðun þátttakenda aðferðin henti þessu svæði og að sátt sé um hana.

Menningarráð Suðurlands hefur ekki orðið vart við annað en að samstaðan sé góð. Dreifing styrkja á milli sveitarfélaga hefur verið nokkuð vel í samræmi við íbúafjölda hvers sveitarfélags. Þó er bent á það að sum sveitarfélög séu fámenn og þar af leiðandi hefur ekki verið mikið sótt í styrki Menningarráðs frá íbúum þeirra.

Lærdómur og umræður um breytingar á fyrirkomulagi menningarsamninga

Eftirfarandi samantekt er byggð á umræðu hjá hagsmunaaðilum um hvaða lærdóm væri hægt að draga af fyrirkomulagi menningarsamninga og forgangsróðun tillagna sem vert væri að hafa í huga til framtíðar litið.


- Vilji er fyrir hendi innan vébanda SASS að styðja áfram við starfsemi Menningarráðs, þó fyrirkomulag við skipun nefndarmanna gæti tekið einhverjum breytingum vegna væntanlegra breytinga á verkefninu sem tengjast sóknaráætlunum landshluta.
- Rætt var um að tækifæri séu í því að vekja athygli á Menningarráðinu og vera sýnilegri í kringum viðburði sem styrktir eru t.d. með viðburðadagatali. Einnig geti Menningarráð og starfsemi á þess vegum verið meira áberandi á heimasíðu SASS og sveitarfélaganna og í samfélagsmiðlum. Farvegur sóknaráætlana ætti ekki að breyta verkefninu heldur frekar að styrkja það. Þetta skarast við önnur verkefni innan sóknaráætlana og það ætti að vera einfalt að skilgreina hlutfall menningarmála til að halda því fjármagni sem rennur til menningarmála sér. Menningarfulltrúi yrði þannig starfsmaður SASS, tengdur formlega við aðra starfsemi.

-
- Fram kom að æskilegt væri að koma upp einföldum gagnagrunni um menningarviðburði þar sem m.a. væri unnt að sjá framboðið á landsvísu og að slíkt gæti verið mikilvægt til að kalla fram mat eða kortlagningu afleiddra starfa á sviði menningarmála.
 - Hagsmunaaðilum á svæðinu finnst áhugavert að auka fjölda styrkúthlutana á hverju ári. Hugsanlegt er að eyrnamerkja ákveðna upphæð á hverju ári og taka hana frá vegna „minni styrkja“ sem yrðu afgreiddir t.d. ársfjórðungslega. Slíkt myndi hvetja enn frekar umsækjendur og þannig er hægt að styrkja áhugaverð verkefni fljótt og örugglega í stað þess að bíða eftir næsta formlega umsóknaferli í stærri verkefni.
 - Ef úthlutað verður oftari en einu sinni á ári þarf þó að tryggja gæði eins og gert hefur verið í formlega umsóknarferlinu og tryggja að verkefni menningarfulltrúi verði ekki eingöngu afgreiðslumál því fulltrúinn gegnir lykilhlutverki í að leiða fólk saman eins og áður hefur komið fram.
 - Óvissa er um framhald samningsins og lengd hans. Með lengri samningi væri auðveldara að vinna betur í áætlanagerð og stefna að langtíma verkefnum eins og t.d. Evrópuverkefnum. Það er mat hagsmunaaðila að skynsamlegt hafi verið að byrja með þrjú ár en skoða ætti leiðir til að tryggja samning til fimm ára héðan í frá.
 - Úthlutunarstefna ráðuneytis þarf að vera sanngjörn og gegnsæ vegna allra menningarsamninganna. Byggja þarf á úthlutunarreglum þar sem sanngjarnt tillit er tekið til þeirra atriða sem máli eru talin skipta, s.s. stærðar svæðis, íbúafjölda og fjarlægðar frá Reykjavík. Úthlutunarreglurnar þurfa að vera opinberar þannig að öllum sé ljóst á hvaða forsendum framlögin eru byggð.
 - Það þarf að auka fjármagn til menningarsamninganna og sérstaklega til stofn- og rekstrarstyrkja.
 - Nýta þarf betur fagþekkingu og samstarf í ráðuneytunum til þess að finna fleiri fleti á menningarlegum stuðningi við landsbyggðina. Þjóðmenningarstofnanir gætu komið betur að verkefnum á landsbyggðinni.

Mat á framkvæmd menningarsamnings á Suðurlandi


Eftirfarandi er mat ráðgjafa á framkvæmd menningarsamnings á Suðurlandi á yfirstandandi samningstímabili. Heildarárangur svæðisins er metinn 84% og hæstu matsþættirnir eru framkvæmd stefnu Menningarráðs, nýsköpun og fjölbreytni í menningartengdri ferðaþjónustu og stuðningur við ferðaþjónustu sem er í kringum 90%.

Eini veikleikinn er þannig séð fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista sem nær alls staðar er í lægstu mörkum efsta þriðjungs mælingarinnar.



Suðurnes

Á Suðurnesjum eru 5 sveitarfélög og fyrir hönd þeirra er samningsaðili við ríkið Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS). Menningarsamningur við Suðurnes er nýjasti samningurinn sem gerður hefur verið við landshlutasamtök og var hann undirritaður árið 2007.



Fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurnesjum er Reykjaneshreppur með rúmlega 14 þúsund íbúa. Íbúafjöldi á Suðurnesjum er í kringum 21 þúsund. Í Menningarráði Suðurnesja eiga sæti fimm fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á svæðinu.

Gildandi stefna Menningarráðs Suðurnesja er í raun úthlutunarreglur sem unnar voru af fyrstu stjórn Menningarráðs Suðurnesja og voru þær unnar með hliðsjón af Menningarstefnu Suðurnesja og menningarsamningsins.

Uppbygging stjórnunar menningarsamninga á Suðurnesjum er ekki í samræmi við uppbygginguna á öðrum svæðum og hefur það verið svo á báðum samningstímabilunum. Í stað þess að starfandi sé menningarfulltrúi í allt að einu starfi hafa Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum skilgreint starf verkefnisstjóra til að sinna verkefnum samningsins auk annarra verkefna. Verkefnastjóri er starfsmaður Menningarráðs líkt og á öðrum svæðum en samhliða því starfar viðkomandi að atvinnuþróun á vettvangi SSS.

Menningarráð Suðurnesja telur að það felist ákveðið hagræði í því að verkefnisstjóri sinni einnig verkefnum fyrir atvinnuþróunarfélagið Heklu. Þar er teymi fólks sem stundum er allt að vinna að menningarmálum og menningartengdri starfsemi. Verkefnisstjórinn sinnir þannig menningarmálum en einnig víðara hlutverki á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu sem ekki heyrir beint undir menningarsamninginn heldur atvinnuþróun. Sama gildir um verkefni sem leiða af Sóknaráætlun Suðurnesja þar sem verkefnisstjórinn vinnur ásamt hópi fólks að verkefni sem tengist tónlist og tónlistarhefð á Suðurnesjum. Mörk milli verkefna eru frekar óljós en þessir þættir eru til þess fallnir að vinna vel saman.

Vinnustofan sem haldin var á Suðurnesjum var frekar fámenn og þegar horft er til framkvæmdar samningsins sést að Menningarráð Suðurnesja er ennþá að móta sínar

áherslur og vinnubrögð enda menningarsamningur við svæðið sá yngsti af svæðunum sjö. Nálægð svæðisins við höfuðborgarsvæðið er einnig sterkur áhrifapáttur á starfsemi Menningarráðs Suðurnesja. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið er hins vegar ekki bara ógnun við menningarstarfsemi á svæðinu heldur liggja tækifæri í menningu ekki síst í nálægðinni við höfuðborgina en þau tækifæri þarf að nýta betur.

Lykiltölur 2011-2013

Suðurnes	2011	2012	2013*
Framlög úr ríkissjóði	29,1	33,3	19,0
Framlög vegna stofn- og rekstrarstyrkja	-	10,3	10,3
Framlög frá sveitarfélögum	3,0	9,2	5,4
Önnur framlög (sértekjur)	-	-	-
Samtals	32,1	52,8	34,7
Heildarfjárhæð umsókna í verkefnastyrki	46,9	56,0	94,0
Heildarfjárhæð umsókna í stofn- og rekstrarstyrki	-	25,6	15,9
Úthlutanir til verkefna	21,7	22,7	18,0
Úthlutanir í stofn- og rekstrarstyrkjum	-	10,0	9,0
Laun og launatengd gjöld	2,8	3,3	1,8
Annar kostnaður vegna starfsemi Menningarráðs	1,7	1,2	0,8
Samtals	4,5	4,5	2,6
Fjöldi umsókna (verkefnastyrkir)	49	56	70
Fjöldi úthlutana (verkefnastyrkir)	32	29	36
Fjöldi umsókna (stofn og rekstrarstyrkir)	-	13	12
Fjöldi úthlutana (stofn og rekstrarstyrkir)	-	8	9

*byggt á áætlunum fyrir 2013

Samstarf á sviði menningarmála

Eins og kom fram hér að ofan sinnir menningarfulltrúi Suðurnesja fleiri viðfangsefnum en menningarsamningum og þar af leiðandi verður virkni og eðli starfsins frábrugðin því sem finna má á öðrum svæðum. Gera má ráð fyrir að verkefnastjórnin hafi minni tíma til að sinna beinni ráðgjöf til umsækjenda og vinna að markmiðum um samstarf og samvinnu á sviði menningarmála líkt og gert er á öðrum svæðum. Þetta fyrirkomulag er annars konar en á öðrum svæðum menningarsamninganna þar sem til staðar eru menningarfulltrúar en rúmast formlega séð innan menningarsamningsins.

Á móti þessu fyrirkomulagi vegur að öll sveitarfélögin á Suðurnesjum eru með menningarnefndir og fjögur sveitarfélög af fimm hafa aðila sem gegnir hlutverki menningarfulltrúa. Reykjanesbær er eina sveitarfélagið með menningarfulltrúa í fullu starfi. Stuttar fjarlægðar gera það einnig að verkum að auðvelt er fyrir menningarfulltrúa að vera í sambandi sín á milli og það getur vegið á móti minna starfshlutfalli á sviði menningarmála.

Samkvæmt upplýsingum frá Menningarráði Suðurnesja hittist hópur menningarfulltrúa mánaðarlega á fundi til að ræða menningarmál á svæðinu og sameiginleg verkefni. Slíkt hafi haft jákvæð áhrif á starfsemina og menningarmál almennt á Suðurnesjum.

Varðandi samstarf hafa sveitarfélögin á svæðinu þróað með sér verkaskiptingu varðandi eigin viðburði og er það m.a. afleiðing af samstarfi á sviði menningarmála. Dæmi um slíkt verkefni er hátíðin „Sjóarinn síkátí“ sem haldin er sjómannadagshelgina í Grindavík og litið er á sem sjómannahátíð allra Suðurnesja. Einstaka atburðir þá helgi eru studdir af Menningarráði en annars er hátíðin ekki með tengingu við menningarsamninginn.

Í úthlutunarreglum Menningarráðs Suðurnesja má merkja þá áherslu að setja verkefni í forgang sem eru á milli tveggja eða fleiri aðila, byggðalaga eða listgreina. Er þetta í takti við áherslur annarra svæða eins og fram hefur komið. Verkefni af þessu tagi eru ýmist sameiginleg verkefni sveitarfélaga eins og Safnahelgi á Suðurnesjum, List án landamæra o.fl. stærri verkefni. Einnig hafa fengið styrk tónleikar á vegum kórs Keflavíkurkirkju, U2 messa og Jesus Christ Superstar sem fluttir hafa verið í öllum kirkjum á Suðurnesjum og gengið vel.

Aukið samstarf menningarfulltrúa sveitarfélaganna og verkefnastjóra Menningarráðs Suðurnesja birtist með ýmsu móti, slíkt er sýnilegt í sameiginlegum verkefnum á svæðinu eins og Safnahelgi á Suðurnesjum.

Líkt og á öðrum svæðum er horft til þess að Menningarráð Suðurnesja sé vettvangur samráðs og nái að stuðla að því að verkefni stækki og þroskist og að fleiri aðilar m.a. í ferðaþjónustu og veitingarekstri taki þátt í svona stórum verkefnum á svæðinu.

Á vinnustofunni á Suðurnesjum voru þátttakendur sammála um að umtalsverður árangur væri sýnilegur á svæðinu. Það sé ekki endilega bundið við menningarsamninginn en allir eru sammála um að hann hjálpi til við að skapa vettvang samráðs og samvinnu sem ekki var til staðar áður.

Á vinnustofu ræddu hagsmunaaðilar eftirfarandi atriði um samstarf og samvinnu:

- Þátttakendur benda á að mögulega megi fækka styrkjum og stækka, það væri betra að standa að fáum stórum atburðum en mörgum litlum. Slíkt myndi hið minnsta vera áhugavert fyrir Suðurnes eins og nú háttar til.
- Þau hafa reynslu af færri og hærri styrkjum og árið 2010 hafði umsóknunum fækkað m.a. vegna efnahagshrunsins en þá komu sveitarfélögin sterk inn með hugmyndir og þau nutu þess. Nú er grasrótin aftur orðin sterk og þá fara sveitarfélögin á svæðinu aftur í röðina.
- Bent var á það að þó að sameiginleg verkefni væru af hinu góða væri svæðið að mörgu leyti öðruvísi en önnur svæði. Atburðir og verkefni þurfa ekki að ferðast um á svæðinu í samstarfi heldur er fólk reiðubúið að sækja viðburði í öðrum sveitarfélögum enda stutt á milli þeirra.
- Þrátt fyrir að auðvelt sé að sækja atburði á milli sveitarfélaga telja þátttakendur að samvinnan sé betri á svæðinu, ennþá sé um sama kjarnahóp að ræða en fólk þekkist nú betur en áður. Vettvangur menningarsamningsins gerir að verkum að horft er hlutlaust á verkefni í auknum mæli.
- Fyrirkomulag menningarsamninganna býður Suðurnesjunum uppá möguleika á sérhæfingu og á að nýta sérstöðu hvers byggðalags fyrir sig. Það er líka gott fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda, þegar sveitarfélögin skipta á milli sín stærri viðburðum eins og áður var vikið að.
- Það er álit þátttakenda að menningarsamningurinn stuðli að meiri samhljóð á svæðinu. Suðurnesin hafa minnstu reynsluna af framkvæmd samningsins og þau telja sig hafi náð að læra af öðrum svæðum og það hafi tekist ágætlega.

- Það tók þau tíma að flytja úthlutunina inn á vorið þannig að fjármagn nýtist til sumaratburða. Nú veit fólk hvenær úthlutun á sér stað og samningurinn er mikilvægt tæki til að tryggja að unnt sé að líta á þetta sem eitt svæði m.t.t. framboðs á verkefnum.

Á vinnustofunni var einnig rætt um hvað hafi gengið síður í framkvæmd menningarsamnings Suðurnesja og var nokkur samhljómur á meðal þátttakenda um að ímynd svæðisins væri ekki sterk á landsvísi. Í gangi séu fordómar gagnvart Suðurnesjum sem byggist að mestu á þekkingarleysi og megi rekja til þekktra erfiðleika á sviði atvinnumála.

Við mótun samningsins var mennta- og menningarmálaráðuneytið þeirrar skoðunar að Suðurnes og Suðurland ættu að vera eitt svæði. Þátttakendur á vinnustofu hafna þeirri leið og telja það frekar óraunhæft að íbúar geti fengið það á tilfinninguna að um eitt menningarsvæði væri að ræða og að þátttaka í viðburðum gæti breyst. Frekar ætti að einblína á sérstöðu svæðanna tveggja í krafti tveggja samninga.

Nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu

Stuðlað hefur verið að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu með úthlutun á styrkjum. Þar hefur bæði verið litið til tegundar verkefna og staðsetningu verkefna til að tryggja að sem flestir Suðurnesjamenn njóti góðs af menningarstyrkjum og hafi aðgang að menningarstarfsemi.

Verkefni á sviði nýsköpunar sem eru til þess fallin að stuðla að fjölbreytni á sviði lista- og menningarstarfs hafa haft forgang í áherslum Menningarráðs Suðurnesja. Í því samhengi má nefna eftirfarandi verkefni: Óperuhátíðina, Brynballet, Tónlistarhátíð á Ásbrú, Tónlistarhátíð í Reykjanesbæ, GRAL Grindavískt atvinnuleikhús og Lærum og leikum með hljóð.

Menningarráð Suðurnesja benti einnig á ýmis fjölbreytt verkefni eins og Hagyrðingakvöld í Grindavík og menningarverkefnið Ferskir Vindar í Garði. Þá hefur verið stuðlað að uppsetningu sýninga á byggðasöfnum. Þá má nefna greiningu á fuglaskoðunarstöðum, merkingar sögufrægra staða, stuðning við Jarðvang á Reykjanesi, fornleifarannsóknir í Höfnum, ljósmyndasýningar og stuðning við sýningar og söfn eins og Geimstein/Rúnar Júlíusson.

Það er almennt álit viðmælenda á Suðurnesjum að nýsköpun á menningarsviðinu á svæðinu fari vaxandi þó enn sé verk að vinna.

Fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista

Þegar horft er til fjölgunar atvinnutækifæra á svæðinu kom fram sú skoðun hagsmunaaðila að mörg sóknarfæri væru til staðar og að þau þurfi að nýta. Framkvæmd menningarsamninga hefur leitt til þess að til hafa orðið menningarviðburðir sem skapa atvinnu bæði beint og óbeint. Viðburðir eru áberandi tengdir vori og hausti en til staðar eru tækifæri til að skapa viðburði sem ná yfir lengra tímabil og sérlega mikilvægt sé að nýta hásumarið til að kynna svæðið.

Tvær tónlistarhátíðir hafa fest sig í sessi á Suðurnesjum og þær kefjast tölvuverðar undirbúningsvinnu og samstarfs fjölda aðila á svæðinu. Klasar hafa myndast í kringum tónlistarverkefni með aðkomu gistihúsaeigenda, veitingamanna, ferðaþjónustu og fleiri hagsmunaaðila. Menningarverkefnið „Ferskir Vindar“ í Garði er stórt alþjóðlegt verkefni sem einnig byggir á aðkomu margra. Menningarverkefni Hlöðunnar í Vogum hefur staðið fyrir fjölbreyttri menningarstarfsemi og m.a. staðið fyrir verkefninu „Litla gjörningahátíðin“ með erlendum listamönnum.

Menningarráð Suðurnesja bendir á að verkefni af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir verði ekki til nema með mikilli og virkri samvinnu á svæðinu. Áhersla Menningarráðs Suðurnesja er sú að að styðja við verkefni sem sýnilegt er að geti vaxið og leitt af sér störf á sviði menningar og lista. Bent var á að hægt væri að byggja enn frekar á grunni Listasafns Reykjanesbæjar, Bryggjuhússins, Saltfisksetri í Grindavík, Víkingaheimum og Safni um Rúnar Júlíusson. Menningarráð styður við einstök verkefni sem tengjast þessum verkefnum en hugsunin er sú að verkefnin vaxi og dafni og þar með verður aukin þörf á starfsfólki.

Menningarráð Suðurnesja hefur staðið fyrir ýmsum ráðstefnu og fundum á svæðinu og boðið fyrirlesurum sem hafa reynslu og þekkingu á menningu og menningartengdri ferðaþjónustu að koma og miðla þekkingu sinni. Menningarráð hefur fengið til sín sérfræðinga til að efla starfsemi handverksfólks á Suðurnesjum, gera handverksfólk sýnilegri, bæta markaðssetningu þeirra og þar með stuðla að aukinni atvinnusköpun á því sviði.

Menningarstarfsemi og samspil við ferðaþjónustu

Verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu eru nokkur, þó aðallega þau tónlistarverkefni sem áður hafa verið nefnd. Menningarráð Suðurnesja hefur einnig stutt við verkefni sem lúta að merkingum sögufrægra staða á svæðinu fyrir ferðamenn. Jarðvangur á Reykjanesi er þó það verkefni sem svæðið vill vekja sérstaka athygli á í þessum flokki. Vonir standa til að það geti dregið fjölda erlenda ferðamanna til sín í náinni framtíð

inn á eldfjallasvæðið á Reykjanesi. Önnur verkefni eru smærri, m.a. söfn og sýningar í sveitarfélögunum.

Varðandi tengingar Menningarráðs Suðurnesja inn í önnur verkefni á Suðurnesjum má nefna að verkefnastjóri Menningarráðs Suðurnesja er jafnframt starfsmaður Atvinnuþróunarfélagsins Heklunnar á Suðurnesjum og verkefnastjóri Vaxtarsamnings Suðurnesja. Þannig er verkefnisstjóri í nánú samstarfi við verkefnastjóra Markaðsstofu Suðurnesja og í tengslum við ferðaþjónustuaðila og Ferðamálasamtök Suðurnesja. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að á öðrum svæðum hefur starf menningarfulltrúa verið að þróast í það að vera fullt starf en þó þekkist einnig tenging yfir í atvinnuþróun eins og t.d. á Norðurlandi vestra.

Bent hefur verið á að með tilkomu Jarðvangs á Reykjanesi og fjölgunar ferðamanna á svæðinu hafa komið upp ýmis úrbótaverkefni sem nú er unnið að. Þannig er takmarkað úrval) af minjagripum sem tengjast svæðinu og er þá litið til tækifæra í verslun og þjónustu. Menningaráð horfir til þess að í frekara samstarfi verði bætt úr þessu.

Þróun fjármagns sem varið er til menningarmála á hverju svæði

Þegar litið var til þess hvort samningsaðilar, ríki og sveitarfélög, hafi varið meira fé en áður til menningarmála á hverju svæði hefur fjármagn samningsaðila ekki breyst þegar litið er til síðustu þriggja ára.

Styrkur Suðurnesja er þó að sveitarfélögin eru öll með menningarfulltrúa, þó svo að þeir séu í hlutastarfi, þar með eru styttri boðleiðir en víðast hvar annars staðar og ákveðið innra samræmi innan svæðisins sem tryggir sambærilegar boðleiðir.

Á vinnustofu með hagsmunaaðilum bentu þátttakendur á að samanburður Suðurnesja við önnur svæði væri erfiður, dæmi væri sú staðreynd að sumartíðin á Austurlandi væri gríðarlega sterk þegar litið er til viðburða og samstarfs á svæðinu. Á Suðurnesjum væri hins vegar um að ræða bæði lægri fjárhæðir og minna aðdráttarafl yfir sumarmánuðina.

- Rætt var um mikilvægi þess að eyrnamerkja fjármagn menningu verði það niðurstaðan að færa menningarsamningana inn í Sóknaráætlun Suðurnesja. Mikilvægt er að það fjármagn blandist ekki saman við önnur verkefni eins og vaxtarsamninga eða atvinnumál almennt.
- Bent var á að vaxtasamningsfjármunir tryggi oft aðra fjármögnun og það sama er farið að sjást í menningarmálunum eins konar margföldunar- eða snjóboltaáhrif.

- Á vinnustofunni var spurt hvort í því gæti falist tækifæri að skoða staðbundið hvað þurfi til að efla menningarlífið á Suðurnesjum. Þar með yrði vikið frá því að vera með hlutföll eða stuðla á hvert svæði og í slíku fyrirkomulagi yrði nauðsynlegt að úthluta til lengri tíma þ.e. ekki árlega heldur að lágmarki til 5 eða jafnvel 7 ára.

Atvinnuleysi á Suðurnesjum hefur um langt skeið verið meira en í öðrum landshlutum. Menningarráð Suðurnesja vill benda á að framlög til menningar- og menningartengdrar ferðaþjónustu hafi ekki endurspeglad erfiðleika í atvinnumálum á svæðinu og telur að atvinnustig ætti að vega þyngra þegar litið er til úthlutunar fjármagns.

Verklag og vinnubrögð Menningarráðs Suðurnesja

Úthlutunarreglur Menningarráðs Suðurnesja byggja á stefnu sveitarfélaganna í menningarmálum og samningi Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum og ríkisins. Líkt og á öðrum svæðum kemur Menningarráð Suðurnesja saman til fundar og ákveður m.a. auglýsingu og umsóknarfrest. Auk þess sem fjallað er um áhersluatriði við úthlutun og reynsluna af síðustu úthlutun með tilliti til hvort breyta skuli úthlutunarreglum.

Úthlutunarreglur á Suðurnesjum hafa lítið breyst á tímabilinu en þó er enn verið að móta áherslur í starfinu. Markmið menningarsamnings eru sýnileg í úthlutunarreglunum en á árinu 2011 var gerð breyting á úthlutunarreglum. Í fundargerð frá nóvember 2011 er ákveðið að veit ekki styrki til lokaverkefna í skólum eða námsgagnagerðar. Slík breyting er ákvörðun Menningarráðs Suðurnesja og er sambærileg afmörkun verkefna á öðrum svæðum, t.d. varðandi bókaútgáfu eða rekstrarverkefni.

Umsóknir til Menningarráðs berast í 6 eintökum. Nefndarmenn rýna gögn fyrir fyrsta úthlutunarfund. Umsóknir á Suðurnesjum eru næst flokkaðar í þrjá flokka, 1) framúrskarandi verkefni sem uppfylla áhersluatriði sem auglýst voru, 2) önnur verkefni og að lokum 3) verkefni sem ekki uppfylla skilyrði eða eru ófullnægjandi. Forgangsröðun hefur ekki breyst á milli ára. Tveir langir vinnufundir eru að jafnaði við hverja úthlutun.

Á vinnustofu komu fram jákvæð viðhorf gagnvart þessu verklagi:

- Mikill stöðugleiki í fólki sem sinnir þessum málum bæði hjá þeim og að því er virðist almennt á landinu öllu að þeirra mati.
- Fyrir samning voru framlög ríkisins smávægileg og ekkert sem hægt var að treysta á til lengri tíma litið og því ekki unnt að gera neinar áætlanir eða marka stefnu til framkvæmdar.

Úthlutun fjármagns til verkefna

Fyrstu árin sem menningarstyrkir voru veittir á Suðurnesjum voru umsóknir frekar margar og verkefnin af smærri gerðinni. Menningarráðið úthlutaði því fyrst um sinn til margra verkefna. Menningarráð Suðurnesja hefur nú lagt áherslu á að veita stærri styrki til verkefna og þá eftir atvikum til færri verkefna.

Þannig leitast Menningarráð Suðurnesja frekar eftir því að verkefni sem fá brautargengi verði varanleg og séu þar að auki til þess fallin að skapa verðmæti inn til samfélagsins. Að mati viðmælenda á svæðinu hefur sú ákvörðun reynst vel og hefur hún leitt til að umsóknir eru vandaðri. Umsækjendur með minni styrki hafi átt í erfiðleikum með að klára verkefnin og nokkuð bar á því að sum verkefnanna fengu ekki lokagreiðslu þar sem þeim hafði ekki verið lokið eða hætt hafi verið við þau. Stærstu styrkirnir á svæðinu eru nú komnir upp í 1,5 milljón en áður var umtalsvert af styrkjum í verkefni sem voru undir hundrað þúsund.

Einnig er það skoðun heimamanna að eðlilegt sé að horfa til færri og stærri verkefna vegna þessi að stutt sé á milli byggðarlaga á Suðurnesjum.

Á vinnustofu kom fram að verklag og reynsla af samningnum sé góð á svæðinu og ef horfa megi til úrbóta við úthlutun fjármagns þá megi frekar auka faglegt eftirlit og mat á umsóknum.

- Rétt er að miða við það að fulltrúar í Menningarráði Suðurnesja séu vel að sér á sviði menningarmála og að varast eigi að sömu fulltrúar sitji of lengi í ráðinu. Verkefni af þessu tagi hafi gott af því að fá nýja aðila inn með reglubundnum hætti.
- Þekking á menningarlífinu á svæðinu skiptir jafnvel meira máli en almenn þekking á menningarmálum. Mikilvægt er fyrir svæðið að nýta tækifæri sem endurspeгла hefðir og staðbundna þætti.

Í viðtölum kom fram að það mætti vel skoða að úthluta tvisvar á ári með það að markmiði að auka fjölda viðburða og að áhugaverð verkefni brenni ekki inni. Þó kom það skýrt fram að það væri ákveðin hætt á að missa yfirsýn yfir verkefnið og að slíkt myndi flækja stjórnsýslu verkefnisins.

Fram kom sú ábending frá fulltrúum á Suðurnesjum að hlutverk verkefnistjóra við að sinna beinni ráðgjöf til umsækjenda um styrki og koma síðan að yfirferð og mati á umsóknum væri e.t.v. ekki besta vinnulagið og gæti vakið upp spurningar um hæfi. Ekki er þó að sjá að þetta hafi haft áhrif á Suðurnesjum eða í öðrum landshlutum.

Lærdómur og umræður um breytingar á fyrirkomulagi menningarsamninga


Eftirfarandi samantekt er byggð á umræðu hjá hagsmunaaðilum um hvaða lærdóm væri hægt að draga af fyrirkomulagi menningarsamninga og forgangsöröðun tillagna sem vert væri að hafa í huga til framtíðar litið.

- Bent var á að hækkun á framlögum myndi verða til góðs og það væri tiltölulega mikilvægt viðfangsefni til framtíðar litið.
- Þá komu fram efasemdir um hvort að rétt væri að gera breytingar á fyrirkomulaginu og fella það að Sóknaráætlun Suðurnesja. Ef núverandi fyrirkomulag sé gott og uppfylli markmið sé áhætta að fara í breytingar. Almenn er svæðið í raun mjög sátta við núverandi fyrirkomulag.
- Fjallað var um hvort að nálægð Reykjavíkur við Suðurnesin væri veikleiki eða ógnun við eflingu menningarstarfs á Suðurnesjum eða tækifæri.
- Bent var á að breytilegur fjöldi umsókna milli byggðalaga geti verið vandi á þeirra svæði og fáar umsóknir eitt ár og margar annað ár skapi vanda.

Mat á framkvæmd menningarsamnings á Suðurnesjum

Eftirfarandi er mat ráðgjafa á framkvæmd menningarsamnings á Suðurnesjum á yfirstandandi samningstímabili. Heildarárangur svæðisins er metinn 64% en hæsti matsþátturinn er samstarf á sviði menningarmála á svæðinu eða 72%. Mesti veikleikinn er á sviði nýsköpunar og fjölbreytni í menningartengdri ferðaþjónustu. Þrír matsþættir eru á grænu ljósi ef svo má að orði komast en tveir matsþættir á gulu. Heildarmatið er því sem næst á grænu og segja má að svæðið sé á réttri leið í þroska verkefnanna.

Einnig má velta því fyrir sér hvort að sú ákvörðun að hafa menningarfulltrúa sem verkefnisstjóra í litlu starfshlutfalli hafi neikvæð áhrif. Í því felst ekki mat á frammistöðu viðkomandi heldur er spurningin hvort að sá samanburður sem þessi úttekt veitir leiði ekki fram miðlægt hlutverk menningarfulltrúa í að framkvæma stefnu og stuðla að nýsköpun í menningarstarfsemi hvers svæðis fyrir sig.



Viðhorfskönnun meðal styrkþega ársins 2012 til framkvæmdar menningarsamninga

Viðhorfskönnun

Dagana 7. til 28. ágúst 2013 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal þeirra sem hlutu styrki frá menningarráðunum á árinu 2012. Tilgangur þess var að komast að því hvaða afstöðu þeir hefðu til framkvæmdar menningarsamninga á yfirstandandi samningstímabili og í könnuninni var tekið mið af sömu atriðum og í annarri gagnaöflun úttektarinnar. Með könnuninni fékkst mynd af afstöðu styrkþega til framkvæmdarinnar og þá hvort að sú mynd væri sú sama eða önnur en menningarráðanna, fulltrúa sveitarfélaganna eða ráðuneytanna.

Á heildina litið ríkir allnokkur ánægja meðal styrkþega til framkvæmdar menningarsamninganna á yfirstandandi samningstímabili. Sú niðurstaða er í ágætu samræmi við önnur gögn sem aflað var við vinnslu þessarar úttektar þ.e. að í það heila tekið hafi vel tekist til og að á flestum sviðum hafi tilætluðum árangri verið náð. Ekki kemur hins vegar á óvart að þegar svör við opnum spurningum eru skoðuð að flestir telja að auka megi við þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru hverju sinni og er það í samræmi við önnur gögn úttektarinnar þó svo að áherslan á þann þátt hafi verið breytileg á milli svæða.


Yfirlit yfir framkvæmd könnunarinnar

Stærð úrtaks 369
Svara ekki 128
Fjöldi svarenda 241
Svarhlutfall 65,3%

Spurt var hvort styrkþegar væru sammála eða ósammála átta fullyrðingum sem varða menningarsamningana. Tvær spurningar voru um það hvort styrkþegar hefðu sótt um styrk áður eða hvort þeir hefðu fengið styrki frá menningaráði áður. Að lokum var opin spurning og styrkþegum gefinn kostur á að koma á framfæri atriðum sem varða menningarsamningana.

1. Menningarsamningar á mínu svæði hafa orðið til þess að stuðla að fjölbreytni í menningarstarfi.

90,7% svarenda eru annað hvort mjög sammála fullyrðingunni eða frekar sammála. 4,7% svara hvorki né og 4,7% eru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni.



Þegar litið er á flokkun styrkþega eru þeir sem fengið styrk fyrir verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu í 11% tilfella frekar ósammála fullyrðingunni.

2. Menningarsamningar á mínu svæði hafa orðið til þess að stuðla að nýsköpun í menningarstarfi.

Langflestir svarenda eru sammála ofangreindri fullyrðingu en 93,1% eru annað hvort mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Þá svara 4,1% spurningunni með hvorki né en 2,8% eru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni.



■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki né ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

	Fjöldi	Meðaltal (1-5)
Heild	217	4,5
Landssvæði		
Vesturland	35	4,5
Vestfirðir	20	4,7
Suðurnes	18	4,8
Suðurland	43	4,5
Norðurland vestra	31	4,5
Norðurland eystra	37	4,5
Austurland	33	4,3
Tegund		
Verkefnastyrkir	36	4,5
Stofn- og/eða rekstrarstyrkir	17	4,2
Almennt	31	4,5
Flokkun		
Tónlist	47	4,6
Myndlist/ljósmyndalist	20	4,4
Menningartengd ferðaþjónusta	28	4,3
Menningararfur/safnamál	38	4,6
Leiklist/danslist og aðrar sviðslistir	16	4,7
Kvikmyndalist	10	4,9
Blönduð dagskrá/menningardagskrá	18	4,6
Annað	30	4,5
Ekki er marktækur munur á meðaltölum		

3. Menningarsamningar gætu í framtíðinni orðið tæki til þess að byggja undir samstarf á sviði menningarmála milli landssvæða.

Mikill meirihluti eða 91,1% eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni og 1,7% eru henni frekar eða mjög ósammála sem er afgerandi niðurstaða. Þá eru 7,0% svarenda hlutlausir gagnvart spurningunni og svara því hvorki né.




■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki né ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

	Fjöldi	Meðaltal (1-5)
Heild	214	4,5
Landssvæði		
Vesturland	36	4,5
Vestfirðir	20	4,6
Suðurnes	18	4,5
Suðurland	42	4,5
Norðurland vestra	31	4,3
Norðurland eystra	35	4,5
Austurland	32	4,4
Tegund		
Verkefnastyrkir	36	4,4
Stofn- og/eða rekstrarstyrkir	16	4,4
Almennt	31	4,3
Flokkun		
Tónlist	47	4,6
Myndlist/ljósmyndalist	18	4,6
Menningartengd ferðaþjónusta	28	4,5
Menningararfur/safnamál	38	4,4
Leiklist/danslist og aðrar sviðslistir	17	4,5
Kvikmyndalist	10	4,8
Blönduð dagskrá/menningardagskrá	18	4,5
Annað	29	4,2
Ekki er marktækur munur á meðaltölum		

4. Úthlutunarreglur menningarráðs á mínu svæði eru skýrar.


Í spurningu fjögur var leitað eftir viðhorfum styrkþega gagnvart úthlutunarreglum menningarráðanna. Á heildina litið telja styrkþegar að þær séu skýrar en það er þó einhver breytileiki á milli landssvæða en meðaleinkunnin er frá 3,6 til 4,4 en er ekki tölfraðilega marktækur. Í því felst að munurinn verður ekki alhæfur yfir á þýðið.



Þannig eru 73,5% styrkþega mjög eða frekar sammála fullyrðingunni, 16,6% svara hvorki né og 10% eru annað hvort frekar eða mjög ósammála. Á Vesturlandi og Vestfirðum eru flestir þeirra sem eru ósammála fullyrðingunni. Einnig er breytileiki í svörum þegar litið er á tegund styrkja og 12% styrkþega um stofn- og rekstrarstyrki eru mjög ósammála og 6% frekar ósammála fullyrðingunni. Munurinn er tölfraðilega marktækur sem þýðir að muninn má alhæfa yfir á þýðið.


5. Í umsóknarferlinu var hægt að sækja sér almenna ráðgjöf um hagnýt atriði tengd umsókninni.

Fullyrðingin varðar þá almennu ráðgjöf um hagnýt atriði tengd umsóknum sem umsækjendur gátu sótt sér á sínu svæði þegar opið var fyrir umsóknir um styrki. Á heildina litið eru styrkþegar í 82,6% tilfella frekar eða mjög sammála fullyrðingunni en nokkur breytileiki er þó merkjanlegur á milli svæða og er hann tölfraðilega marktækur. Þannig vekur athygli að 50% styrkþega á Vestfirðum eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni en hinn helmingurinn er hlutlaus gagnvart spurningunni og svarar því hvorki né. Þá eru 19% frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni á meðal styrkþega á Vesturlandi og 10% styrkþega á Austurlandi eru ósammála fullyrðingunni.




6. Að mínu mati er umsóknarferlið skilvirkt og nægjanlega krefjandi til að tryggja gæði umsókna.

Mikill meirihluti eða 79,5% svarenda er mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Marktækur munur er á meðaltölum í tegund og flokkun styrkja og eins og í svörum við fyrstu fullyrðingunni í þessari viðhorfskönnun eru það einkum styrkþegar á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu sem eru mjög ósammála fullyrðingunni eða 11%. Hér vekur athygli að það er munur á milli svæða en þess ber að geta að hann er ekki tölfræðilega marktækur og því er ekki unnt að fullyrða að sama mun sé að finna í heildarþýðinu. Því er öruggara að líta til heildarinnar en ekki niðurbrot á svæði þegar svör eru metin hér.



7. Menningarsamningurinn hefur orðið til þess að efla samstarf aðila á mínu svæði.


Styrkþegar eru í 79,7% tilfella frekar eða mjög sammála fullyrðingunni um að menningarsamningurinn hafi orðið til að efla samstarf aðila á sínu svæði. Hæsta meðaltalið er á Norðurlandi eystra eða 4,6 af 5 mögulegum og lægst er meðaltalið á Austurlandi eða 3,8 á meðan meðaltalið fyrir heildina er 4,2. Á Austurlandi eru 12% svarenda frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni og 16% hvorki né. Þá eru 9% svarenda frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni á Vesturlandi og 16% svara hvorki né. Marktækur munur er á meðaltali landssvæða. Þá er sem fyrr í þessari könnun meiri neikvæðni í svörum á meðal þeirra sem fengu stofn- og rekstrarstyrki.



Þannig eru 13% styrkþega á sviði stofn- og rekstrarstyrkja mjög ósammála fullyrðingunni og 19% hvorki né. Við túlkun og mat hér þarf hins vegar að hafa í huga að stutt er síðan stofn- og rekstrarstyrkir urðu hluti af menningarsamningnum og lítil reynsla komin á framkvæmd þessa hluta.

8. Heilt yfir styðja menningarmál á mínu svæði við ferðapjónustu á svæðinu.


Hér eru 83,3% svarenda mjög eða frekar sammála fullyrðingunni, 12,4% svara hvorki né og 3,8% styrkþega eru frekar eða mjög ósammála henni. Meðaleinkunnin er 4,3 og hæsta einkunnin er á Vestfjörðum eða 4,7 en lægsta einkunnin er 4,1 á Suðurlandi þegar landssvæði eru skoðuð.



Tvær spurningar vörðuðu sérstaklega hvort styrkþegar hefðu áður sótt um styrki frá menningarráðum síns svæðis og þá hvort þeir hefðu fengið slíkan styrk. Í ljós kemur að langflestir styrkþegar ársins 2012 höfðu bæði áður sótt um styrk og einnig fengið úthlutað í verkefni.


9. Hefur þú sótt um styrk í gegnum menningarsamninginn áður?

Hér kemur í ljós að 87% styrkþega hafa sótt um styrk áður og fer það hlutfall aldrei niður fyrir 80% þegar landssvæði eru skoðuð.




10. Hefur þú fengið styrk í gegnum menningarsamninginn áður?

Þá kemur í ljós að 94% hafa áður hlotið styrk í gegnum menningarsamninginn og fer það hlutfall lægst niður í 83% þegar landssvæði eru skoðuð.



Að lokum fengu styrkþegar tækifæri á að koma með ábendingar. Spurningin var opin þar sem engir svarmöguleikar voru gefnir fyrirfram. Svarendur höfðu því frjálsar hendur um eðli og fjölda svara. Neðangreint er samantekið yfirlit yfir helstu atriðin sem komu fram í opnum svörum.

Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem lýstu viðkomandi afstöðu en ekki fjölda svara. Fjöldi þeirra sem svaraði var 141, afstöðu tóku 130 og 11 tóku ekki afstöðu þ.e. sögðu nei við spurningunni.



Ritaðar heimildir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011a. „Menningarsamningur – Eyþing.“

Aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5957>. Sótt af vefnum þann 15. júní 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

_____. 2011b. „Menningarsamningur – Austurland.“ Aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5956>. Sótt af vefnum þann 15. júní 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

_____. 2011c. „Menningarsamningur – Norðurland vestra.“ Aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5958>. Sótt af vefnum þann 15. júní 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

_____. 2011d. „Menningarsamningur – Suðurland.“ Aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5959>. Sótt af vefnum þann 15. júní 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

_____. 2011e. „Menningarsamningur – Suðurnes.“ Aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5960>. Sótt af vefnum þann 15. júní 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

_____. 2011f. „Menningarsamningur – Vestfirðir.“ Aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5961>. Sótt af vefnum þann 15. júní 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

_____. 2011g. „Menningarsamningur – Vesturland.“ Aðgengilegt á slóðinni:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5955>. Sótt af vefnum þann 15. júní 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

Þóroddur Bjarnason o.fl. 2012. „Starfsemi ríkisins í Norðausturkjördæmi. Háskólinn á Akureyri. Sótt af vefnum þann 15. september 2013. Aðgengilegt á slóðinni:

http://www.austur.is/images/stories/austurbru/skiol/2012/120831_starfs_rikis_nakjo_rd.pdf

Viðtöl

Tekin voru viðtöl við 29 einstaklinga á svæðunum sjö auk þess sem rætt var við tvo fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis og einn fulltrúa atvinnuvega- og

nýsköpunarráðuneytis. Þátttakendur á vinnustofum á svæðunum sjö voru í heildina 99 talsins.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

- Karitas Gunnarsdóttir
- Leifur Eysteinnsson

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

- Helga Haraldsdóttir

Vesturland

- Hrefna B. Jónsdóttir
- Gyða Steinsdóttir
- Sveinn Pálsson
- Bergur Þorgeirsson
- Halla Steinólfssdóttir

Vestfirðir

- Jón Jónsson
- Arnar Jónsson
- Aðalsteinn Óskarsson
- Albertína Fr. Elíasdóttir
- Ásgerður Þorleifsdóttir

Norðurland vestra

- Sigfús Ingi Sigfússon
- Björg Baldursdóttir
- Adolf H. Berndsson

Norðurland eystra

- Þórgnýr Dýrfjörð
- Hanna Rósa Sveinsdóttir
- Arnór Benónýsson

- Dagbjört Bjarnadóttir

Austurland

- Valdimar O. Hermannsson
- Björn Ingimarsson
- Tinna Guðmundsdóttir
- Signý Ormarsdóttir

Suðurland

- Þorvarður Hjaltason
- Íris Róbertsdóttir
- Barbara Guðnadóttir
- Hjalti Þór Vignisson
- Jóna S. Sigurbjartsdóttir

Suðurnes

- Róbert Ragnarsson
- Valgerður Guðmundsdóttir
- Bryndís Gunnlaugsdóttir Hólm

Vinnufundir

Samtals sjö vinnufundir voru haldnar sjö vinnustofur á tímabilinu 24. maí -1. júlí 2013.

Vesturland

- Hrefna B. Jónsdóttir
- Gyða Steinsdóttir
- Sveinn Pálsson
- Bergur Þorgeirsson
- Flosi Einarsson
- Anna Leif Elíðóttir
- Guðríður Sigurjónsdóttir

- Ísólfur Haraldsson
- Hörður Helgason
- Halla Steinólfsdóttir
- Davíð Pétursson
- Jónína Arnarsdóttir
- Helena Guttormsdóttir
- Rósa Björk Halldórsdóttir
- Ragnar Frank Kristjánsson
- Sigurborg K. Hannesdóttir
- Margrét Björk Björnsdóttir
- Kristjana Hermannsdóttir

Vestfirðir

- Aðalsteinn Óskarsson
- Albertína Fr. Elíasdóttir
- Sveinn Ragnarsson
- Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir
- Shiran Þórisson
- Gunnar Hallsson, Bolungarvík
- Gerður Eðvarsdóttir
- Sigrún Bragadóttir
- Dagbjört Hjaltadóttir
- Jón Jónsson
- Sigurður Pétursson
- Sigríður Kristjánsdóttir
- Ásgerður Þorleifsdóttir

Norðurland vestra

- Björg Baldursdóttir
- Adolf H. Berndsson

-
- Guðný H. Kjartansdóttir
 - Ragnar Smári Helgason
 - Ingibergur Guðmundsson
 - Sigfús Ingi Sigfússon
 - Unnar Ingvarsson
 - Þóra Sverrisdóttir
 - Jóhanna Pálmadóttir
 - Sigríður Sigurðardóttir
 - Ágúst Bragason
 - Elín R. Línal
 - Jón Óskar Pétursson

Norðurland eystra

- Arnór Benónýsson
- Andrea Hjálmsdóttir
- Alfa Aradóttir
- Bjarni Valdimarsson
- Hanna Rósa Sveinsdóttir
- Hildur Stefánsdóttir
- Skúli Gautason
- Sif Jóhannesdóttir
- Dagbjört Bjarnadóttir
- Reinhard Reynisson
- Pétur Þór Jónasson
- Þórgnýr Dýrfjörð
- Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

Austurland

- Valdimar O. Hermannsson
- Arnbjörg Sveinsdóttir

- Skúli Björn Gunnarsson
- Björn Ingimarsson
- Davíð Baldursson
- Kristján Ingimarsson
- Aðalheiður Borgþórsdóttir
- Sigríður Dóra Sverrisdóttir
- Berþóra Arnarsdóttir
- Tinna Guðmundsdóttir
- Halldór Warén
- Pétur Sörensson
- Þórunn Eymundardóttir
- Þröstur Fannar Árnason
- Stefán Bogi Sveinsson

Suðurland

- Íris Róbertsdóttir
- Ísólfur Gylfi Pálmason
- Kjartan Björnsson
- Eyþór H. Ólafsson
- Kristján Sigurður Guðnason
- Hjalti Þór Vignisson
- Margrét Sigurðardóttir
- Jóhanna Margrét Hjartardóttir
- Barbara H. Guðnadóttir
- Jóna S. Sigurbjartsdóttir
- Ásborg Arnþórsdóttir
- Ólafía Jakobsdóttir
- Eiríkur Vilhjálmsson
- Kristín Jóhannsdóttir
- Árný Lára

-
- Bragi Bjarnason
 - Inga Jónsdóttir
 - Þorvarður Hjaltason
 - Gunnar Þórðarson
 - Dorothee Lubecki

Suðurnes

- Valgerður Guðmundsdóttir
- Stefán Arinbjarnason
- Guðjón Kristjánsson
- Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir
- Kristinn Reimarsson
- Björk Þorsteinsdóttir
- Björk Guðjónsdóttir

Viðauki I - Sjálfsmatsrammi

Eftirfarandi er sjálfsmatsrammi sem Menningarráð fengu vegna úttektar á framkvæmd menningarsamninga. Sjálfsmatinu var skipt í sex hluta.

1 Framkvæmd stefnu Menningarráðs

Svarið neðangreindum spurningum

(rökstyðjið, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 1.1 Hefur Menningarráðið mótað stefnu á grundvelli markmiða í samningi og hvenær tók hún gildi?
- 1.2 Hefur stefnan verið uppfærð innan stefnumótunartímabilsins?
- 1.3 Lýstu því hvernig stefnan var unnin og hverjir komu að mótun hennar?
- 1.4 Hvernig hefur stefnan reynst í framkvæmd?
- 1.5 Er samstaða um starfsemi og stefnu menningaráðs innan svæðis?
(Legðu mat á það hvað hefur gengið vel, hvað hafi mögulega gengið síður og hvort merkjanleg séu úrbótatækifæri eða lærdómur)

Fjallið um neðangreindar fullyrðingar (ertu sammála/ósammála, rökstyðjið, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 1.6 Skipulag á starfsemi Menningarráðs stuðlar að virkri framkvæmd stefnu þess á sviði menningarmála.
- 1.7 Stefnan tekur tillit til hagsmunaaðila og byggir á sameiginlegri sýn og markvissu samstarfi.
- 1.8 Stefnan útfærir markmið samningsins og gerir þau sýnileg.

2 Samstarf á sviði menningarmála á svæðinu

Svarið neðangreindum spurningum

(rökstyðjið, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 2.1 Hvert er mat Menningarráðs á samstöðu innan svæðisins til starfsemi og stefnu Menningarráðs?
- 2.2 Hvert er mat ykkar á því hvernig aukið samstarf á milli aðila (stofnana/fyrirtækja/einstaklinga) birtist í framkvæmd?

- 2.3 Fjallið um hvort og þá hvernig ný og varanleg menningarstarfsemi hefur orðið til sem afurð samstarfs aðila á svæðinu.

- 2.4 Hvernig hefur Menningarráðið, sem vettvangur samstarfs sveitarfélaga, reynst við að byggja undir og taka sameiginlegar ákvarðanir? (Hvað hefur gengið vel, hvað hefur gengið síður og hvaða lærdóm má draga af reynslu sl. ára?)

Fjallið um neðangreindar fullyrðingar

(ertu sammála/ósammála, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 2.5 Menningarráði hefur tekist að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á svæðinu.
- 2.6 Menningarráðið hefur skýra sýn á hverjir eru hagsmunaaðilar á svæðinu og leggur þar sem það er unnt mat á væntingar þeirra.
- 2.7 Úthlutanir fjárframlaga eru eins gegnsæjar og frekast er unnt og byggja á þörfum og væntingum hagsmunaaðila.

3 Nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.

Svarið neðangreindum spurningum (rökstyðjið, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 3.1 Lýsið því hvernig þið teljið að markmiðum samningsins hafi verið náð á hverju ári fyrir sig (2011, 2012, það sem af er 2013)?
- 3.2 Hvernig hefur samstarfi menningarfulltrúa á milli svæða verið háttað?
- 3.3 Eru umbætur eða breytingar á núverandi fyrirkomulagi fyrirsjáanlegar að ykkar mati? (ef já, þá hverjar og hvernig sjáið þið fyrir ykkur að þeim verði komið í framkvæmd?)

Fjallið um neðangreindar fullyrðingar

(ertu sammála/ósammála, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 3.4 Menningarráðið hefur stuðlað að fjölbreyttari menningarstarfsemi á svæðinu.
- 3.5 Menningarráðið hefur stuðlað að nýsköpun á sviði menningar og menningartengdrar ferðaþjónustu.

4 Fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista

Svarið neðangreindum spurningum

(rökstyðjið, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 4.1 Með hvaða hætti hefur verið stuðlað að fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista?
- 4.2 Hvernig er forgangsroðun Menningarráðs á sviði fjármögnunar nýtt til fjölgunar atvinnutækifæra? (ef slík forgangsroðun er misjöfn á milli ára þarf að fjalla um það sérstaklega)

Fjallið um neðangreindar fullyrðingar

(ertu sammála/ósammála, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 4.3 Menningarráðinu hefur, svo eftir því sé tekið, náð að fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.

5 Menningarstarfsemi styður við ferðaþjónustu

Svarið neðangreindum spurningum

(rökstyðjið, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 5.1 Lýsið hvort og þá hvernig starfsemi Menningarráðs hefur orðið til þess að efla ferðaþjónustu á svæðinu?
- 5.2 Hvert er fyrirkomulag samstarfs Menningarráðsins við ferðaþjónustuaðila, samtök þeirra og stoðstofnanir á sviði ferðaþjónustu á svæðinu?
- 5.3 Hvernig birtist menningartengd ferðaþjónusta sem áhersluatriði í styrkveitingum Menningarráðs?

Fjallið um neðangreindar fullyrðingar

(ertu sammála/ósammála, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 5.4 Ferðaþjónustuaðilar og Menningarráðið eiga gott samstarf og þróa saman hugmyndir og leiðir á sviði menningar-tengdrar ferðaþjónustu.

6 Ráðstöfunarfé til menningarmála

Svarið neðangreindum spurningum

(rökstyðjið, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 6.1 Fjallið um framkvæmd og úthlutanir fjárframlaga og úthlutunarreglur. (hefur forgangsroðun breyst á milli ára, af hverju og hvernig er það kynnt hagsmunaaðilum)

- 6.2 Hvaða úrbætur eða breytingar telur þú að gera þurfi á fyrirkomulagi fjármögnunar, eftirlits og stuðnings við svæðin?

- 6.3 Hafa ráðuneyti átt í virkum samskiptum við svæðið um framkvæmd samningsins?

Fjallið um neðangreindar fullyrðingar

(ertu sammála/ósammála, gefið dæmi og vísið í heimildir þar sem við á):

- 6.4 Ráðstöfunarfé Menningarráðsins hefur aukist með framlögum frá einkaaðilum eða aðilum utan samnings.
- 6.5 Framlög til menningarmála á hverju svæði hafa aukist frá árinu 2011.

Annað

Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri við úttektaaðila:

Um Capacent

Capacent er leiðandi þekkingarfyrirtæki á sviði ráðgjafar, rannsókna og ráðninga. Capacent býður lausnir sem ná til allra þátta í rekstri, allt frá stefnumótun, fjármálum og upplýsingatækni til árangursstjórnunar og þjálfunar. Við erum í samstarfi við leiðandi alþjóðleg rannsóknar- og ráðgjafafyrirtæki og sækjum þar sérhæfðar lausnir og þekkingu. Meðal samstarfsaðila okkar eru Gallup, AC Nielsen, SPSS og Cognos. Hjá Capacent starfa hundrað manns.

Hlutverk okkar er að nýta þekkingu til að bæta árangur viðskiptavina á öllum sviðum og skapa þeim með því áþreifanleg verðmæti. Sérstaða Capacent er fólgin í einstakri nálgun við áskoranir viðskiptavina með samspili rannsókna, ráðgjafar, ráðninga og þjálfunar. Þekkingargrunnur Capacent mótast af fjölbreyttum rannsóknum, yfirgripsmikilli þekkingu og traustu samstarfi við fjölmörg alþjóðleg fyrirtæki.

